Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Fundargerðir bæjarráðs 1946

Aðfnr. 7205 C

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

SKJALASAFN
REYKJAVÍKURBÆJAR

Fundargerðir bæjarráðs

1 9 4 6

.077.5:025.26 - .075.11

Aðfnr. 7205 0 C

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

SKJALA- OG MINJASAFN
72 05
REYKJAVÍKURBÆJAR
c
© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# B Æ J A R R Á Ð

# F U N D A R G J Ö R Ð I R

# 1 9 4 6

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

B Æ J A R R Á Ð.

Ár 1946, fimmtudaginn 3. janúar, kl. 10 f.h., hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

Rætt var um áætlun um tekjur og gjöld bæjarsjóðs á árinu 1946.

Ákveðið að ræða áætlunarfrumvarpið áfram á næsta fundi bæjarráðsins.

Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson.

Guðm. Ásbjörnsson. Guðrún Jónasson.

Gunnar Thoroddsen. Sigfús Sigurhjartarson.

Jón Axel Pétursson.

stúkunnar þar, ásamt lóðarréttindum.

12. Lögð fram matsgerð húsaleigunefndar á leigu eftir húseign Þingstúku Reykjavíkur "Jaðar".

13. Boðinn forkaupsréttur að leigulandinu Árbæjarbletti LXVIII, fyrir kr. 11.000.-. Hafnað.

14. Borgarstjóra heimilað að framlengja leigusamninga um lóðirnar Hjallaveg 28 og Kambsveg 33, til 75 ára.

15. Erindi frá Þórarni Ólafssyni, Hjallavegi 17, varðandi launakjör hjá Rafmagnsveitunni, vísað til rafmagnsstjóra til afgreiðslu.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

## B Æ J A R R Á Ð.

Ár 1946, föstudaginn 4. janúar, kl. 2 e.h., hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Lagt fram bréf frá húsbyggingarnefnd Sjómannaskólans, dags. 2. þ.m., þar sem þess er beiðst, að bæjarstjórn úthluti nú lóð til skólans, svo sem fyrirheit hefir verið gefið um. Vísað til skipulagsmanna bæjarins til umsagnar.

2. Lögð fram yfirmatsgerð á lóðarspildu úr Austurstræti 6.

3. Lagt fram bréf frá Laugardalsnefnd, dags. 4. þ.m., varðandi staðsetningu svonefnds "Tivoli"-svæðis.

4. Lagt fram bréf sjávarútvegsnefndar 3. þ.m., með útdrætti úr fundargerð nefndarinnar 2. þ.m. Bæjarráð samþykkir fyrir sitt leyti tillögur nefndarinnar í 2. og 3. lið fundargerðarinnar.

5. Lagt fram bréf frá verkamannafél. Dagsbrún, dags. 20. f.m., varðandi bætur fyrir muni, er nokkrir verkamenn mistu í bruna vinnuskúrs hinn 7. desbr. síðastl. Falið borgarstjóra til afgreiðslu.

6. Lagt fram bréf frá Sigurgeiri Sigurjónssyni, hrl., dags. 28. f.m., með kröfu um bætur til Guðm. G. Halldórssonar, vegna slyss er hann varð fyrir í Sundhöllinni. Samþykkt að fá umsögn forstjóra Sundhallarinnar um málið.

7. Lagður fram endurskoðaður reikningur Vetrarhjálparinnar veturinn 1944-1945.

8. Lögð fram umsókn Þingstúku Reykjavíkur um 10 þús. kr. styrk á árinu 1946, til starfrækslu upplýsinga- og hjálparstöðvar, ásamt skýrslu um starfsemi stöðvarinnar árið 1945.

9. Samþ. að skipa Jón Þórðarson, bókara í bæjarskrifstofunum, fastan starfsmann frá 1. jan. þ.á. að telja.

10. Samþ. að greiða Halldóru Guðmundsdóttur, Heiðu Tryggvadóttur og Þóru Steingrímsdóttur, riturum í bæjarskrifstofunum, laun skv. XIII. launaflokki - og Sigrúnu Jónsdóttur, skrifstofu bæjarverkfræðings, laun skv. XII. launaflokki.

11. Samþ. að heimila borgarstjóra að framlengja leigumála um land Þingstúkunnar "Jaðar" um 8 ára tíma, til 1. júlí 1966 Ennfremur að veita heimild til að veðsetja eignir Þingstúkunnar þar, ásamt lóðarréttindum.

12. Lögð fram matsgerð húsaleigunefndar á leigu eftir húseign Þingstúku Reykjavíkur "Jaðar".

13. Boðinn forkaupsréttur að leigulandinu Árbæjarbletti LXVIII, fyrir kr. 11.000.-. Hafnað.

14. Borgarstjóra heimilað að framlengja leigusamninga um lóðirnar Hjallaveg 28 og Kambsveg 33, til 75 ára.

15. Erindi frá Þórarni Ólafssyni, Hjallavegi 17, varðandi launakjör hjá Rafmagnsveitunni, vísað til rafmagnsstjóra til afgreiðslu.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

16. Lagt fram tilboð, dags. 4. þ.m., frá eigendum tundurspillisins "Skeena" um sölu á vélasamstæðum úr skipinu. Vísað til rafmagnsstjóra til umsagnar.

17. Samþ. að heimila borgarstjóra að selja Oddshöfða, og láta á leigu lóð með húsinu, þó ekki til lengri tíma en 25 ára.

18. Lagt fram bréf frá Múrarafélagi Reykjavíkur, dags. 27. desbr. síðastl., varðandi byggingarframkvæmdir í bænum.

19. Samþ. að fela Ágústi Jósefssyni, heilbrigðisfulltrúa, að gera tillögur um, hvernig best verði framkvæmd rannsókn á húsnæðisástandinu í bænum.

20. Lagður fram úrskurður fógetaréttar í útsvarsmáli Alþýðublaðsins. Samþ. að láta áfrýja úrskurðinum.

21. Sigfús Sigurhjartarson biður tekið fram, að hann óski þess, að á næsta bæjarstjórnarfundi verði tekin til 2. umr. tillaga bæjarfulltrúa Sosíalistaflokksins, varðandi undirbúning að byggingu 500 íbúða, en tillagan var flutt á bæjarstjórnarfundi 20. septbr. síðastl.

22. Haldið áfram umræðum um frv. að fjárhagsáætlun bæjarins fyrir árið 1946, svo og bæjarfyrirtækja.

Borgarstjóra falið að leggja frv. fyrir bæjarstjórnina, en bæjarráðsmenn taka fram, að þeir hafi obundnar hendur um að flytja breytingartillögur, eða fylgja brtt., sem fluttar kunna að verða.

Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson.

Guðm. Ásbjörnsson. Guðrún Jónasson.

Gunnar Thoroddsen. Sigfús Sigurhjartarson.

Jón Axel Pétursson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

## B Æ J A R R Á Ð.

Ár 1946, mánudaginn 14. janúar, kl. 2 e.h., hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Samþ. að skipta kjósendum við bæjarstjórnarkosningarnar 27. þ.m. í 34 kjördeildir, auk kjördeildar í Elliheimilinu.

2. Samþ. að taka á kjörskrá við bæjarstjórnarkosningarnar 27. þ.m.:

| | |
|---|---|
| Eggert Halldór Þorbjörnsson | Berg. 30 |
| Magnús Þórðarson | Ing. 7 A |
| Þórður H. Erlendsson | Mánag. 8 |
| Helgi Guðl. Guðlaugsson | Mikl. 16 |
| Egill H. Hjálmarsson | Við. 46 |
| Guðmundur Sigurðsson | Ártúnum |
| Hjálmtýr Guðvarðsson | Lvg. 46 A |
| Hólmfríður Gísladóttir | Hring. 150 |
| Þorbjörg Guðmundsdóttir | Skólavh. Br. 122 |
| Helgi J. Halldórsson | Hrísateig 16 |
| Walderhaug, Andreas | Hverf. 76 B |
| - Jakobína | - " - |
| Sigurður Axel Skarphéðinsson | Grénimel 6 |
| Guðrún G. Stephensen | Nýja Stúdentag. |
| Kjartan Sigurðsson | Barónsstíg 61 |
| Oddgeir Ólafsson | Drafn. 2 |
| Rósa Þorsteinsdóttir | Mjóuhl. 10 |
| Lárus Jakobsson | Rauð. 34 |
| Michelsen, Hulda | Lauf. 65 |
| Blöndal, Kristín | Kjartansg. 8 |
| Hannes Kr. Davíðsson | Freyjug. 25 A |
| Svanhildur Halldórsdóttir | - " - |
| Ólafur Eiríksson | Garðastr. 8 |
| Þorleifur Kristófersson | Lauf. 53 |
| Briem, Tryggvi | Tjarn. 20 |
| Hermann Einarsson | Brekk. 3 |
| Leifur Jóhannesson | Laugav. 54 B |
| Svavar Guðnason | Grett. 46 |
| Ásta Eiríksd. Guðnason | - " - |
| Sólveig Guðrún Halldórsdóttir | Kleppi |
| Pálína Salóme Þorsteinsdóttir | Njarð. 29 |
| Zophonías Pálsson | Sóleyjarg. 7 |
| Magnús Sigurðsson | Fjólugötu 23 |
| Þórhallur Ásgeirsson | Hávallag. 32 |
| Ólafur Gunnarsson | Stórholti 33 |
| Elinborg Sigurðsson | Ljósv. 10 |
| Wathne, Stefán | Vest. 17 |
| - Soffía | - " - |
| Bjarni Björnsson | Hringbr. 85 |
| Kristjana Brynjólfsdóttir | - " - |
| Þórunn Guðmundsdóttir | Öld. 16 |
| Finnur Kristinsson | Skólav. 29 |
| Björn Jóhannesson | Þingh. 31 |
| Jón Björnsson | Herskóla-camp |
| Vilhjálmur Guðmundsson | Suð. 22 |
| Birna Halldórsdóttir | - " - |
| Stefán Pálsson | Flók. 43 |
| Guðný Kristín Níelsdóttir | - " - |
| Zoëga, Jóhannes | Stórh. 41 |
| Arngunnur Ársælsdóttir | Hring. 68 |
| Esther Björnsson | Sólv. 1 |
| Müller, Leifur | Stýrim. 15 |
| Friðrik Einarsson | Nýl. 27 |
| Lárus Þorsteinsson | Njarðarg. 29 |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| | |
|---|---|
| Ingimundur Steinsson | Tjarn. 47 |
| Zoëga, Kristín Ágústa | Njálsg. 73 |
| Ásgeir Ingimundarson | Þverh. 7 |
| Thoroddsen, Skúli | Leifsg. 15 |
| Sæmundur Friðriksson | Bergst. 28 A |
| Sturla Hólm Sæmundsson | Fram. 18 |
| Jónatan Jónsson | Túng. 43 |
| Helga Soffía Einarsdóttir | Mánag. 5 |
| Hákon Pétursson | Kirkjustr. 2 |
| Ingibjörg Andrésdóttir | Grett. 86 |
| Anna Guðmundsdóttir | Langh. 22 |
| Sigurjón Sigurðsson | - " - |
| Jensen, Frederik P. | - " - 41 |

2a. Fallist á kærur um að þessi nöfn verði strikuð af kjörskránni:

| | | |
|---|---|---|
| Nr.2137 | Baldur Gíslason | Ljósv. 8 |
| 10545 | Haukur Guðjónsson | Hafn. 20 |
| 11312 | Hjálmtýr Jónsson | Ljósv. 10 |
| 12491 | Ingimar Þ. Halldórsson | Steinsmýri |
| 16614 | Kristján F. Guðmundsson | Skólavt. 119 |
| 25638 | Sverrir G. Meyvantsson | - " - 62 |
| 1624 | Ásgeir Vigfússon | Sölf. 10 |

Ennfremur:

24340 Snæfeld, Ragnhildur J. Eir. 35, sem er tvítalin á skránni, er nr. 15124.

3. Samþ. að auglýsa nokkrar iðnaðarlóðir til leigu, á svæðinu sunnan Suðurlandsbrautar.

4. Erindi frá verkstjórum við bæjarvinnuna um að haldið verði námskeið í meðferð vinnuvéla vísað til bæjarverkfræðings til afgreiðslu.

5. Beiðni frá Filippusi Ámundasyni um skolplögn vísað til bæjarverkfræðings til afgreiðslu.

6. Lagt fram erindi frá Haraldi Andréssyni, Tjarn. 41, varðandi fyrirhugaða byggingu á lóðinni Bræðraborgarstíg 41. Vísað til borgarstjóra til meðferðar.

7. Synjað beiðni um lóðarréttindi með Dalshúsum við Breiðholtsveg.

8. Synjað beiðni Jóhanns S. Hjálmarssonar, Rauð. 24, um viðbótarlóð við Smálandabraut.

9. Boðinn forkaupsréttur að erfðafestulandinu Þvottalaugabl. XXI. Bæjarráð neitar að samþykkja söluna, þar sem margar óleyfðar byggingar eru á landinu.

10. Boðinn forkaupsréttur að leigulandinu Árbæjarbl. 4 fyrir kr. 25.000.-. Hafnað.

11. Samþ. að heimila Sigurbirni Björnssyni að reisa íbúðarhús á erfðafestulandinu Bústaðabletti XXIII, enda verði stærð og gerð hússins háð sérstöku samþ. bæjarráðs.

12. Samþ. að gefa Bjarna Bjarnasyni og fleiri læknum kost á lóð undir sjúkrahús og lækningastofur á horni Flókagötu og Reykjahlíðar, eftir nánari útvísun síðar, enda verði

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hafist handa um byggingu fyrir 1. júlí 1946. Jón A. Pétursson vildi láta setja það skilyrði um byggingarfrest, að hefja skuli byggingarframkvæmdir innan frests, sem bæjarráð setur síðar.

13. Lögð fram bréf. dags. 10. þ.m., frá Sigurgeiri Sigurjónssyni hrl. og Alfreð Andréssyni o.fl., varðandi lóðir undir skemmtistaði.

14. Borgarstjóra heimilað að kaupa eignina Nýlendug. 17 A fyrir kr. 23.000.-.

15. Samþ. að gera samning um lóðina Miklubraut 46 við Kristinn Stefánsson og Þórð Þórðarson, lækna, en lóðina Miklubraut 48 við Kristbjörn Tryggvason, lækni.

16. Eftir beiðni Guðjóns B. Baldvinssonar, Ásv. 39, var samþ. að gera leigusamning um lóðina Mávahlíð 18 við hann og Magnús Baldvinsson, Lind. 63 B.

17. Lagt fram bréf frá h.f. Verslun O. Ellingsen, varðandi kaup á svonefndu "Plani" við Pósthússtr. Bæjarráð telur ekki rétt að selja lóðina, en vísar erindinu að öðru leyti til hafnarstjórnar.

18. Lagt fram bréf frá Magnúsi Þórarinssyni, Bakk. 1, dags. 7. þ.m., varðandi bætur fyrir atvinnumissi.

19. Lagt fram bréf frá h.f. Loftleiðum, dags. 7. þ.m., varðandi lóð undir afgreiðsluskýli. Vísað til bæjarverkfræðings til athugunar.

20. Lagt fram bréf frá Skógræktarfélagi Íslands, dags. 12. desbr. f.á., varðandi girðingu um Heiðmörk.

21. Lagt fram bréf frá lögreglustjóra, dags. 4. þ.m., með tillögu um að einstefnuakstur verði tekinn upp um Hátún frá vestri til austurs og um Miðtún frá austri til vesturs. Bæjarverkfræðingi falið að láta gera bifreiðastæði fyrir þenna bæjarhluta.

22. Lagt fram bréf frá Freymóði Jóhannssyni, dags. 3. þ.m., þar sem hann býðst til að gerast pespektiv-teiknari fyrir bæjarstjórnina. Vísað til bæjarverkfræðings til umsagnar.

23. Lagt til að Þorgeir Sveinbjarnarson verði skipaður forstjóri Sundhallarinnar.

24. Lögð fram umsögn sundhallarforstjóra um skaðabótakröfu Guðmundar G. Halldórssonar, vegna meiðsla í Sundhöllinni 8. desbr. f.á. Málið falið borgarstjóra til afgreiðslu.

25. Lögð fram skýrsla frá Jóhanni Gíslasyni, dags. 4. þ.m., um sjóvinnunámsskeið hér í bænum í desbr.

26. Lögð fram bréf frá borgarstjóranum í Hull, dags. 19. nóvbr. og 28. desbr. f.á., þar sem þökkuð er gjöf nokkurra ísl. bæjarfélaga og útgerðarmanna til líknarstarfsemi eða endurbyggingu í þágu Hull-borgar. Bæjarráð samþ. fyrir sitt leyti fyrirætlanir borgarstjórans um ráðstöfun fjárins.

27. Lagt fram bréf slökkviliðsstjóra, dags. 9. þ.m., varðandi dánarbætur og eftirlaun til aðstandenda slökkviliðsmanna, sem dóu af slysförum 20. desbr. f.á.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

38. Starfsmannafélag Landssmiðjunnar sækir um styrk til skíðaskála í Hveradölum.

39. Svofelld tillaga gerð til bæjarstjórnar:

Bæjarstjórn samþykkir að innheimta fyrirfram upp í útsvar yfirstandandi árs hjá hverjum gjaldanda 40% af þeirri útsvarsfjárhæð, sem honum bar að greiða næstliðið ár, með fjórum jöfnum greiðslum, er falla í gjalddaga 1. mars, 1. apríl, 1. maí og 1. júní þ.á., sem næst 10% af útsvarinu 1945 hverju sinni, þannig að allar greiðslur standi á heilum eða hálfum tug króna.

40. Erindi frá íbúum við Laugaveg og Hverfisgötu innanverðar, um hitaveitulögn að húsum þeirra, vísað til hitaveitustjóra til umsagnar.

41. Lagðar fram skýrslur um starfsemi Ráðningarstofunnar í nóvbr.-desbr. f.á.

42. Samþ. að taka á kjörskrá við bæjarstjórnarkosningarnar 27. þ.m.:

| | |
|---|---|
| Hafsteinn Magnússon | Laugarnes camp 8 |
| Kristján Júlíusson | Lágholti |
| Hanna Helgadóttir | Bárug. 18 |
| Sigvaldi Búi Bessason | Lvg. 69 |
| Árni Garðar Kristinsson | Vest. 52 |
| Þorsteinn Hjálmsson | Kirkjut. 15 |
| Jón B. Kristinsson | Berg. 14 |
| Ásgerður Guðf. Bjarnadóttir | Ægisg. 7. |

43. Samþ. með 3 : 2 atkv. að greiða laun lögregluþjóna (6) á meðan þeir sækja námsskeið í Stockholm.

44. Beiðnum um rafmagnsheimtaugar frá Jóni Höjsted, Ingibjörgu Guðnadóttur og Finnboga Magnússyni, vísað til rafmagnsstjóra til afgreiðslu.

45. Erindi um rafmagnsheimtaug að hraðfrystihúsi á Kirkjusandi vísað til rafmagnsstjóra til afgreiðslu.

46. Samþ. að heimila rafmagnsstjóra að ráða Sigfried B. Sigurðsson sem fastan sérverkamann við Rafmagnsveituna, með launum skv. XII. flokki.

47. Samþ. að veita Finni B. Kristjánssyni, Einholti 9, löggildingu til að starfa við lágspennuveitu í Rvík.

48. Synjað beiðni Gísla Einarssonar um rafmagnsheimtaug í herskála við Bjarmaland.

49. Lögð fram umsögn rafmagnsstjóra, dags. 10. þ.m., um tilboð frá eigendum tundurspillisins Skeena, um sölu á nokkru af vélum skipsins. Samþ. að senda bjóðendum umsögnina.

50. Synjað kærum um að nöfn Elínar Ástu Jónsdóttur (nr. 4545) og Guðrúnar Súsönnu Guðmundsd. (nr. 8512), verði strikuð af kjörskrá við bæjarstjórnarkosningarnar.

51. Kjörskrárkærur, sem færðar verða inn í gjörðarbókina eftir fundargerðina, leggur bæjarráð til að verði ekki teknar til greina.

Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson.

Guðm. Ásbjörnsson. Guðrún Jónasson. Gunnar Thoroddsen.
Sigfús Sigurhjartarson. Jón Axel Pétursson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

## B Æ J A R R Á Ð.

Ár 1946, föstudaginn 18. janúar, kl. 2 e.h., hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Synjað beiðni um leyfi til að reisa íbúðarhús á erfðafestulandinu Sogamýrarbletti XVII.

2. Bréfi frá h.f. Keili um allt að 10 byggingarlóðir fyrir starfsmenn félagsins, vísað til lóðaúthlutunarnefndar.

3. Boðinn forkaupsréttur að erfðafestulandinu Kleppsmýrarbl. VIII fyrir kr. 15.000.-. Hafnað.

4. Beiðni frá Ungmennafél. Skerjafjarðar um lóð undir bráðabirgðahús vísað til bæjarverkfræðings til athugunar.

5. Beiðni frá Byggingarfélagi verkamanna, dags. 17. þ.m., varðandi leigusamninga um lóðir í Rauðarárholti og leigugreiðslu, vísað til borgarstjóra til afgreiðslu.

6. Samþ. að gefa Fél. ísl. símamanna fyrirheit um lóð undir sambyggingu á Melunum, suður af lóðinni, sem félaginu og félagi starfsmanna við Ríkisútvarpið var gefið fyrirheit um á fundi 30. nóvbr. síðastl. Byggingarfrestur á báðum lóðunum til 1. maí nk.

7. Samþ. að gefa Knattspyrnufél. Fram kost á lóð undir félagsheimili nálægt æfingasvæðinu í Vatnsgeymishæðinni, eftir nánari útvísun síðar, að fengnum tillögum bæjarverkfræðings. Skilyrði um byggingarfrest verða ákveðin síðar.

8. Að fenginni umsögn skipulagsmanna bæjarins samþykkir bæjarráð fyrir sitt leyti tillögu rafmagnsstjóra um staðsetningu vega og bygginga hjá Elliðaánum í bréfi hans dags. 20. desbr. síðastl., svo og uppdrætti er fylgdi því bréfi.

9. Lögð fram ársskýrsla 1945 um Bæjarbókasafn Reykjavíkur.

10. Samþ. að verða við erindi frá Símoni Guðmundssyni um heimtaug í herskála við Borgarveg.

11. Samþ. að heimila rafmagnsstjóra að verða við erindum, sem fyrir liggja, um rafmagn til lýsingar hermannaskálum.

12. Lagt fram bréf, dags. 16. þ.m., frá tannlæknum barnaskólanna, um að þeir verði skipaðir fastir starfsmenn bæjarins.

13. Lagt fram bréf frá atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu, dags. 17. þ.m., ásamt frv. til laga um byggingu gistihúss í Reykjavík. Þá var og lagt fram eftirrit af bréfi ráðuneytisins til sendiráðsins í Washington, dags. 10. þ.m. Borgarstjóra falið að svara bréfinu.

14. Lögð fram tillaga Sigfúsar Sigurhjartarsonar, varðandi innkaup á byggingarefni, er vísað var til bæjarráðs á fundi bæjarstjórnar 17. þ.m.

15. Lagt fram bréf frá Félagi pípulagningameistara í Reykjavík, dags. 17. þ.m., varðandi löggildingu félagsmanna til vatns- og hitalagna. Vísað til forstjóra Vatns- og hitaveitunnar til umsagnar.

16. Lagt fram bréf frá heilbrigðisfulltrúa, dags. 15. þ.m., með tillögum um framkvæmd á rannsókn húsnæðisástandsins

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

í bænum. Bæjarráð fellst á tillögurnar og felur heilbrigðisfulltrúanum að veita rannsókninni forstöðu.

17. Lagt fram bréf frá h.f. Mjöl og Bein, varðandi bætur vegna þess að félagið verður að láta af rekstri sínum, vegna byggingaframkvæmda. Samþ. að biðja Svein Benediktsson forstj. og Svein Guðmundsson forstj. að láta uppi álit um vélar félagsins og rekstur undanfarið.

18. Lagt fram bréf frá Iðnskólanum, dags. 10. þ.m., með beiðni um fjárveitingu, kr. 300.000.- til nýs iðnskólahúss árið 1946, svo og beiðni um 50 þús. kr. styrk til skólahaldsins á því ári.

19. Lagt fram bréf frá Lögreglufélagi Reykjavíkur, dags. 16. þ. m., með reikningi fyrir aukavinnu lögreglunnar við löggæzlu vegna bæjarins frá 1. apríl til ársloka 1945. Samþ. að óska eftir nánari greinargerð um það, í hverju vinnan hafi verið fólgin.

20. Lagt fram bréf frá forstjóra Sundhallarinnar, dags. 15. þ.m., varðandi erindi klefa- og baðvarða um launabætur. Borgarstjóra falið að óska eftir nánari skýringum.

21. Lagt fram bréf frá Jónasi Jónssyni, Þórsg. 14, um að fá annað starf, er betur sé við hans hæfi, vegna heilsu hans. Falið Ráðningarstofunni til athugunar.

22. Erindi Kristjóns Ág. Þorvarðssonar, dags. 10. þ. m., varðandi launakjör, vísað til rafmagnsstjóra til umsagnar.

23. Lagt fram erindi frá Félagi slökkviliðsmanna í Reykjavík, dags. 16. þ.m., um kauphækkun.

24. Bæjarráð samþ. fyrir sitt leyti tillögu bæjarverkfræðings og húsameistara um byggingalínu við Grettisgötu norðanverða, austur að Klapparstíg, skv. framlögðum uppdrætti mk. 2.

25. Lagt fram bréf frá menntamálaráðuneytinu, dags. 17. þ.m., varðandi ákvörðun um staðsetningu nýs menntaskólahúss í Reykjavík.
Bæjarráð sambykkir óskir ráðuneytisins um að skólanum verði ætlaður staður við Laugarnes, eftir nánari ákvörðun um lóðarútvísun síðar, enda verði samkomulag um afhendingu lóðarinnar.
Borgarstjóri tekur fram, að þótt hann telji rétt, að ríkisstjórnin ráði því, hvar skólanum er valinn staður, og vilji því verða við málaleitun ráðherrans, þá telji hann misráðið að flytja skólann þaðan, sem hann er nú - og hinn nýja stað óheppilegan.
Guðm. Ásbjörnsson og Jón A. Pétursson telja þenna stað (Laugarnes) mjög óhentugan fyrir skólann.
Gunnar Thoroddsen tekur fram, að hann kjósi helzt, m.a. vegna sögulegra minninga, að Menntaskólinn standi áfram á þeirri lóð, þar sem hann hefir verið síðastliðin eitt hundrað ár.

Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson.

Guðm. Ásbjörnsson. Jón Axel Pétursson.

Sigfús Sigurhjartarson. Gunnar Thoroddsen.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

B Æ J A R R Á Ð.

Ár 1946, föstudaginn 25. janúar, kl. 2 e.h. hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Samþ. að leyfa að reisa geymsluskúr á erfðafestulandinu Sogamýrarbl. XLI, enda verði skúrinn tekinn af landinu þegar krafist verður, bæjarsjóði að kostnaðarlausu.

2. Samþ. að gefa h.f. Alm. Byggingafélaginu aftur kost á lóðunum nr. 10 - 12 við Engihlíð, enda verði byggingu á lóðunum haldið áfram með hæfilegum hraða, að dómi bæjarráðs.

3. Jón Sigurðsson afsalar lóðinni Skipasund 28, Bjarni Ingimarsson afsalar lóðinni Langhv. 2.

4. Samþ. að gefa Jóni Sigurðssyni, Ing. 5, kost á lóðinni nr. 2 við Langholtsveg, með byggingarfresti til 1. maí.

5. Synjað beiðni Stefáns Lárussonar um lóðarréttindi með húsinu Vindheimar í Blesugróf.

6. Lagt fram bréf frá Hinu ísl. steinolíuhlutafélagi, dags. 22. þ.m., varðandi ákvörðun um staðsetningu olíustöðvar við Viðeyjarsund. Beiðni félagsins um frest til apríl - byrjunar samþykkt.

7. Samþ. að falla frá ákvörðun bæjarráðs 24. apríl 1942 um að taka úr erfðafestu 0.1 ha. af Sogamýri X.

8. Lagt fram bréf frá h.f. Laxinn, dags. 25. þ.m., með beiðni um að fá íshúsið Ísbjörninn á leigu, ef úr kaupum verður á vélum Fiskimálanefndar í húsinu. Bæjarráð getur ekki tekið afstöðu til erindisins að svo stöddu.

9. Lagt fram bréf frá Birni Guðmundssyni og Valgeiri Jónssyni, dags. 21. þ.m., varðandi endurskoðun á samningi þeirra um byggingu íbúðarhúsa við Skúlagötu 64 - 80.

10. Lagt fram bréf frá rafmagnsstjóra, dags. 22. þ.m., varðandi lagningu rafmagnstauga vegna garðyrkjustöðvar hjá Lambhaga. Vísað til rafmagnsstjóra til afgreiðslu.

11. Bæjarráð samþykkir tillögur hitaveitustjóra í bréfi 24. janúar, varðandi próf og kaupgreiðslur til gerfi-pípulagningarmanna vatns- og hitaveitunnar, svo og kaup Eyjólfs Halldórssonar verkstj. og Ragnh. Pálsdóttur.

12. Lagt fram bréf frá Félagi ísl. iðnrekenda, dags. 18. þ.m., varðandi greiðslu rafmagnsverðs, er h.f. Fiskimjöl er krafið um. Vísað til rafmagnsstjóra til umsagnar.

13. Lagt fram bréf frá forstj. Sundhallarinnar, dags. 24. þ.m., varðandi verkaskiptingu hjá bað- og klefavörðum. Ákveðið að fá umsögn stjórnar Starfsmannafélagsins.

14. Lagt fram bréf frá flugmálastjóra, dags. 23. þ.m., varðandi byggingar í nágrenni flugvallarins.

15. Lagt fram bréf frá Lögreglufélagi Reykjavíkur, dags. 25. þ.m., varðandi greinargerð um aukavinnu lögreglunnar árið 1945.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

16. Lagt fram bréf frá Nýbyggingarráði, dags. 22. þ.m., varðandi stofnkostnaðarlán til fyrirhugaðra togarakaupa.

17. Erindi Magnúsar Guðlaugssonar um vatnslögn að Lauftúni við Grandaveg vísað til vatnsveitustjóra til afgreiðslu.

18. Borgarstjóra heimilað að ráða Stefán Pálsson sem tannlækni við Laugarnesskólann.

19. Lagt fram bréf frá verkamannafél. Dagsbrún, dags. 21. þ.m., þar sem tilkynnt er uppsögn á gildandi samningum við bæjarstjórn.

20. Bæjarráð samþ. fyrir sitt leyti að kvöð um umferðarétt frá Skúlagötu yfir lóðina nr. 34 við götuna verði létt af.

21. Lögð fram skýrsla frá Sig. H. Péturssyni, gerlafr., um mjólkureftirlit í Reykjavík í nóvbr. - desbr. síðastl.

22. Lögð fram umsókn frá Íþróttabandalagi Reykjavíkur um 20 þús. króna styrk vegna íþróttahússins við Hálogaland árið 1946.

23. Lögð fram ársskýrsla Ráðningarstofunnar fyrir árið 1945.

24. Bæjarráð mælir með umsókn frá h.f. Egill Vilhjálmsson, um lóðarskiptingu við Laugaveg 116 og 118.

Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson.

Guðm. Ásbjörnsson. Guðrún Jónasson.

Jón Axel Pétursson. Gunnar Thoroddsen.

Sigfús Sigurhjartarson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# B Æ J A R R Á Ð.

Ár 1946, fimmtudaginn 7. febrúar, kl. 10 f.h., hélt bæjarráð Reykjavíkur fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Bæjarráð skipa, eftir kosningu á fundi bæjarstjórnar 2.þ.m.:

Guðmundur Ásbjörnsson, Gunnar Thoroddsen, Jóhann Hafstein, Jón Axel Pétursson, Sigfús Sigurhjartarson.

Varamenn voru kosnir: Auður Auðuns, Bjarni Benediktsson, Björn Bjarnason, Hallgrímur Benediktsson, Jón Blöndal.

Þetta gerðist:

1. Borgarstjóri var kosinn formaður bæjarráðs, Guðm. Ásbjörnsson varaformaður og Jón A. Pétursson ritari.

2. Lagt fram bréf forstöðunefndar Kvennaskólans, þar sem farið er fram á 60 þús. kr. styrk úr bæjarsjóði árið 1946.

3. Lagt fram bréf frá Laugardalsnefnd og annað frá Íþróttabandalagi Reykjavíkur, með beiðni um að framlag til endurbyggingar sundlaugar og undirbúnings skemmtigarða í Laugardalnum verði ákveðið kr. 600.000.-.

4. Lagt fram bréf frá nemendum í 6. bekkjum Menntaskólans, með beiðni um 20 þús. kr. styrk úr bæjarsjóði til utanfarar stúdenta, sem útskrifast frá skólanum nú í vor, 100. stúdentaárgangsins.

5. Lagðar fram og ræddar breytingartillögur, sem bornar hafa verið fram við fjárhagsáætlunarfrumvarpið. Samþ. að bera fram brt. við gjl. I, 1,c (niðurjöfnun útsvara): Fyrir kr. 260.000.- komi kr. 310.000.-.

6. Lagt fram bréf frá umdæmisstúkunni nr. 1, varðandi endurbætur á húsnæði í Kumbravogi.

7. Barnavinafélagið Sumargjöf vekur með bréfi dags. 4. þ.m. athygli á því, að æskilegt væri að bærinn reisi á þessu ári dagheimili fyrir 60 - 70 börn.

Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson.

Guðm. Ásbjörnsson. Gunnar Thoroddsen.

Jóhann Hafstein. Jón Axel Pétursson.

Sigfús Sigurhjartarson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

B Æ J A R R Á Ð.

Ár 1946, föstudaginn 8. febr., kl. 3 e.h., hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Staðfest heimild til borgarstjóra til að kaupa eignina Túngötu 2 fyrir kr. 180.000.-.

2. Lagt fram bréf frá Hauki Björnssyni, dags. 5. febr., þar sem hann býður sænsk timburhús til sölu.

3. Bæjarráð óskar ekki að nota forkaupsrétt að hermannaskálum við Ingólfsstræti, en leggur á það áherslu, að skálarnir verði teknir í burtu hið fyrsta.

4. Borgarstjóra heimilað að taka úr erfðafestu hluta af þessum löndum: Lækjarbakkabletti vestri, Kirkjumýrarbletti I, Lækjarbakka.

5. Synjað beiðni um skiptingu á erfðafestulandinu Sogamýri II.

6. Að fenginni umsögn bæjarverkfræðings og húsameistara telur bæjarráð ekki þörf á að ráða fastan perspectiv - teiknara að svo stöddu.

7. Boðinn forkaupsréttur að erfðafestulandinu Bústaðabletti V fyrir kr. 5000.-. Hafnað.

8. Bæjarráð synjar að svo stöddu erindi um skiptingu byggingarlóðar úr Hólabrekkutúni.

9. Samþ. að gera lóðarsamning um lóðina Mávahlíð 24 við Jóhann Kristjánsson, Skeggjagötu 17.

10. Erindi Snorra Tryggvasonar o.fl. um torgsölu vísað til umsagnar lögreglustjóra.

11. Samþ. að mæla með því að h.f. Breiðfirðingafélagið fái leyfi til veitingasölu.

12. Samþ. með 3 samhlj. atkv. að mæla með því, að firmað Silli og Valdi fái leyfi til veitingasölu.

13. Lagt fram bréf, dags. 7.þ.m., frá Slysavarnafél. Íslands, með tilkynningu um ályktanir aðalfundar slysavarnadeildar "Ingólfs", varðandi lagningu akvegar út í Örfirisey og fjárstyrk til slysavarnastarfsemi í Reykjavík.

14. Lögð fram skýrsla frá Innkaupastofnuninni um undirbúning að kaupum á vatnspípum til aukningar Vatnsveitunnar. Ennfremur greinargerð vatnsveitustjóra um það, hvernig hann hugsar sér framkvæmd aukningarinnar.
Samþ. tillaga forstjóra Innkaupastofnunarinnar og Vatnsveitunnar um að festa kaup á pípunum frá Englandi og þeim falið að annast kaupin. Ennfremur heimilar bæjarráð vatnsveitustjóra að festa kaup á vinnuvélum, er nota megi við framkvæmdirnar.

15. Lagt fram bréf frá bifreiðastjórafél. Hreyfli, dags. 5. þ.m., með frv. að nýjum samningi um kjör og kaup strætisvagnastjóra. Vísað til forstjóra strætisvagnanna til nánari athugunar.

16. Bæjarverkfræðingi heimilað að leyfa h.f. Kirkjusandi að bora eftir kælivatni í nágrenni við frystistöð félagsins.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

með því skilyrði, að félagið láti fjarlægja öll mannvirki við holuna, bæjarsjóði að kostnaðarlausu, hvenær sem nauðsyn krefur, að dómi bæjarráðs. Ennfremur er það skilyrði sett, að komi heitt vatn upp úr holunni, verði það eign bæjarins.

17. Samþ. að gera leigusamning um lóðina Hraunteig 15 við Guðjón Jónsson, Rauð. 10 og syni hans Óskar Jón og Guðfreð.

18. Erindi frá Byggingarsamvinnufél. Reykjavíkur um að hitaveita verði lögð í hús félagsins við Barmahlíð, vísað til hitaveitustjóra til umsagnar.

19. Lagt fram bréf frá atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu, dags. 29. f.m., varðandi hótelbygginguna.

20. Stjórn Styrktarsjóðs Starfsmannafélagsins þakkar 20 þús. kr. gjöf bæjarráðs í sjóðinn á 20 ára afmæli félagsins.

21. Lagt fram eftirrit af dómi fógetaréttar í máli h.f. Hringbraut 56 gegn bæjarsjóði.

22. Lögð fram skýrsla um starfsemi Ráðningarstofunnar í janúar.

23. Bæjarráð samþ. tillögu rafmagnsstjóra í bréfi 24. jan., varðandi launakjör Kristjóns Þorvarðssonar, og getur því ekki orðið við erindi Kristjóns, dags. 10. jan. 1946.

24. Samþ. að áfrýja úrskurði fógetaréttar 21. jan. í útsvarsmáli Péturs Ó. Johnson.

25. Lagðar fram tilkynninningar um að tilnefndir hafi verið í nefnd til að gera tillögur um hagnýtingu vinnuafls fagmanna við byggingarframkvæmdir: Fyrir Trésmiðafélagið Tómas Vigfússon, fyrir Múrarameistarafélagið Gísli Þorleifsson. Sjálfstæðismenn í bæjarráði tilnefndu Guðmund Ásbjörnsson í nefndina.

26. Samþ. að leigusamningur um Mávahlíð 15 verði gerður við Óskar Árnason og Árna Árnason, en um Mávahlíð 17 við Árna Vigfússon og Bjarna Vigfússon.

27. Lagt fram bréf frá Sigurgeir Sigurjónssyni hrl., varðandi fyrirhugaðan skemmtistað við Njarðargötu, syðst í Vatnsmýrinni. Vísað til skipulagsmanna til athugunar.

28. Samþ. með 3 samhlj. atkv., að heimila borgarstjóra, að semja við Guðjón Vilhjálmsson og Davíð Jónsson um smíði íbúðarhúss við Miklubraut, eftir tillögum húsameistara bæjarins.

Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson.

Guðm. Ásbjörnsson. Sigfús Sigurhjartarson.

Jón Blöndal. Gunnar Thoroddsen.

Jóhann Hafstein.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# B Æ J A R R Á Ð.

Ár 1946, föstudaginn 15. febrúar, kl. 2 e.h., hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Samþ. að gera samning um lóðina Reynimel 23 við Árna Benediktsson, Víð. 30 og Kristjón Kristjónsson, Reyn. 23.

2. Samþ. að gefa Kristjóni Kristjónssyni kost á lóðinni Skipasund 21, eftir beiðni Þórðar Gestssonar.

3. Borgarstjóra heimilað að taka úr erfðafestu löndin: Þvottalaugabletti 19, 25, 28, 30, 31, 33, 34 og 35, Kleppsmýrarbletti 2. 5, 8, 10, 12, 14 og 15 - að hluta, eða öllu leyti.

4. Sigfús Sigurhjartarson og Jón A. Pétursson tilkynntu að þeir tilnefni Þorlák G. Ottesen í nefnd til að gera tillögur um hagnýtingu vinnuafls fagmanna við byggingarframkvæmdir, sbr. fundargerð bæjarráðs 8. þ.m., 25. lið.

5. Lagt fram bréf frá Byggingasamvinnufélagi Reykjavíkur, dags. 14. þ.m., með umsókn um byggingarlóðir undir sænsk timburhús við Langholtsveg og undir steinsteypuhús á Melunum.

6. Lögð fram bréf frá starfsmönnum hjá h.f. Héðni og annað frá félaginu, varðandi byggingarlóðir undir íbúðarhús fyrir nokkra starfsmannanna.

7. Samþ. að gefa Sveinbirni Sigurðssyni, Lvg. 22, kost á lóðinni nr. 14 við Engihlíð, með byggingarfresti til 1. mars n.k.

8. Synjað beiðni frá Þorkeli Helgasyni um skiptingu lóðar undir íbúðarhús úr erfðafestulöndunum Sogamýrarbl. I eða XVII.

9. Erindi frá h.f. Egill Vilhjálmsson varðandi leigusamning um lóð við Laugaveg (nr. 118), vísað til borgarstjóra til meðferðar með venjulegum hætti.

10. Erindi frá lögreglustjóra, dags. 11. þ.m., um geymsluskúr fyrir lögreglubifreiðar, vísað til borgarstjóra til afgreiðslu.

11. Erindi frá Páli Þorgeirssyni, um leigu á skúrum á Melunum, vísað til borgarstjóra til afgreiðslu.

12. Lagt fram bréf frá menntamálaráðuneytinu, dags. 9.þ.m., með tilkynningu um skipun skólanefndaformanna í Reykjavík.

13. Samþ. að kjósa í nefnd til að gæta þess að fylgt sé ákvæðum reglugerðar um róðrartíma fiskibáta við Faxaflóa, formennina:

| | | |
|---|---|---|
| Annilíus Jónsson | m.b. | Skíða |
| Ármann Friðriksson | - | Friðrik |
| Karl Sigurðsson | - | Ásgeiri. |

14. Íþróttaráðunaut falið að hefja undirbúning að skíðanámskeiði fyrir efstu bekki barnaskólanna.

15. Eftir tillögu lögreglustjóra synjar bæjarráð beiðni um torgsöluleyfi á horni Bankastrætis og Lækjargötu.

16. Lagt fram bréf frá lögreglustjóra, varðandi ráðningu manns til aðstoðar við lögregluna við aflífun hunda og katta o.fl. störf. Bæjarráð vísar málinu til lögreglustjóra.

17. Lagt fram bréf frá Þuríði Bárðardóttur, dags. 11. þ.m., varðandi húsnæði Mæðraheimilisins í Tjarnargötu 16. Vísað til borgarstjóra til meðferðar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

18. Lagt fram bréf frá heilbrigðisfulltrúa, dags. 14 þ.m., varðandi ráðningu manna til að framkvæma skoðun á húsnæði. Samþ. tillögur heilbrigðisfulltrúans.

19. Lagt fram bréf frá verkamannafél. "Dagsbrún", dags. 14. þ.m., með tilkynningu um að öll vinna Dagsbrúnar-manna, sem hjá bænum vinna, verði stöðvuð hinn 22. þ.m., ef ekki verði gerðir nýir samningar um kaup og kjör verkamanna, fyrir þann tíma.

20. Lögð fram skýrsla um starf Lestrarfélags kvenna árið 1945.

21. Lagt fram bréf frá fjársöfnunarnefnd skóla Ísaks Jónssonar, dags. 11. þ.m., með beiðni um bæjarábyrgð fyrir láni, að upphæð 1 milj. krónur, til byggingar skólahúss.

22. Beiðni frá Jóni Jónssyni um rafmagnsheimtaug að íbúðarhúsi hjá Lækjarhvammi, vísað til rafmagnsstjóra til afgreiðslu.

23. Samþ. tillögur rafmagnsstjóra í bréfi 14. þ.m., varðandi sumarbústað Hafsteins Bergþórssonar hjá Elliðaárstöðinni.

24. Lagðar fram kveðjur frá fundi bæjarstjórna höfuðborga á Norðurlöndum, sem haldinn var í Stockholm 12. - 14. þ.m.

25. Lögð fram umsókn frá h.f. Búkollu um rafmagnsheimtaug að Laxnesi, svo og umsögn rafmagnsstjóra um málið, dags. 14. þ.m. Málinu vísað til afgreiðslu rafmagnsstjóra, í samræmi við tillögur hans, með 3 atkv. gegn einu (J.A.P.)

26. Bæjarráð samþ. fyrir sitt leyti tillögur rafmagnsstjóra um staðsetningu íbúðarhúsa fyrir starfsmenn Rafmagnsveitunnar.

27. Lagt fram bréf rafmagnsstjóra, dags. 14. þ.m., með tillögu um að bærinn ráði efnaverkfræðing í þjónustu sína, til rannsóknarstarfa. Samþ. að heimila rafmagnsstjóra að leita eftir manni til slíkra starfa.

28. Samþ. að heimila borgarritara að semja við Þorstein Gíslason, Rán. 29, um útsvarsskuld hans.

29. Samþ. að krefjast þess, að tekin verði burtu geymsluhús Eimskipafélagsins við Haga.

30. Lögð fram greinargerð húsameistara bæjarins um byggingu íbúðarhúsanna við Skúlagötu.

31. Bæjarráð samþ. fyrir sitt leyti að hækka megi um eina hæð hús á byggingarreitunum austan Barónsstígs að Hringbraut, við Grettisgötu, Njálsgötu og Bergþórugötu.

32. Samþ. með 3 shlj. atkv., að óbyggt svæði skuli vera norðan Sjómannaskólans.

Fleira ekki gert. - Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson.

Guðm. Ásbjörnsson. Jóhann Hafstein.

Jón Axel Pétursson. Gunnar Thoroddsen.

Sigfús Sigurhjartarson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

B Æ J A R R Á Ð.

Ár 1946, föstudaginn 22. febr., kl. 2 e.h., hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Synjað um leyfi til að reisa íbúðarhús á erfðafestulandinu Laugamýrarbletti XXI.

2. Samþ. að leyfa byggingu íbúðarhúss á erfðafestulandinu Laugamýrarbl. X, með skilyrði um að bráðabirgða-sumarhús, sem nú er á landinu, verði fjarlægt, bæjarsjóði að kostnaðarlausu, og nýja húsið verði staðsett eftir ákvörðun húsameistara bæjarins.

3. Erindum frá Guðm. Þorsteinssyni, dags. 19. þ.m., varðandi flutning á húsi af lóðinni Laugaveg 24, vísað til bæjarverkfræðings til athugunar, svo og til lóðaúthlutunarmanna, að því er tekur til ákvörðunar um lóð undir húsið.

4. Erindi frá Byggingarfél. verkamanna, dags. 10. desbr. f.á., með beiðni um lóðaúthlutun í Rauðarárholti, vísað til lóðaúthlutunarmanna til athugunar.

5. Samþ. að gefa Adolf Wendel, Ljósv. 8, kost á lóðinni Sörlaskjóli 26, enda greiði hann fyrri lóðarhafa, Rögnv. Gunnlaugssyni,mannvirki á lóðinni. Jafnframt afsalar A. Wendel sér lóðinni Sörlaskjóli 8.

6. Synjað erindi frá Þorv. Sigurðssyni um leigurétt að allri lóðinni Höfðatún 12.

7. Erindi frá Bjarnl. Bjarnleifssyni um lóð undir skóvinnustofu hjá Höfðaborg, vísað til bæjarverkfræðings til athugunar.

8. Samþ. að leyfa Aðalsteini Jóhannssyni, Blómv. 13, og Bendt Bendtsen, Lvg. 39, að skipta á lóðunum Laugateig 52 og Sörlaskjóli 52.

9. Erindum frá Herði Haraldssyni og biskupnum í Landakoti um rafmagn í íbúðarskúra, sem setuliðið hafði reist, vísað til rafmagnsstjóra til afgreiðslu.

10. Synjað beiðni um leyfi til iðnreksturs í húsi hjá Bjarmalandi, en beiðni um rafmagnsafnot í húsinu vísað til rafmagnsstjóra til afgreiðslu.

11. Lagt fram bréf frá db. M. Júl. Magnús, dags. 21. jan. þ.á., varðandi greiðslu á endurkaupsverði 2434 ferm. spildu úr Norðurmýrarbl. IV. Borgarstjóra heimilað að bjóða fram greiðslu fyrir 419 ferm. af spildunni, en 2015 ferm. vegarstæði telur bæjarráð ekki rétt eða skylt að greiða endurkaupsverð fyrir.

12. Lagt fram bréf frá Vélstjórafélagi Íslands, dags. 14. þ.m., varðandi mat á hlunnindum vélstjóra við orkuver bæjarins. Ákveðið að fá umsögn Starfsmannafélagsins.

13. Lagt fram bréf frá Bifreiðastjórafél. Hreyfli, dags. 19. þ.m., með tilkynningu um að vinna félagsmanna hjá Strætisvögnum verði stöðvuð 1. mars næstk., hafi samningar um kaup og kjör vagnstjóra og vaktmanna fyrirtækisins ekki tekist fyrir þann tíma.

14. Lögð fram skýrsla frá forstjóra Strætisvagnanna, dags. 21. þ.m., um frv. að nýjum samningi við vagnstjóra og vaktmenn fyrirtækisins, er félag þeirra, Bifreiðastjórafél. Hreyfill, hefir gert, svo og um viðræður við samninganefnd bifreiðastjóranna.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

15. Lagt fram bréf frá h.f. Egill Vilhjálmsson, dags. 26. f.m., með tilboði um sölu á bílagrindum frá General Motors verksmiðjunum í Ameríku. Vísað til forstjóra Strætisvagnanna til umsagnar.

16. Söngfélagið "Harpa" sækir um 12 þús. kr. styrk til utanfarar á söngmót í Kaupmannahöfn í júní næstk. Vísað til bæjarstjórnar.

17. Samþ. að veita Jónasi Hallgrímssyni tveggja mánaða sumarfrí nú á næsta sumri, vegna utanfarar.

18. Lagt fram bréf frá Jóni Sigurðssyni skipuðum heilbrigðisfulltrúa, varðandi starfssvið heilbrigðisfulltrúa. Bréfið er dagsett 28. f.m. Borgarstjóra falið að svara bréfinu.

19. Samþ. með 3 atkv. að mæla með því að Valgerði Briem, kennara, verði veitt ársfrí, frá 1. septbr. síðastl., með fullum launum, vegna utanfarar til framhaldsnáms. Borgarstjóri tekur fram, að hann telji tillöguna varhugaverða sem fordæmi, og leggur á móti henni. Málinu vísað til bæjarstjórnar.

20. Lögð fram tilkynning lögreglustjóra um að Dýrmundur Ólafsson lögregluþjónn hafi sagt af sér frá 14. þ.m.

21. Lagt fram bréf frá dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, dags. 2o. þ.m., með umsögn landlæknis um frv. að reglugerð um hollustuhætti í mjólkurbúðum í Reykjavík, sem bæjarstjórnin hefir samþykkt.

22. Lagt fram frv. að brunamálasamþykkt fyrir Reykjavík.

23. Vegna umsóknar Sigríðar Erlingsdóttur, heilbrigðislögregluþjóns, um greiðslu kostnaðar við starfsfatnað, ítrekar bæjarráð fyrri ályktun um að það telur eðlilegt, að hún fái einkennisfatnað, en greiða ekki að öðrum kosti fatnaðarkostnað til hennar.

24. Lagt fram bréf frá dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, dags. 18. þ.m., varðandi launakjör Páls Sigurðssonar, læknis, aðstoðarmanns héraðslæknis.

25. Lögð fram skýrsla um störf Námsflokkanna veturinn 1945 - 1946.

26. Lögð fram útskrift af dómi bæjarþings Reykjavíkur 31. f.m. í máli póst- og símamálastjóra út af sérleyfisgjaldi af aksturstekjum Strætisvagnanna.

27. Lögreglustjóri leggur til að skipaðir verði eftirtaldir lögregluþjónar:

    Davíð Hálfdánarson, Mikl. 1
    Guðni Jónsson, Nönnug. 4
    Jóhannes Björgvinsson, Grett. 36 B.
    Kjartan Jónsson, Grund. 11
    Kristinn Óskarsson, Berg. 17
    Óskar Ólason, Berg. 12
    Ólafur Ólafsson, Tjarn. 8
    Páll Eiríksson, Sjafn. 6.

28. Samþ. að gefa Jóhannesi Helgasyni kost á lóð fyrir jarðhýsi til kartöflugeymslu fyrir ofan Ártúnsbrekku, til 15 ára. Borgarritara og bæjarverkfræðingi falið að ákveða leigumála að öðru leyti.

29. Samþ. að gefa h.f. Skautahöllinni kost á lóð undir skautahöll við Njarðargötu vestanverða, sunnan framlengingar Fálkagötu. Félaginu verði gefinn frestur til 1. júlí næstk., til að svara því, hvort það vilji fallast á þessa lóð, en síðan setur bæjarráð byggingarfrest. Bæjarráð tekur þegar fram, að félagið yrði sjálft að sjá fyrir frárennsli.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

30. Bæjarráð samþ. fyrir sitt leyti, að útiskemmtistaður verði á svæðinu austan við Njarðargötu, suður undir Skildinganesslandi. Áður en nánari ákvörðun er tekin, óskar bæjarráð að fá nánari greinargerð um stærð og fyrirkomulag, svo og umsögn flugmálastjóra.

31. Bæjarráð samþykkir, að fenginni umsögn Laugardalsnefndar, að takmörk Laugardalssvæðisins að austan verði fyrirhuguð framlenging Laugarásvegar til suður, að Suðurlandsbraut.

32. Bæjarráð synjar tilboði, sem felst í bréfi Björns Guðmundssonar og Valgeirs Jónssonar, dags. 21. þ.m., um framhald byggingarvinnu við íbúðarhúsin við Skúlagötu.

Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson.

Guðm. Ásbjörnsson. Jón Axel Pétursson.

Gunnar Thoroddsen. Sigfús Sigurhjartarson.

Jóhann Hafstein.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

B Æ J A R R Á Ð.

Ár 1946, föstudaginn 1. mars, kl. 10½ f.h. hélt bæjarráðið fund í skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Borgarstjóri skýrði frá efni samkomulags, sem orðið hefir í morgun í vinnudeilu verkamannafél. Dagsbrúnar við Vinnuveitendafél. Íslands og Reykjavíkurbæ, og sem hann hafi undirskrifað af hálfu bæjarins, að áskildu samþykki bæjarráðs.
Bæjarráð samþykkti aðgerðir borgarstjóra í málinu.

2. Samþ. að taka þessar lóðir til ráðstöfunar, frá þeim sem fengið hafa úthlutun: Skipasund 17, 27, 29, 36, 38, 39, 40 og 56.

Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson.

Guðm. Ásbjörnsson. Jóhann Hafstein.

Jón Axel Pétursson. Sigfús Sigurhjartarson.

um að gatan verði malbikuð nú í sumar.

15. Lögreglustjóri tilkynnir að Bárður Óli Pálsson, lögregluþjónn, hafi látið af störfum frá og með 1. þ.m.

16. Lögð fram skýrsla frá Aðalsteini Jóhannssyni um rottueyðingu árið 1945.

17. Lagt fram bréf frá Fæðiskaupendafélagi, dags. 27. febr., með beiðni um að bæjarráð sjái félaginu fyrir viðunandi húsnæði fyrir mötuneyti.

18. Samþ. að taka tilboði frá Helga Guðmundssyni, dags. 26. febr. síðastl., um hita- og hreinlætistækjalögn í Melaskólann.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

## B Æ J A R R Á Ð.

Ár 1946, laugardaginn 2. mars, kl. 1 1/4 e.h., hélt bæjarráðið fund í skrifstofu borgarstjóra, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

Rætt um yfirstandandi kaupdeilu við bifreiðastjórafélagið Hreyfil vegna strætisvagnastjóranna, sem hófu verkfall hinn 1. þ.m., þar sem samningar voru ekki gerðir fyrir þann tíma.

Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson.

Guðm. Ásbjörnsson. Gunnar Thoroddsen.

Sigfús Sigurhjartarson. Jón Axel Pétursson.

Jóhann Hafstein.

um að gatan verði malbikuð nú í sumar.

15. Lögreglustjóri tilkynnir að Bárður Óli Pálsson, lögregluþjónn, hafi látið af störfum frá og með 1. þ.m.

16. Lögð fram skýrsla frá Aðalsteini Jóhannssyni um rottueyðingu árið 1945.

17. Lagt fram bréf frá Fæðiskaupendafélagi, dags. 27. febr., með beiðni um að bæjarráð sjái félaginu fyrir viðunandi húsnæði fyrir mötuneyti.

18. Samþ. að taka tilboði frá Helga Guðmundssyni, dags. 26. febr. síðastl., um hita- og hreinlætistækjalögn í Melaskólann.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# B Æ J A R R Á Ð.

Ár 1946, mánudaginn 4. mars, kl. 4½ e.h., hélt bæjarráðið fund í skrifstofu borgarstjóra, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

Borgarstjóri skýrði frá því, hvað liði sáttaumleitunum í verkfallsdeilu strætisvagnastjóra við bæjarstjórn, sem eiganda Strætisvagna Reykjavíkur.

Að fenginni umsögn frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja og frá Alþýðusambandi Íslands, varðandi kjör vagnstjóranna, kvaðst borgarstjóri hafa boðið vagnstjórunum að gerast fastir starfsmenn bæjarins með launum skv. XI. launaflokki (Hámarkslaun eftir 6 ára starfstíma kr. 600.- á mánuði), þannig að núverandi vagnstjórar fengju aldursuppbætur miðaðar við starfstíma þeirra sem strætisvagnastjórar, og ennfremur að þeir fengju allir nokkura kauphækkun frá því sem nú er (kr. 525.- á mánuði).

Samninganefnd vagnstjóranna hafi alveg neitað því, að þeir yrðu fastir starfsmenn, en hinsvegar lagt fram tilboð, um að launin yrðu ákveðin kr. 575.- auk 6%, eða kr. 609.50 á mánuði fyrsta starfsárið, en síðan kr. 600.- auk 6%, eða kr. 636.- á mánuði. Jafnframt hafi vagnstjórarnir léð máls á því, að framangreint kaupálag, 6%, rynni í styrktarsjóð þeirra, eftir nánara samkomulagi.

Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson.

Guðm. Ásbjörnsson. Jón Axel Pétursson.

Sigfús Sigurhjartarson. Jóhann Hafstein

Gunnar Thoroddsen.

um að gatan verði malbikuð nú í sumar.

15. Lögreglustjóri tilkynnir að Bárður Óli Pálsson, lögregluþjónn, hafi látið af störfum frá og með 1. þ.m.

16. Lögð fram skýrsla frá Aðalsteini Jóhannssyni um rottueyðingu árið 1945.

17. Lagt fram bréf frá Fæðiskaupendafélagi, dags. 27. febr., með beiðni um að bæjarráð sjái félaginu fyrir viðunandi húsnæði fyrir mötuneyti.

18. Samþ. að taka tilboði frá Helga Guðmundssyni, dags. 26. febr. síðastl., um hita- og hreinlætistækjalögn í Melaskólann.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# B Æ J A R R Á Ð.

Ár 1946, þriðjudaginn 5. mars, kl. 10 f.h., hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Synjað beiðni frá Geirharði Jónssyni um leigu á setuliðshúsi í Herskóla Camp.

2. Umsókn frá stjórn ríkisspítalanna um lóð undir hjúkrunarkvennaskóla hjá Landspítalalóðinni, vísað til skipulagsnefndar til umsagnar.

3. Umsókn frá Benjamín Jónssyni um lóð í Fossvogi, synjað.

4. Synjað beiðni frá Byggingarfélagi kennara í Laugarnesskólanum um leyfi til að fá óunnið steypuefni úr malargryfjum bæjarins.

5. Synjað erindi frá Hafsteini Bergþórssyni, dags. 25. jan., um lóðarréttindi með skúr, sem h.f. Snári á hjá Álfheimum við Sundlaugaveg.

6. Íþróttabandalag Reykjavíkur tilkynnir að af þess hálfu hafi verið kosnir í stjórn Íþróttavallarins: Jón Þórðarson, Hrólfur Benediktsson og Sigurpáll Jónsson.

7. Samþ. beiðni frá Jóhanni Fr. Guðmundssyni um að hann fái leyfi til að nota setuliðsskemmu í Langholtinu til matvælageymslu um tveggja ára skeið. Leiga verði ekki krafin fyrst um sinn til 1. oktbr. næstk.

8. Lögð fram fundargerð heilbrigðisnefndar 26. febr. síðastl.

9. Bæjarráð telur ekki unnt að gera leigusamning um lóðina Höfðatún 12, þann hluta lóðarinnar, sem fyrirhugað var í septbr. 1944 að h.f. Askja héldi áfram.

10. Erindi frá Þórði Ólafssyni, dags. 24. jan., um að setuliðsskálar á lóð hans nr. 40 við Skúlagötu megi standa í allt að 3 ár, samþ. með 3:1 atkv.

11. Bæjarráð samþykkir erindi Jóhannesar G. Helgasonar, um að leigutími lóðar fyrir kartöflugeymslu hjá Ártúnsbrekku verði ákveðinn 20 ár.

12. Erindi slökkviliðsmanna, dags 23. febr., varðandi slysatryggingar slökkviliðsins vísað til hagfræðings bæjarins til athugunar. Bæjarráð er því samþykkt að tryggingarnar verði hækkaðar.

13. Lagt fram bréf dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, dags. 22. febr., varðandi greiðslu aukavinnu til lögregluþjóna.

14. Lagt fram bréf frá húseigendum við Kárastíg, dags. 4. jan., um að gatan verði malbikuð nú í sumar.

15. Lögreglustjóri tilkynnir að Bárður Óli Pálsson, lögregluþjónn, hafi látið af störfum frá og með 1. þ.m.

16. Lögð fram skýrsla frá Aðalsteini Jóhannssyni um rottueyðingu árið 1945.

17. Lagt fram bréf frá Fæðiskaupendafélagi, dags. 27. febr., með beiðni um að bæjarráð sjái félaginu fyrir viðunandi húsnæði fyrir mötuneyti.

18. Samþ. að taka tilboði frá Helga Guðmundssyni, dags. 26. febr. síðastl., um hita- og hreinlætistækjalögn í Melaskólann.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

19. Félag ísl. botnvörpuskipaeigenda skrifar bréf, dags. 20. febr. síðastl., varðandi endurbætur við höfnina. Ákveðið að fá umsögn hafnarstjóra og rafmagnsstjóra um málið.

20. Lögð fram umsögn rafmagnsstjóra, dags. 27. febr., um umsókn frá búendum að Hólmi um rafmagnsheimtaug. Ákveðið að fá nánari greinargerð um stofnkostnað.

21. Lagt fram bréf frá Félagi ísl. iðnrekenda, dags. 18. janúar síðastl., varðandi verð á rafmagni til h.f. Fiskimjöl, svo og umsagnir rafmagnsstjóra, dags. 6. og 7. febrúar.
Bæjarráð samþ. að breyta ekki fyrri afstöðu sinni til þessa máls, en senda félaginu umsagnir rafmagnsstjóra.

22. Erindi um rafmagn til næturhitunar í húsinu Baugsveg 27, vísað til rafmagnsstjóra til afgreiðslu.

23. Lagt fram bréf frá iðnaðarnefnd Neðri deildar með beiðni um umsögn bæjarráðs um breytingartill. á þskj. 453 við frv. til laga um virkjun Sogsins, þskj. 440.
Bæjarráð leggur á móti því að 1. og 2. brtt. verði samþykktar, en lætur afskiptalaust, hvort 3. tillagan verði samþykkt.

24. Lagt fram bréf hitaveitustjóra, dags. 1. þ.m., um árangur af jarðborunum hjá Reykjum í seinni tíð.

25. Útsvarsmáli h.f. Hængs vísað til borgarritara til afgreiðslu.

Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson.

Guðm. Ásbjörnsson. — Jóhann Hafstein

Sigfús Sigurhjartarson. — Jón Axel Pétursson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# B Æ J A R R Á Ð.

Ár 1946, miðvikudaginn 6. mars kl. 4½ e.h., hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

Rætt um kaupdeilu vagnstjóra Strætisvagnanna við bæjarstjórn.

Borgarstjóri bað bókað:

"1. Til þess að koma í veg fyrir allan misskilning vil ég taka fram, að vagnstjórunum hefir verið boðið kaup með hliðsjón af XI. launaflokki bæjarins, hámarkskaup á mánuði kr. 600.-, en jafnframt að þeir hækki allir í launum frá því sem nú er (kr. 525.- á mán.), t.d. upp í 550.- og 575.- kr., þeir sem skemmst hafa starfað, en þeir í hámark strax, sem lengur hafa verið, eftir nánara samkomulagi, allt án nokkurs ákvæðis eða skuldbindingar um að þeir gerist fastir opinberir starfsmenn.

2. Vagnstjórunum hefir einnig verið boðið að gerast nú þegar fastir starfsmenn bæjarins, með launakjörum eftir XI.flokki, þó þannig að laun þeirra allra hækki frá því sem nú er.

3. Í þriðja lagi hefir í viðræðunum hjá sáttasemjara komið fram sú tillaga, að nú verði samið um launagreiðslu með hliðsjón af XI. flokki, hámarkslaun 600 kr., en lægra þeir, sem skemur hafa verið, með álagi til styrktarsjóðs vagnstjóranna, en jafnframt verði um það samið, að vagnstjórarnir verði síðar fastir starfsmenn bæjarins, ef bæjarstjórn óskar þess. Mun þessi tillaga fram komin vegna þess að því hefir verið haldið fram, að Hreyfill og Alþýðusambandið gætu ekki unað því, að verkfallinu lyki með því, að bifreiðastjórarnir yrðu fastir starfsmenn, þótt um það mætti semja, að þeir yrðu það síðar. Hefi ég tekið þessari tillögu líklega, með því skilyrði, að þá verði jafnframt samið um að vagnstjórarnir taki laun skv. XI. flokki, ef þeir yrðu gerðir fastir starfsmenn. Hinsvegar hafa vagnstjórarnir talið á því ýms tormerki, að þeir yrðu fastir starfsmenn, og ekki viljað semja nú um ákveðinn launaflokk, þó að svo yrði.

---

Svo sem kunnugt er, hefir af hálfu bæjarins verið talað um launagreiðslu til vagnstjóranna með hliðsjón af XI. launaflokki, vegna umsagnar stjórnar B.S.R.B., dags. 3. þ.m., en hún telur ekki óeðlilegt að launakjör vagnstjóranna verði miðuð við þann flokk, ef þeir verði fastir starfsmenn, og telur að það myndi ekki hafa truflandi áhrif á launastiga bæjarins og ríkisins."

Allir viðstaddir bæjarráðsmenn mæla með því, að samið verði á þeim grundvelli, sem segir í 1. lið.
Þrír bæjarráðsmenn mæla og með samningum skv. 2. lið og geta e.a. fallist á samninga skv. 3. lið.
Sigfús Sigurhjartarson vill ekki mæla með samningum skv. 2. og 3. lið.

Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson.

Jóhann Hafstein. Sigfús Sigurhjartarson.

Guðm. Ásbjörnsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# B Æ J A R R Á Ð.

Ár 1946, föstudaginn 8. mars, kl. 2 e.h., hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Samþ. að fela skipulagsmönnum til umsagnar bréf frá S.Í.S., dags. 6. þ.m., varðandi skipulag hjá Grandavegi.

2. Lagt fram bréf frá Jóhanni Jónassyni, um að hann segi lausu starfi sínu sem ræktunarráðunautur bæjarins. - Samþ. að auglýsa stöðuna lausa með umsóknarfresti til 1. apríl.

3. Lögð fram bréf frá atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu 28. febr. og 5. mars, varðandi byggingu gistihúss í Reykjavík, eða undirbúning þess máls.

4. Samþ. að fela gasstöðvarstjóra að gera ráðstafanir til að afla gaskola handa stöðinni.

5. Samþ. að gera 5 ára lóðarsamning um hæfilega spildu með húsinu á Höfðatúni 12, eftir útvísun bæjarverkfræðings. Borgarritara og bæjarverkfræðingi falið að ákveða leiguskilmálana að öðru leyti.

6. Garðyrkjufél. Íslands sækir um 20 þús. króna styrk til garðyrkjusýningar í Reykjavík á þessu ári. Samþ. að óska eftir nánari upplýsingum.

7. Þórður Ág. Þórðarson, Langhv. 1, sækir um starf húsvarðar við nýja Melaskólann.

8. Samþ. að gefa Guðm. Þorsteinssyni, Meðalh. 13, kost á lóðinni nr. 39 við Skipasund, til þess að flytja þangað hús af Lvg. 24.

9. Samþ. að framlengja til 1. maí þ.á. byggingarfresti á lóðinni Ásveg 10 og á lóð lögregluþjóna við Grettisgötu, norðan Njálsgötu-leikvallarins.

10. Erindi frá Gunnari Guðjónssyni, dags. 25. f.m., varðandi leigu á herskálum í Baldur Camp, vísað til bæjarverkfræðings til afgreiðslu.

11. Samþ. að leyfa Knattspyrnufél. Fram byggingu bráðabirgða búningsklefa á velli félagsins hjá Sjómannaskólanum, með því skilyrði, að skúrinn verði tekinn burtu bæjarsjóði að kostnaðarlausu, þegar krafist verður.

12. Lögð fram skýrsla um störf Ráðningarstofunnar í febr. sl.

13. Borgarstjóri lagði fram greinargerð, vegna framkominnar greinargerðar frá vagnstjórum strætisvagnanna um samanburð á kjörum vagnstjóranna árið 1939 og nú.

14. Lögð fram áætlun Sigurðar Sveinssonar og Jóhanns Kr. Jónssonar um stofnkostnað við væntanlega gróðrarstöð í Lambhaga.

15. Lögð fram greinargerð frá Einar Sveinssyni, húsameistara bæjarins, dags. 7. þ.m., varðandi framhald byggingarvinnu við íbúðarhúsin við Skúlagötu. Bæjarráð samþykkir tillögur húsameistarans.

Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson.

Sigfús Sigurhjartarson. Jón Axel Pétursson.

Jóhann Hafstein.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

B Æ J A R R Á Ð.

Ár 1946, miðvikudaginn 13. mars, kl. 11.15 f.h., hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

Borgarstjóri skýrði frá miðlunartillögu sáttasemjara í vinnudeilu vagnstjóra Strætisvagnanna við bæjarstjórn og lagði fram frv. að nýjum samningi.

Tillaga sáttasemjara var samþykkt með samhlj. atkvæðum og forstjóra Strætisvagnanna veitt umboð til að undirrita samninginn fyrir hönd bæjarins.

Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson.

Gunnar Thoroddsen. Jóhann Hafstein.

Jón Axel Pétursson. Sigfús Sigurhjartarson.

"Bæjarstjórn samþykkir að kjósa 5 manna nefnd til þess að athuga og gera tillögur um fyrirkomulag á kennslu barna á aldrinum 5 til 7 ára og aðstoð bæjarins í því efni.

Skal nefndin hafa samráð við fræðslumálstjóra, fræðslufulltrúa bæjarins, skólastjóra barnaskólanna og þá aðra aðila, sem eru sérstaklega kunnugir þessum málum".

Málinu vísað til bæjarstjórnar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# B Æ J A R R Á Ð.

Ár 1946, föstudaginn 15. mars, kl. 2 e.h., hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Bæjarráð synjar að svo stöddu beiðni um byggingu íbúðarhúss á erfðafestulandinu Laugamýrarbl. XXX.

2. Bæjarráð óskar eftir nánari skýringum á erindi frá Guðjóni K. Ólafssyni um byggingarlóð í Árbæjarlandi.

3. Synjað beiðni frá Ingimundi Bjarnasyni um lóð undir skúr í Eiðislandi.

4. Synjað beiðni frá Guðm. Einarssyni, Skólavst. 43, um lóð undir íbúð og vinnustofu sunnan við Skólavörðutorg. Erindi hans, dags. 12. þ.m., að öðru leyti vísað til bæjarverkfræðings til meðferðar.

5. Samþ. að afturkalla úthlutun lóðarinnar Kaplaskjól 1.

6. Rætt um setuliðshús á lóð Þórðar Ólafssonar við Skúlagötu og Barónsstíg.

7. Fyrirspurn frá S.Í.S. varðandi byggingarlag á lóðunum 8 B. og 10 við Kirkjustræti, vísað til skipulagsnefndar og skipulagsmanna bæjarins til umsagnar.

8. Lögð fram greinargerð frá Sigurgeiri Sigurjónssyni hrl. vegna h.f. Tivoli, dags. 13. þ.m., um fyrirhugað fyrirkomulag á útiskemmtistað, sem félagið hefir í hyggju að koma upp suður með Njarðargötu, suður undir Fossagötu, svo og umsögn flugmálastjóra, dags. 11. þ.m., um skemmtistað á þessum slóðum.

9. Bæjarráð samþ. fyrir sitt leyti, að íbúðareigendur í húsinu Hringbraut 145 verji úr viðhaldssjóði sínum fé til að mála sameiginlega ganga í húsinu.

10. Lögð fram skýrsla um handavinnunámskeið Heimilisiðnaðarfélagsins árið 1945.

11. Lagt fram bréf frá Júlíusi Jónssyni, Óð. 30 A., varðandi launakjör hans, svo og umsögn Starfsmannafélagsins.

12. Lagt fram bréf frá stjórn Starfsmannafélagsins, dags. 8. þ.m., varðandi störf klefa- og baðvarða í Sundhöllinni. Bæjarráð synjar erindi klefa- og baðvarðanna um flokkshækkun með 3 atkv.

13. Samþ. að Kristín Þorláksdóttir taki laun hjá Rafmagnsveitunni skv. XI. launaflokki.

14. Lögð fram umsögn frá stjórn Starfsmannafélagsins, dags. 8. þ.m., um erindi frá vélstjórum við orkuver bæjarins, varðandi launakjör þeirra skv. hinni nýju launasamþykkt.

15. Bæjarráð synjar erindi frá Þórði Á. Jóhannssyni og Felix Sigurbjörnssyni um að verða fastir starfsmenn, hefilstjórar, með launum skv. X. fl.

16. Rætt um beiðni, dags. 11. febr. síðastl., um bæjarábyrgð fyrir allt að 1 milj. kr. láni til að reisa barnaskóla, hús fyrir skóla Ísaks Jónssonar.
    Jón A. Pétursson bar fram svohlj. tillögu:

    > "Bæjarstjórn samþykkir að kjósa 5 manna nefnd til þess að athuga og gera tillögur um fyrirkomulag á kennslu barna á aldrinum 5 til 7 ára og aðstoð bæjarins í því efni.
    > Skal nefndin hafa samráð við fræðslumálstjóra, fræðslufulltrúa bæjarins, skólastjóra barnaskólanna og þá aðra aðila, sem eru sérstaklega kunnugir þessum málum".

    Málinu vísað til bæjarstjórnar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

17. Lögð fram skýrsla um starfsemi slökkviliðsins árið 1945.

18. Samþ. að greiða reikninga yfir matarkaup handa lögregluþjónum kjördaga 1942 og 1946.

19. Matsveina- og veitingaþjónafélag Íslands býður aðstoð við val á fólki til náms í matreiðslu og framreiðslu, vegna fyrirhugaðrar gistihússbyggingar.

20. Erindi frá verkakvennafélaginu Framsókn, dags. 9. þ.m., varðandi kaupbreytingu, vísað til borgarstjóra til afgreiðslu.

21. Bæjarráð samþykkir tillögur Sjávarútvegsnefndar um að gefa þessum mönnum kost á Svíþjóðarbátum, auk Gunnars Valgeirssonar, sbr. fundargerð bæjarráðs 4. jan. þ.á.:

Kristinn Stefánsson, Bárugötu 35
Jón Björnsson, Sólvallagötu 34
Ármann Friðriksson, Miðtúni 48.

Borgarstjóra falið að tilkynna þeim skilyrðin.

22. Borgarstjóra heimilað að taka úr erfðafestu eftir þörfum vegna byggingarframkvæmda, þessi lönd að nokkru eða öllu:

Norðurmýrarbl. XIII, XXXII og XXXIII.

23. Að framlagðri umsögn rafmagnsstjóra, dags. 8. þ.m., var synjað beiðni um næturrafmagnshitun í húsinu Sörlaskjóli 84.

24. Erindi frá h.f. Rúgbrauðsgerðinni um raforku í brauðgerðarhús félagsins við Borgartún 6, vísað til rafmagnsstjóra til afgreiðslu á þeim grundvelli, sem segir í bréfi hans, dags. 13. þ.m.

25. Samþ. að tilnefna í sumardvalarnefnd af bæjarins hálfu Harald Árnason kaupm. og Katrínu Pálsdóttur bæjarftr. Ákveðið að óska þess að ríkisstjórnin og Rauði Kross Íslands tilnefni fulltrúa í nefndina með svipuðum hætti og undanfarandi ár.

26. Lagt fram bréf frá Vatns- og hitaveitustjóra, dags. 14. þ.m., varðandi löggildingu pípulagningameistara. Málinu vísað til bæjarstjórnar.

27. Í framhaldi af umræðum, sem hafa orðið í bæjarráði á nokkrum fundum undanfarið, um ályktunartillögur, sem var vísað til bæjarráðs í sambandi við afgreiðslu fjárhagsáætlunar fyrir árið 1946 á fundi bæjarstjórnar 7. febr. síðastl., skýrði borgarstjóri frá eftirfarandi:

A. Innkaupastofnuninni hefir verið falið að afla gagna um fáanleg hagkvæm tæki til sorp- og gatnahreinsunar, en bæjarverkfræðingur vinnur, ásamt Ásgeiri Þorsteinssyni verkfr., að undirbúningsathugunum um sorpvinnslustöð. Ennfremur mun hinn nýi heilbrigðisfulltrúi verða beðinn að athuga fyrirkomulag þessara mála á Norðurlöndum.

B. Með samþ. bæjarráðs hefir Gísla Sigurbjörnssyni, forstjóra Elliheimilisins, verið falið að semja greinargerð um hugsanlega framkvæmd þess að koma upp almenningsþvottahúsi, jafnframt því sem honum hefir sérstakl. verið falið, ásamt forstj. Innkaupastofnunarinnar og skrifstofustjóra bæjarverkfræðings, að athuga möguleika fyrir kaupum á þvottavélum, sem setuliðin eiga hér.

C. Bæjarstjórn kaus hinn 21. febr. síðastl. 5 manna nefnd til að gera tillögur um byggingu og fyrirkomulag fullkominnar heilsuverndarstöðvar, en um byggingu nýs farsóttahúss er ákveðið að leita samninga við ríkisstjórnina um undirbúning og framkvæmdir.

D. Ríkisstjórn og Nýbyggingarráði hefir verið tilkynnt ályktun bæjarstjórnar um ítrekun kröfu hennar um að

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

2/3 hlutum togaranna, sem þegar hefir verið samið um smíði á, verði úthlutað til umsækjenda í Reykjavík, þ.á.m. bæjarstjórnar.

E. Ályktun varðandi fiskiðnaðarver við höfnina hefir verið fengin sjávarútvegsnefnd og hafnarstjórn til nánari meðferðar.

F. Landbúnaðarnefnd hefir verið falið að gera ákveðnar tillögur um framkvæmd þeirrar ályktunar, að koma á fót fyrirmyndarkúabúi á Korpúlfsstöðum.

G. Borgarstjóri hefir átt viðræður við forstöðumenn sjómannastofu þeirrar, sem starfaði í bænum í stríðsbyrjun, og er til athugunar, hvernig best verði sameinaðir þeir aðilar, sem líklegastir eru til starfrækslu sjómannastofu.

H. Nýstofnað fæðiskaupendafélag hefir óskað eftir stuðningi bæjarins til að koma upp matsölustað, og munu tillögur, sem vísað var til bæjarráðs um það efni teknar til ákvörðunar um leið og þessi málaleitun.

I. Rafmagnsstjóra hefir verið fengin til athugunar og umsagnar tillaga um nýja hagkvæmari rafmagnstaxta fyrir iðnaðarnotkun, þegar nýja eimtúrbínustöðin er komin upp.

J. Óskað hefir verið eftir rekstursreikningum kvikmyndahúsanna fyrir síðastl. ár, vegna framkominnar tillögu um tvöföldun á sætagjaldinu.

K. Bæjarverkfræðingi hefir verið falið að undirbúa samkeppni meðal arkitekta um teikningar að hentugustu gerð smáhúsa.

28. Vegna ítrekaðra mótmæla Skipulagsnefndar gegn hækkun á húsum við Grettisg., Njálsg. og Bergþórugötu, á milli Barónsstígs og Hringbrautar, sbr. 31. lið bæjarráðsfundargerðar 15. febr. síðastl., telur bæjarráð ekki fært, að halda samþykkt sinni til streytu.

Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson.

Jón Axel Pétursson. Sigfús Sigurhjartarson.

Auður Auðuns. Jóhann Hafstein.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# B Æ J A R R Á Ð.

Ár 1946, föstudaginn 22. mars, kl. 2 e.h., hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Samþ. að leyfa byggingu alifuglahúss á erfðafestulandinu Kaplaskjólsmýri V, með skilyrði um að húsið verði fjarlægt af landinu, bæjarsjóði að kostnaðarlausu, þegar krafist verður.

2. Boðinn forkaupsréttur að erfðafestulandinu Laugarnesi fyrir kr. 350.000.-. Hafnað.

3. Boðinn forkaupsréttur að erfðafestulandinu Vatnagarðabletti III fyrir kr. 40.000.-. Hafnað.

4. Boðinn forkaupsréttur að erfðafestulandinu Sogamýrarbl. XXVI fyrir kr. 45.000.-. Hafnað. Jafnframt vekur bæjarráð athygli á því, að á landinu eru nokkrar byggingar í óleyfi, sem taka verður burtu, bæjarsjóði að kostnaðarlausu, hvenær sem krafist verður.

5. Samþ. að gefa Magnúsi Konráðssyni, Fram. 30, kost á lóðinni Kaplaskjóli 1, en hann afsalar jafnframt Sörlaskjóli 90, byggingarfrestur til 1. maí.

6. Samþ. að gefa Gunnari Snorrasyni, Seljav. 13, kost á lóðinni nr. 90 við Sörlaskjól, með byggingarfresti til 1. maí.

7. Samþ. að gefa Kristni Kristjánssyni, Háteigi, kost á lóðinni Skipasundi 36, til þess að flytja á hana íbúðarhús hjá Háteigi.

8. Samþ. að gefa Friðriki Þorsteinssyni, Túng. 34, kost á lóðinni Skipasundi 27, til að flytja á hana hús af lóðinni Bergstaðastræti 9 B.

9. Eftir beiðni Jóhanns Á. Sigurðssonar, Framnesv. 34, var samþ. að gera leigusamning um lóðina Sörlaskjól 36 við hann og Ástþór B. Jónsson, Framnesv. 34.

10. Synjað beiðni frá Jóni Kr. Einarssyni um lóðarréttindi með íbúðarskúr við Framnesveg 41.

11. Samþ. að heimila borgarstjóra að leyfa byggingu yfir gang að bakhúsinu nr. 6 A. við Grettisgötu, eða selja ganginn.

12. Synjað erindi frá Guðjóni B. Jónssyni um leyfi til að láta standa steinhús í herskálahverfinu Selby Camp.

13. Bæjarráð telur ekki rétt að selja hafnarsjóði geymsluskála í Grensási.

14. Lagt fram bréf frá breska flugforingjanum hér, varðandi byggingar í nánd við flugvöllinn.
Bæjarráð samþ. að gefa h.f. Tivoli kost á leigulandi undir skemmtistað sunnan Njarðargötu, eftir nánari útvísun bæjarverkfræðings og með skilmálum, sem síðar verða settir.

15. Borgarstjóri skýrði frá efni bréfs, sem honum hefir borist frá Slippfélaginu, dags. 18. þ.m., varðandi viðskipti félagsins við bæjar- og hafnarstjórn.

16. Bæjarverkfræðingi heimilað að láta reisa bráðabirgðahús fyrir verkstjóra hjá steinsteypuverksmiðju bæjarins.

17. Lagt fram bréf frá Vörubílstjórafél. Þrótti, dags. 20. þ.m., varðandi akstur vegagerðar ríkisins á ofaníburði fyrir bæinn. Bæjarráð telur ekki ástæðu til sérstakra aðgerða út af erindinu, en felur bæjarverkfræðingi að senda félaginu greinargerð um málið.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

18. Bæjarverkfræðingi heimilað að ráða sérstakan malbikunarsérfræðing hingað til landsins, í samvinnu við vegamálastjóra f.h. ríkisins.

19. Bæjarráð samþykkir fyrir sitt leyti, að Byggingafél. símamanna noti teikningar af fjölbýlishúsum, sem bærinn hefir látið reisa.

20. Bergsteinn Guðjónsson afsalar lóðinni Skipasund 12. Samþ. að afturkalla úthlutun Ægissíðu 1o3.

21. Samþ. að framlengja byggingarfrest á lóðunum Engihlíð 6 - 8.

22. Samþ. þessi lóðaúthlutun, með byggingarfresti til 1. maí næstk.:

| | | | |
|---|---|---|---|
| Jón Blöndal, Leifsg. 18, | fær | Ægissíðu | 1o1 |
| Árni B. Jónasson, Bjarg. 15, | - | Faxaskjól | 4 |
| Hinrik Ragnarsson, Litla-Haga, | - | Skipasund | 29 |
| Lúðvík Þorgeirsson, Berg. 71, | - | - | 12 |
| Óskar Þórðarson, Þórsg. 7 A., | - | Laugateig | 41 |
| Konráð Guðjónsson, Vífilsg. 7, | - | - | 76 |
| sem Þór. Hallgrímsson afsalar. | | | |
| Þórarinn Hallgrímsson, Skeggjag. 23, | - | - | 55. |

23. Lögð fram bréf frá h.f. Orku, dags. 14. og 20. þ.m., varðandi steypumiðstöð. Falið bæjarverkfræðingi til athugunar.

24. Lögð fram tillaga Rafmagnseftirlits ríkisins, varðandi samvinnu milli ríkisins, Reykjavíkurbæjar og Hafnarfjarðarbæjar, um rannsókn á jarðhitasvæðum.

25. Lagðar fram skýrslur frá Sig. H. Péturssyni, gerlafr., um mjólkurrannsóknir í Rvík á tímabilinu 1. nóvbr. 1944 - 28. febr. þ.á.

26. Lagt fram bréf frá allsherjarnefnd neðri deildar, dags. 19. þ.m., þar sem beiðst er umsagnar um frv. til laga um breytingar á l. 39, 7. apríl 1943 um húsaleigu, þskj. 486.
Bæjarráð telur eðlilegt að ákvæði húsaleigulaganna séu rýmkuð jafnskjótt og Alþingi telur fært.

27. Lagt fram bréf frá dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, dags. 18. þ.m., varðandi undirbúning að stofnun þvottahúss hér í bænum. Falið borgarstjóra til meðferðar.

28. Lagt fram bréf frá stjórn Elli- og hjúkrunarheimilisins Grundar, þar sem farið er fram á viðbótarframlag úr bæjarsjóði, kr. 200.000.-, vegna byggingar á starfsmannahúsi.

29. Lögð fram umsókn frá Hirti Kristmundssyni, kennara við Laugarnesskólann, um ársfrí frá störfum með fullum launum, til að leita sér lækninga.
Borgarstjóra falið að leita álits fræðslumálastjórnarinnar og þátttöku hennar í launagreiðslu, ef orðið yrði við erindinu.

30. Lagt fram bréf frá lögtaksinnheimtumönnum bæjargjalda, dags. 20. þ.m., varðandi launakjör þeirra. Vísað til borgarritara til umsagnar.

31. Lagt fram bréf frá Samb. ísl. sveitarfélaga, dags. 20. þ.m., með tilkynningu um að Norges Byforbund hafi boðið sambandinu að senda tvo fulltrúa á 12. reglulegt þing norska kaupstaðasambandsins í Lillehammer 10. og 11. maí nk. Samþ. að taka tilboði um að annar fulltrúinn verði tilnefndur af Reykjavíkurbæ.

32. Samþ. að óska eftir umsögn Starfsmannafélagsins um tillögur um breytingar á launum hjá nokkrum starfsmönnum Rafmagnsveitunnar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

33. Samþ. að verða við erindi um næturrafmagn að Keldum, enda greiði umsækjandi, Rannsóknarstofa Háskólans, allan kostnað af framkvæmdinni, þ.á.m. nauðsynlega breytingu á spennistöð.

34. Beiðni frá Hallgrími Jónssyni um rafmagnsheimtaug í skúr við Reykjanessbraut vísað til rafmagnsstjóra til afgreiðslu.

35. Lögð fram umsögn rafmagnsstjóra um beiðni um rafmagnsheimtaug að Hólmi. Ákvörðun frestað.

36. Lagt fram bréf frá Félagi ísl. iðnrekenda, dags. 19. þ.m., varðandi rafmagnsverð h.f. Fiskimjöl. Meirihl. bæjarráðs telur ekki tilefni til að breyta afstöðu sinni til málsins.

Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson.

Guðm. Ásbjörnsson. Jóhann Hafstein

Gunnar Thoroddsen. Sigfús Sigurhjartarson.

Jón Axel Pétursson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# B Æ J A R R Á Ð.

Ár 1946, föstudaginn 29. mars, kl. 2 e.h., hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Synjað beiðni frá Ágústi Jónssyni um ca. 15 ha. erfðafestuland á svonefndum Jörfa við Grafarvog.

2. Boðinn forkaupsréttur að leigulandinu Árbæjarbletti 66 fyrir kr. 12.000.–. Hafnað.

3. Synjað beiðni um byggingarleyfi íbúðarhúss á erfðafestulandinu Kringlumýrarbletti XXVIII.

4. Erindi frá Óskari Bjartmarz um leigu fyrir steinhús(setuliðshús) í Fossvogi, vísað til bæjarverkfræðings til afgreiðslu.

5. Lagt fram bréf frá Sigurði Jónssyni, Víðimel 58, varðandi leigu á herskála á gatnamótum Faxaskjóls og Ægissíðu. Vísað til borgarstjóra til afgreiðslu.

6. Synjað beiðni frá Hákoni Jónassyni um leigu á hluta af Elliðavatnsengjum.

7. Samþ. að Bjarni Guðjónsson megi selja Ásgeiri Einarssyni, Stað við Laugarásveg, eignina nr. 1 við Teigaveg.

8. Beiðni frá Íþróttafélagi Reykjavíkur um æfingavöll á Sunnuhvolstúni, vísað til íþróttaráðunautar bæjarins til umsagnar.

9. Lagt fram bréf frá stjórn Íþróttavallarins, dags. 25. þ.m., með frv. að endurskoðaðri reglugerð fyrir íþróttasvæðin í bænum.

10. Lagt fram bréf frá stjórn Íþróttavallarins, dags. 25. þ.m., varðandi nauðsyn þess að hraða framkvæmdum við endurbætur á vellinum nú í vor. Vísað til bæjarverkfræðings og íþróttaráðunautar til athugunar.

11. Lagt fram bréf frá eigendum fasteigna við Drafnargötu, dags. 22. þ.m., með áskorun um, að gatan verði ekki lögð niður. Falið bæjarverkfræðingi og húsameistara til athugunar.

12. Lagt fram bréf frá Einari Ól. Sveinssyni, Lvg. 22 A., varðandi byggingu yfir gang á milli lóðanna nr. 22 A. og 24 við Laugaveg. Falið borgarstjóra til afgreiðslu með 4:1 atkv.

13. Lagt fram bréf frá Jónasi Sveinssyni o.fl. læknum, dags. 28. þ.m., varðandi kaup á eigninni Tjarnargötu 35, Sólheimum. Bæjarráð mælir með því, að bærinn kaupi eignina með þeim kjörum er í bréfinu greinir.

14. Lögð fram bréf frá Skipulagsnefnd, dags. 22. þ.m., varðandi lóð undir hjúkrunarkvennaskóla, dags. 22. þ.m. varðandi húsahæðir við Kirkjustræti, og dags. 23. þ.m., varðandi húsahæðir við Fríkirkjuveg.
Ennfremur lagt fram bréf frá bæjarverkfræðingi og húsameistara, dags. 29. þ.m., um afgreiðslu þessara mála. Málinu vísað til borgarstjóra til meðferðar.

15. Borgarstjóra heimilað að gera leigusamning við eigendur Landakotseignarinnar um suðausturhluta túnsins, til þess að gera þar skemmtigarð.

16. Samþ. að lóðaskrárritari taki laun skv. V. flokki launasamþykktarinnar.

17. Lagt fram bréf frá eigendum nr. 6 við Leifsgötu, varðandi starfsemi sem rekin er í húsinu Leifsgötu 4 og útihúsi. Vísað til byggingarfulltrúa og lögreglunnar til meðferðar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

18. Guðm. Ásbjörnsson gerði grein fyrir störfum nefndar, sem skipuð var á síðastl. ári, til þess að athuga hagkvæma nýtingu hæðar, sem fyrirhugað er að reisa ofan á Austurbæjarskólann. Húsameistara bæjarins falið að ræða málið nánar við Sigurð Guðmundsson húsameistara.

19. Lagt fram bréf frá Lögreglufélaginu, varðandi greiðslu aukavinnu.

20. Borgarritara og hagfræðingi bæjarins falið að semja frv. að reglum um vinnutíma starfsmanna og greiðslu fyrir yfirvinnu, með hliðsjón af nýútgefinni reglugerð um sama efni hjá starfsmönnum ríkisins.

21. Lagður fram reikningur Styrktarsjóðs verkamanna- og sjómannafélaganna árið 1945.

22. Bæjarráð samþ. fyrir sitt leyti, að selja megi Páli Jónssyni frá Ísafirði, starfsm. Stórstúkunnar I.O.G.T., íbúð í húsi, sem verið er að reisa hér í bænum.

23. Erindi frá Sigurði Grímssyni, fulltrúa, um fjögra mánaða sumarfrí, eftir læknisráði, vísað til borgarstjóra til afgreiðslu.

24. Lagt fram bréf frá S. P. Fornjótur, Kaupmannahöfn, með fyrirspurn um það, hvort bærinn vilji koma á stofn ferðaskrifstofu.

25. Lögð fram umsögn hagfræðings bæjarins um erindi slökkviliðsmanna, varðandi hækkun á slysatryggingu slökkviliðsins. Samþ. að verða við erindinu.

26. Lagt fram bréf frá skólanefnd Austurbæjarskólans og umsókn Haraldar Björnssonar, dags. 11. þ.m., um frí frá kennslustörfum. Bæjarráð mælir með því að Haraldur fái frí, með fullum launum, frá 1. septbr. til áramóta næstk., sem viðurkenningu fyrir leikstarfsemi hans.

27. Lagt fram bréf frá rafmagnsstjóra, dags. 23. þ.m., varðandi rafmagnsnotkun við höfnina.

28. Lögð fram skýrsla frá fræðslufulltrúa um heimavistarskólann á Jaðri.

29. Lagt fram bréf frá Einari Runólfssyni, dags. 29. þ.m., varðandi flutning á skúr við Þverholt. Vísað til bæjarverkfræðings til afgreiðslu.

30. Lagt fram bréf frá eigendum nokkurra jarða í Mosfellssveit, dags. 5. þ.m., með beiðni um raflagningu að býlum þeirra. Vísað til rafmagnsstjóra til athugunar.

31. Lagt fram bréf rafmagnsstjóra, dags. 21. þ.m., varðandi skýrslu um aukningar bæjarkerfisins.

32. Lagt fram bréf frá Landsbanka Íslands, dags. 25. þ.m., varðandi lántöku bæjarins vegna eimtúrbínustöðvarinnar, svo og vegna fyrirhugaðra aukninga á innanbæjarkerfi Rafmagnsveitunnar.
Bæjarráð mælir með því með 3 samhlj. atkv. að taka tilboði bankans um að ábyrgjast sölu á 4% skuldabréfum til 20 ára að upphæð kr. 7.000.000.-, til byggingar eimtúrbínustöðvarinnar, og 4% bréfum til 10 ára, að upphæð kr. 5.000.000.-, vegna aukninganna. Ábyrgðarþóknun 2%.

33. Samþ. tillaga vatns- og hitaveitustjóra í bréfi 28. þ.m., varðandi leiðslu frárennslisvatns frá Laugarnesskólanum í Sundlaugarnar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

34. Lagt fram bréf frá vatns- og hitaveitustjóra, dags. 28. þ.m., varðandi fyrirhugaða aukningu vatnsveitunnar og tilhögun framkvæmda við það verk.
Hitaveitustjóra falið að undirbúa útboð um þann hluta verksins, sem hann telur til þess hæfan, en undirbúa að öðru leyti að stofnunin láti sjálf framkvæma verkið.

35. Lagt fram bréf frá vatns- og hitaveitustjóra, dags. 28. þ.m., varðandi kaup á bifreiðum. Vísað til forstjórans til afgreiðslu.

Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson.

Guðm. Ásbjörnsson. Gunnar Thoroddsen.

Sigfús Sigurhjartarson. Jón Axel Pétursson.

Jóhann Hafstein.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# B Æ J A R R Á Ð.

Ár 1946, föstudaginn 5. apríl, kl. 2 e.h. hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Einar Andrésson afsalar leigulóðinni Kirkjuteig 2 og Logi E. Sveinsson afsalar lóðinni Hraunteig 26.

2. Samþ. að Hilmar H. Friðriksson, Túng. 34, verði leigjandi lóðarinnar nr. 22 við Sundlaugaveg, með Ingimundi Guðmundssyni, Hörp. 34.

3. Erindi frá samvinnufél. Hreyfli, um lóðir undir bifreiðaafgreiðslu í vestur- og austurbænum, vísað til bæjarverkfr. til umsagnar.

4. Samþ. að Jóhann Kristjánsson, Auðarstr. 17, verði leigjandi Mávahlíðar 22, með Emil Hjartarsyni, Brag. 26.

5. Lagt fram bréf frá stjórn Íþróttavallarins, dags. 4. þ.m., um endurbætur og stækkun á áhorfendastúku vallarins, svo og áskorun frá Knattspyrnuráði Reykjavíkur, dags. 26. f.m., um sama efni. Samþ. að verða við erindi stjórnarinnar, með þeim skilmálum sem í bréfinu greinir.

6. Samþ. að heimila borgarstjóra að kaupa Rauða-Kross herskálahverfið við Hringbraut, ásamt miðstöðvarkerfi þar.

7. Lagt fram bréf frá eiganda lóðarinnar Laugavegar 24, dags. 2. þ.m., varðandi réttindi að stíg á vesturmörkum lóðarinnar. Samþ. að selja honum ganginn, með áskildum umferðarrétti fyrir lóðirnar Laugaveg 22 B., 24 B. og 24 D., eftir mati dómkvaddra manna, enda greiði kaupandi allan matskostnað.

8. Samþ. að heimila borgarstjóra að leigja hestamannafélaginu Fák beitilöndin Geldinganes og Breiðholtsgirðingu.

9. Erindi lögreglustjóra, dags. 29. f.m., um einstefnuakstur um Tjarnargötu, á milli Vonarstrætis og Kirkjustrætis, vísað til bæjarverkfræðings til umsagnar.

10. Bæjarráð mælir með tillögu lögreglustjóra í bréfi 28. f.m., um að gera Sóleyjargötu, Fríkirkjuveg og Lækjargötu að aðalbrautum, skv. 7. gr. umferðarlaganna, þó þannig að Bankastræti njóti forréttar fram yfir Lækjargötu.

11. Bréfi lögreglustjóra, dags. 30. f.m., um að sett verði grindverk á gangstéttarbrúnir nokkurra götuhorna, vísað til bæjarverkfræðings til meðferðar.

12. Synjað erindi frá stjórn Landnáms templara "Jaðar", um að lækka reikning fyrir akstur á ofaníburði í veg að Jaðri og í hlaðið þar.

13. Lagt fram bréf frá byggingarfulltrúa, dags. 22. f.m., þar sem hann beiðist þess að mega ráða aðstoðarmenn til eftirlits með byggingarstarfsemi í bænum. Samþ. að heimila honum að ráða einn aðstoðarmann og annan í stað Sigm. Halldórssonar, sem segir lausu starfi sínu frá 1. maí næstk.

14. Bæjarráð samþ. fyrir sitt leyti, að Eyvindur Jónsson starfsm. Búreikningaskrifstofu ríkisins megi festa kaup á íbúð í húsinu Eskihlíð 14.

15. Lögð fram umsögn vatnsveituforstjóra um erindi Jóhanns G. Helgasonar um vatnsæð að kartöflugeymslu hjá Ártúnsbrekku. Erindinu synjað.

16. Lagt fram bréf frá Náttúrulækningafél. Íslands, dags. 26. f.m., með tilmælum um að matstofa félagsins verði undanþegin útsvarsskyldu í 5 ár. Bæjarráð telur ekki heimilt að veita slíka undanþágu.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

17. Lagt fram bréf frá sjávarútvegsnefnd, dags. 2. þ.m., með tilkynningu um að nefndin mæli með því að Svavari Tryggvasyni, Sogamýrarbletti 54, verði gefinn kostur á Svíþjóðarbát, með tilskildum kjörum. Bæjarráð samþykkir tillöguna.

18. Samb. veitinga- og gistihúsaeigenda óskar eftir því, að bæjarstjórn taki ekki ákvörðun um aðstoð til þess að koma upp almenningsmötuneyti, án þess að rætt verði áður við sambandið um málið.

19. Lagt fram bréf frá Félagi garðyrkjumanna, dags. 1. þ.m., með tilmælum um að bærinn semji við félagið um kaup og kjör garðyrkjumanna. Bæjarverkfræðingi falið að fylgjast með málinu fyrir bæjarráðsins hönd.

20. Lögð fram umsókn frá K.R. um 20 þús. kr. styrk til utanfarar fimleikaflokks úr félaginu nú í vor. Bæjarráð mælir með erindinu.

21. Lögð fram skýrsla frá skrifstofustjóra bæjarverkfræðings, dags. 4. þ.m., varðandi undirbúning að öflun skýrslna um rottugang í bænum, í því skyni að tilboð verði gert um rottueyðingu. Samþ. að halda áfram skýrslusöfnuninni.

22. Lögð fram skýrsla um starfsemi Ráðningarstofunnar í mars þ.á.

23. Erindi frá Marteini Björnssyni verkfr., dags. 1. þ.m., þar sem hann beiðist tryggingar fyrir því að fá leigða íbúð, vísað til borgarstjóra til afgreiðslu með 3:1 atkv.

24. Lagt fram bréf frá bæjarverkfræðingi, dags. 4. þ.m., varðandi steinsteypustöð, svo og bréf frá Nýbyggingarráði um sama efni, dags. 5. þ.m.

25. Lagt fram bréf frá Gísla Sigurbjörnssyni, dags. 20. f.m., varðandi þvottavélar breska setuliðsins í Defensoreigninni, svo og bréf frá skrifstofustjóra bæjarverkfræðings og forstjóra innkaupastofnunarinnar, dags. í dag, um sama efni. Frestað til nánari athugunar.

26. Lagðar fram umsóknir um starf ræktunarráðunautar bæjarins frá 6 umsækjendum. Ákveðið að leita umsagnar landbúnaðarnefndar.

27. Erindi frá flokksstjórum við sorp- og gatnahreinsun og bifreiðarstjórum, varðandi launakjör, vísað til bæjarverkfræðings til umsagnar.

28. Bréf rafmagnsstjóra, dags. 3. apríl, varðandi launakjör Einars Guðnasonar flokksstjóra, lagt fram og vísað til umsagnar Starfsmannafélagsins.

29. Samþ. að gera þessar breytingar á launakjörum hjá Rafmagnsveitunni:
Einar Guðjónsson verði aðstm. 1. flokks með launum skv. VIII. fl.
Hans Hoffmann verði 1. fl. fulltrúi, með launum skv. VII. fl.
Margrét Helgadóttir taki laun skv. XI. fl.
Guðrún Guðmundsdóttir taki full laun skv. XI. fl.

30. Lögð fram bréf frá rafmagnsstjóra og hitaveitustjóra, varðandi tillögur um samvinnu milli ríkisins og Reykjavíkur og Hafnarfjarðar um jarðboranir.

31. Erindum um rafmagnsheimtaugar að nýbyggingum í Mosfellssveit frá Bjarna Pálmasyni, Háv. 25, Jóni Guðjónssyni, Rauð. 9 og Ólafi H. Einarssyni, Háteigsv. 19, og Þórarni Auðunssyni, Brúarlandi, vísað til rafmagnsstjóra til afgreiðslu, með þeim hætti að umsækjendur greiði allan kostnað.

Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson.

Gunnar Thoroddsen. Jóhann Hafstein.

Sigfús Sigurhjartarson. Jón Axel Pétursson.

Guðm. Ásbjörnsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

B Æ J A R R Á Ð.

Ár 1946, þriðjudaginn 16. apríl, kl. 10 f.h., hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Synjað beiðni um byggingu íbúðarhúss, allt að 100 ferm. á erfðafestulandinu Fossvogsbletti XLII A.

2. Erindi frá Arngrími Ólafssyni, varðandi lóð með Lauga-Hvarfi við Langholtsveg, vísað til bæjarverkfræðings til athugunar.

3. Samþ. að Guðm. Jónsson, Langh. 38, haldi lóðinni Skipasundi 40 og Þorgeir Ólafsson, Hvg. 96 B., haldi lóðinni Skipasundi 17, með byggingarfresti til 1. júní næstk.

4. Eftir beiðni Hermanns Guðmundssonar, Sogamýrarbl. XIX, var samþ. að gera samning um lóðina Skipasund 42 við Þorbjörn Jónsson, Þórsgötu 14.

5. Erindi frá Áfengisverslun ríkisins, varðandi lóð undir fyrirhugaða byggingu við Grandaveg, vísað til skipulagsmanna til athugunar.

6. Bæjarráð telur ekki fært að leyfa byggingu bráðabirgðahúss við horn Hringbrautar og Eiríksgötu.

7. Erindi um kaup á lóðarskikum, sem leggja ber við lóðina Bræðraborgarstíg 31, vísað til bæjarverkfræðings til meðferðar.

8. Lagt fram bréf frá Frímúrarareglunni, varðandi fyrirhugaða byggingu á lóðinni Fríkirkjuvegi 13.

9. Eftir beiðni Hjálmars Þorsteinssonar var samþ. að gera leigusamning um lóðina Grenimel 24 við Gunnar Eggertsson, Kristþór Alexandersson og Sigurleif Vagnsson, alla á Grenimel 24.

10. Lögð fram bréf frá Magnúsi V. Jóhannessyni, varðandi aðstoð til kaupa á húsi fyrir Elínu Guðmundsdóttur.

11. Samþykktar tillögur um úthlutun 187 byggingarlóða, 56 lóða í Teigahverfinu, en 131 lóð í Hlíðahverfinu sunnan Háteigsvegar og suður undir Reykjanessbraut, skv. skrá sem verður færð inn í bókina eftir fundargerðina. Byggingarfrestur til 1. júlí næstk.
Það skilyrði er sett, að tvær íbúðir a.m.k. verði í hverju tveggja hæða húsi.

12. Afturkölluð úthlutun þessara lóða:
Kaplaskjól 3, Sörlaskjól 54, 56, 70, 72. Hraunteigur 19, Eskihlíð 13, 15, Reykjahlíð 12, Drápuhlíð 14, 16, 17.
Byggingarfél. Smiður afsalar lóðinni Reykjanessbraut 9.

13. Samþ. að gefa Benjamín Jónssyni, Sólv. 47, kost á lóðinni nr. 72 við Sörlaskjól, með byggingarfresti til 1. júlí n.k.

14. Samþ. tillaga um úthlutun 139 lóða í Kleppsholti, með byggingarfresti til 1. júlí n.k.
Úthlutunin verður færð inn í gjörðabókina eftir fundargerðina.

15. Samþ. að gefa Björgvin Þorbjörnssyni, Hrb. 188, kost á Kaplaskjóli 3 og Árna Gestssyni, Víð. 66, kost á Ægissíðu 103, með byggingarfresti til 1. júlí n.k.

16. Erindi frá íbúum við Meðalholt um að gerð verði bifreiðastæði við gatnamót Meðalholts og Einholts, vísað til bæjarverkfræðings til afgreiðslu.

17. Samþ. að fela bæjarverkfræðingi að lækka girðingu á horni Skothúsvegar og Fríkirkjuvegar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

18. Lögreglustjóri tilkynnir, að Steinþór Ásgeirsson hafi sagt lausu lögregluþjónsstarfi frá 1. maí n.k. og ennfr., að hann hafi vikið Snorra Laxdal frá störfum í lögreglunni frá 1. þ.m.

19. Samþ. að greiða Rósu Sigfússon hjúkrunarkonu við Laugarnesskólann laun með fullri aldursuppbót með hliðsjón af starfstíma hennar hjá Líkn áður.

20. Lagt fram bréf frá h.f. Orku, dags. 10. þ.m., varðandi frest um forkaupsrétt á steypublöndunarstöð.

21. Bæjarráð leggur á móti því, að breytt verði ákvæðum um einstefnuakstur um Tjarnargötu, á milli Kirkjustrætis og Vonarstrætis.

22. Erindi frá Skúlagötu 56, húsfélagi, um heitt vatn til húshitunar, vísað til hitaveitustjóra til umsagnar.

23. Glímufél. Ármann sækir um 20 þús. króna styrk til utanfarar glímu- og fimleikaflokks til Norðurlanda.

24. Lögð fram tilkynning frá Íþróttanefnd ríkisins, um að veittur hafi verið 150 þús. kr. styrkur til íþróttamannvirkja í Laugardal á árinu 1946. Borgarstjóra falið að óska eftir hærri styrkúthlutun.

25. Samþ. að mæla með umsókn frá Sigursæli Magnússyni, Rán. 2, um veitingaleyfi.

26. Garðyrkjuráðunautur tilkynnir, að Helga Finnbogadóttir hafi sagt lausu starfi við gæzlu Lækjargötubarnaleikvallarins. Samþ. að ráða Gróu Þórarinsdóttur, Ásv. 33, til gæzlunnar.

27. Samþ. að veita söngfélaginu Hörpu utanfararstyrk, að upphæð kr. 12.000.-, skv. umsókn 18. febr. þ.á.

28. Lagt fram bréf frá sjávarútvegsnefnd, dags. 11. þ.m., með eftirriti af fundargerð 4. þ.m. Bæjarráð samþykkir ályktun nefndarinnar um ábyrgðarfyrirvara gagnvart ríkissjóði.

29. Samþ. að verða við erindi frá Félagi slökkviliðsmanna, dags. 16. jan. síðastl., um kaupgreiðslur til þeirra.

30. Samþ. að ráða Edvald B. Malmquist, Akureyri, sem ræktunarráðunaut bæjarstjórnar fyrst um sinn.

31. Lögð fram tilkynning frá dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, um að reglugerð um hollustuhætti í mjólkurbúðum í Reykjavík, hafi verið staðfest.

32. Fallist á tillögu rafmagnsstjóra um staðsetningu íbúðarhúss Guðjóns Ólafssonar hjá Elliðaánum.

33. Rafmagnsstjóra falið að hafa samningsumleitanir við Rafmagnseftirlitið um lagningu rafmagnsveitu út á Kjalarnes.

Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson.

Sigfús Sigurhjartarson. Jón Axel Pétursson.

Gunnar Thoroddsen. Jóhann Hafstein.

Guðm. Ásbjörnsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# B Æ J A R R Á Ð.

Ár 1946, laugardaginn 27. apríl, kl. 10 f.h., hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Synjað beiðni um leyfi til að byggja stærra hús á Krossamýrarbl. VI heldur en samningur segir til um.

2. Boðinn forkaupsréttur að erfðafestulandinu Fossvogsbl. XXXI fyrir kr. 12.000.-. Hafnað.

3. Boðinn forkaupsréttur að erfðafestulandinu Árbæjarbletti LIX fyrir kr. 3.500.-. Hafnað.

4. Samþ. að heimila Árna Guðmundssyni, Bald. 6, að kaupa íbúð í húsinu Eskihlíð 14.

5. Samþ. beiðni Ármanns Guðmundssonar um að gera lóðarleigusamning við Jón A. Sveinsson um lóð við Miklubraut.

6. Lagt fram bréf frá Árna Jónassyni, Hringbr. 211, um lóðaúthlutun. Bæjarráð getur ekki sinnt erindinu.

7. Arnór Kristjánsson, Skólav. 10, áfrýjar til bæjarstjórnar afgreiðslu byggingarnefndar á umsókn um byggingarleyfi á Skólavörðustíg 10, bráðabirgðabygging.

8. Erindi frá Ottó J. Ólafssyni o.fl. um lóð undir kvikmyndahús við Langholtsveg, vísað til skipulagsmanna til umsagnar, með öðrum samskonar erindum.

9. Erindi frá Har. Jóhannessen o.fl. bankastarfsmönnum, varðandi úthlutun byggingarlóða, vísað til lóðaúthlutunarnefndar til meðferðar.

10. Samþ. að tilkynna Barnavinafél. Sumargjöf, að Hringbrautin verði lögð nú í sumar yfir Grænuborgarlóð félagsins, þar sem aðalæð hitaveitunnar liggur.

11. Bæjarráð telur ekki fært að skipta sér af viðskiptum eigenda herskála á erfðafestulandinu Laugarásbletti XXI.

12. Borgarstjóra heimilað að veita Jóni E. Kristjónssyni, Berg. 9 B., lóðarréttindi til bráðabirgða, skv. umsókn hans 10. þ.m.

13. Umsókn frá h.f. Vibro um lóð til steinagerðar, vísað til umsagnar bæjarverkfræðings og húsameistara.

14. Erindi frá Karlakór Reykjavíkur, um að veita frí frá störfum tveim bæjarstarfsmönnum, til söngfarar með kórnum til Bandaríkjanna, vísað til borgarstjóra til afgreiðslu.

15. Samþ. að greiða Einar Guðmasyni flokksstjóra hjá Rafmagnsveitunni, laun skv. X. flokki.

16. Bæjarráð samþ. fyrir sitt leyti, að Þórður Þorsteinsson megi selja blóm og grænmeti á lóð Péturs Lárussonar á horni Hofsvallagötu og Ásvallagötu.

17. Erindi frá Kristínu Ásmundsdóttur um rafmagn til næturhitunar vísað til meðferðar rafmagnsstjóra.

18. Erindi frá Einar Einarssyni, Gunn. 40, um lán til kaupa á flutningaskipi, vísað til sjávarútvegsnefndar til umsagnar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

19. Svohlj. tillaga gerð til bæjarstjórnar:

"Bæjarstjórn samþykkir að veita borgarstjóranum í Reykjavík heimild til að semja um kaup á jörðinni Reykjahlíð í Mosfellssveit með hitaréttindum, svk. tilboði jarðeiganda, dags. 24. þ.m., svo og heimild til að semja um kaup á hitaréttindum jarðeignanna Varmalands, Æsustaða, Norður-Reykja og Laugabóls í sama hreppi, samkv. tilboði jarðeigenda, dags. sama dag, - og jafnframt veitir bæjarstjórnin borgarstjóra fullt umboð til þess, með samþykki bæjarráðs, að undirskrifa kaupsamninga, taka við afsölum, svo og að undirrita hverskonar lánssamninga og skuldabréf, hvort heldur aðalskuldabréf eða sérskuldabréf, sem gefa verður út vegna kaupanna".

20. Lögð fram fundargerð heilbrigðisnefndar 9. apríl síðastl.

21. Bæjarráð samþykkir að sínu leyti tillögur um samvinnu ríkisins, Reykjavíkur og Hafnarfjarðar, um jarðhitarannsóknir, með breytingartillögum rafmagnsstjóra og fyrstu breytingartillögu hitaveitustjóra.

22. Lagt fram bréf frá samgöngumálaráðuneytinu, dags. 17. þ.m., varðandi jarðboranir á Hengilsvæðinu.

23. Rætt um fyrirhuguð kaup á steypuhræristöð.

24. Samþ. að tilnefna Böðvar Pétursson, Skeggjagötu 1, í stjórn Íþróttavallarins, í stað Haralds Steinþórssonar, sem flytur úr bænum.

Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson.

| | |
|---|---|
| Jóhann Hafstein. | Jón Axel Pétursson. |
| Sigfús Sigurhjartarson. | Guðm. Ásbjörnsson. |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# B Æ J A R R Á Ð.

Ár 1946, föstudaginn 3. maí, kl. 2 e.h., hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Eiríkur Sæmundsson o.fl. afsala lóðinni Barmahlíð 42.

2. Samþ. að afturkalla úthlutun lóðarinnar Sörlaskjól 10 til Sigurgeirs Einarssonar, en gefa Sigvalda Jónssyni kost á lóðinni, með byggingarfresti til 1. júlí n.k.

3. Bergþór Jónsson o.fl. afsala lóðinni nr. 35 við Mávahlíð. Samþ. að gefa þeim kost á lóðinni nr. 13 við ónefnda götu í Hlíðarhverfi (III.), með byggingarfresti til 1. júlí n.k.

4. Grímur Magnússon afsalar lóðinni nr. 53 við Skipasund. Samþ. að gefa honum kost á lóðinni nr. 86 við Langholtsveg, með byggingarfresti til 1. júlí n.k.

5. Guðrún Eiríksdóttir afsalar lóðinni nr. 28 við Mávahlíð. Samþ. að gefa henni kost á lóðinni nr. 15 við ónefnda götu í Hlíðarhverfi (III.).

6. Samþ. að gefa Árna B. Jónassyni, Bjarg 15, frest til byggingar á Faxaskjóli 4 til 1. júní n.k.

7. Eftir beiðni Guðm. Þórarinssonar, Bjarn. 10, var samþ. að gera samning um Sörlaskjól 58 við hann og Magnús Andrésson, Bjarn.7.

8. Samþ. beiðni frá Byggingafélagi símamanna, dags. 30. f.m., um frest til byggingar á lóð félagsins á Melunum, til ágústloka næstk.

9. Synjað erindi frá Kristjáni Oddssyni, dags. 2. f.m., um leyfi til byggingar íbúðarhúss á erfðafestulandinu Kringlumýrarbl. XXVIII.

10. Samþ. að gefa Ara Jósefssyni, Langholti, kost á lóðinni nr. 75 við Langholtsveg, með byggingarfresti til 1. júlí n.k.

11. Samþ. að gefa Otto Wathne kost á lóðinni nr. 88 við Langholtsveg, með byggingarfresti til 1. júlí n.k.

12. Eftir beiðni Felixar Guðmundssonar var samþ. að gera leigusamning um lóðina Grenimel 12 við hann og Eirík Jónsson, Grenimel 12.

13. Bæjarráð synjar að svo stöddu beiðni frá h.f. Lýsi um viðbótarlóð við Grandaveg.

14. Beiðni frá Þorsteini Einarssyni, Holtsg. 37, um að leggja niður undirgang, vísað til slökkviliðsstjóra til umsagnar.

15. Samþ. að gefa Sveinbirni Jónssyni, Grett. 68, kost á lóðinni nr. 17 við Drápuhlíð, með byggingarfresti til 1. júlí n.k.

16. Bæjarráð samþ. fyrir sitt leyti, að Ófeigi Jónssyni verði leyft að taka af undirgang á Brávallag. 6.

17. Samþ. að gera samning til 30 ára um iðnaðarlóðina Skipholt 29. Leiga fyrstu 5 árin ákveðin 55 aur. pr. ferm. á ári.

18. Erindi frá Friðgeiri Grímssyni o.fl. húsráðendum við Rauðarárstíg, varðandi lagningu gangstéttar við Rauðarárstíg og byggingu barnaleikvallar, vísað til bæjarverkfræðings til afgreiðslu.

19. Lagt fram bréf frá S.Í.S., dags. 15. f.m., varðandi byggingarframkvæmdir við Grandaveg.

20. Erindi frá Jóni Guðvarðssyni, Hvg. 82, varðandi flutning á húsinu, vísað til bæjarverkfræðings til athugunar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

21. Eftir beiðni Jóns Ísleifssonar var samþykkt að gera leigusamning um lóðina Sörlaskjól 66 við Helga Einarsson, Ljósvallag. 28.

22. Kauptilboði í hálflenduna Vatnsholt í Villingaholtshr. frá Einar Kristjánssyni hafnað. Hinsvegar samþ. að gefa honum kost á leigu.

23. Samþ. að veita Jóhanni B. Sveinssyni, Efst. 20, löggildingu til starfa við lágspennuveitur.

24. Bréfi frá rafmagnsstjóra, dags. 30. f.m., varðandi innheimtukostnað hitaveitugjalda, vísað til borgarstjóra til afgreiðslu í samráði við hitaveitustjóra.

25. Slökkviliðsstjóri tilkynnir að Guðbjörn Ásmundsson hafi sagt lausu sótarastarfi frá 1. júní n.k.

26. Lagt fram bréf frá rafmagnsstjóra, dags. 23 f.m., varðandi laxveiði í Elliðaánum nú á þessu ári.

27. Lögð fram tilkynning um ályktun kvennafundar 15. þ.m., um að skora á bæjarstjórn að láta fara fram hagfræðirannsókn á því, hver áhrif áfengisnautn og áfengissala hafi á menningu og fjárhag bæjarbúa.

28. Lögreglustjóri leggur til að skipaðir verði eftirtaldir 8 lögregluþjónar í Reykjavík:

Gísli Óskar Sesselíusson, Óð. 4
Kristján Jóhannesson, Sólv. 4
Jón Jóhannsson, Hátún 15
Skarphéðinn Kr. Loftsson, Lind. 26
Ingibergur Sæmundsson, Ásv. 4
Ásmundur Matthíasson, Efst. 6
Þorleifur Pálmi Jónsson, Óð. 14
Leifur Jónsson, Laugav. 46 B.

29. Lagt fram bréf frá lögreglufélagi Reykjavíkur, dags. 24. f.m., varðandi starfskjör lögregluþjónanna. Borgarstjóra falið að ræða málið við dómsmálaráðherra.

30. Samþ. að bæjarstjórn efni til hátíðarhalda hér í bænum 17.júní næstk. með svipuðum hætti og síðastl. ár.

31. Lagðar fram umsóknir um stöðu aðstoðarbyggingarfulltrúa og um starf byggingameistara til aðstoðar byggingarfulltrúa. Vísað til byggingarnefndar.

32. Samþ. að gefa Stefáni Þorlákssyni, Reykjahlíð, kost á leigulóðinni nr. 38 við Háteigsveg.

33. Samþ. að gefa Þorláki Jónssyni, Grett. 6, kost á lóðinni Skipasundi 38, til þess að flytja þangað hús, enda samþykki byggingarnefnd teikningu af húsinu á nýju lóðinni.

34. Lögð fram tillaga borgarstjóra um steypublöndunarstöð, sem vísað var til bæjarráðs á fundi bæjarstjórnar 2. þ.m. Borgarstjóra falið að undirbúa málið nánar.

35. Bæjarráð vill ekki samþykkja fyrir sitt leyti fyrirhugaðar byggingar h.f. Hrappseyjarprents á lóðinni Hörpugötu 14, þar sem upplýst er, að flugmálastjóri telur ekki rétt að byggt verði á lóðinni.

36. Samþ. að taka tilboði frá "Ljós og Hiti" um raflögn í íbúðarhús bæjarins við Miklubraut, fyrir kr. 88.000.-, enda verði sett fullnægjandi trygging fyrir framkvæmdunum.

37. Lögð fram tillaga Katrínar Pálsdóttur, varðandi gæzlu barnaleikvallanna, sem vísað var til bæjarráðs á fundi bæjarstjórnar 2. þ.m. Borgarstjóra falin nánari athugun.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

38. Lögð fram tillaga bæjarfulltrúa Socialistaflokksins, um ráðstöfun á íbúðum, sem bærinn er að láta reisa við Skúlagötu og Miklubraut, sem vísað var til bæjarráðs á fundi bæjarstjórnar 2. þ.m.

39. Borgarstjóri skýrði frá úthlutun 8 botnvörpunga til Reykjavíkurbæjar, skv. hlutkesti sem Nýbyggingarráð hefir látið fram fara.
Samþ. að óska eftir tillögum sjávarútvegsnefndar um ráðstöfun skipanna.
Ennfr. samþykkt, að fyrsta skipið verði skýrt "Ingólfur Arnarson".

Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson.

Gunnar Thoroddsen. Auður Auðuns.

Guðm. Ásbjörnsson. Jón Axel Pétursson.

Sigfús Sigurhjartarson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# B Æ J A R R Á Ð.

Ár 1946, föstudaginn 10. maí, kl. 2 e.h., hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Boðinn forkaupsréttur að leigulandinu Árbæjarbletti 68 fyrir kr. 11.000.-. Hafnað.

2. Boðinn forkaupsréttur að erfðafestulandinu Fossvogsbletti XXXVIII fyrir kr. 20.000.-. Hafnað.

3. Erindi frá Jóni Guðmundssyni, Bald. 3, varðandi rafmagnsheimtaug að húsi á Fossvogsbl. XI, vísað til rafmagnsstjóra til afgreiðslu.

4. Boðinn forkaupsréttur að erfðafestulandinu Vatnsmýrarbletti XXII, hálfri eigninni, fyrir kr. 50.000.-. Hafnað.

5. Borgarstjóra heimilað að taka úr erfðafestu, vegna fyrirhugaðra byggingarframkvæmda erfðafestulöndin, eða hluta af löndunum Laugarásblettum XIV, XV, XVI, XVII, XIX og XX, svo og löndunum Kaplaskjólsmýri IX, Hólsbletti I og Hólsbletti II.

6. Borgarstjóra heimilað, í samráði við bæjarverkfræðing, að gefa kvenskátum kost á landi til sumarnotkunar úr Árbæjarlandi, eftir nánari útvísun síðar.

7. Lögð fram skýrsla um rekstur grjótnáms og sandtöku bæjarins árið 1945.

8. Guðm. Jóhannsson afsalar lóðinni Langholtsv. 95, Kjartan Jónsson lóðinni Langholtsv. 101, Freymóður Jóhannsson lóðinni Blönduhlíð 8, Byggingarfélag S.V.R. afsalar lóðunum Skipasund 58, 60, 62, 64, 66 og 68, Hilmar Árnason afsalar lóðinni Langholtsv. 99.

9. Borgaratjóra og bæjarverkfræðingi heimilað að leigja h.f. Vibro iðnaðarlóð til 5 ára.

10. Bréfi frá Halldóri Guðmundssyni, um leigu á býlinu Engi, vísað til borgarstjóra til meðferðar.

11. Bréfum frá h.f. Knörr og Sigurði H. Guðmundssyni um lóðir fyrir bátasmíðastöðvar, vísað til bæjarverkfræðings og hafnarstjórnar til umsagnar.

12. Samþ. þessi lóðaúthlutun, með byggingarfresti til 1. júlí næstk.:

| | | |
|---|---|---|
| Guðm. Jóhannsson, Miðstr. 8 A. | fær Langholtsv. | 92 |
| Kjartan Jónsson, Þingh, 8 B. | - - | 96 |
| Ólafur J. Ólafsson, Hvg. 108 | - - | 166 |
| Jón Erlendsson, Litla-Landi | - - | 95 |
| Hilmar Árnason | - - | 176 |
| Freymóður Jóhannsson, Barónsst. 11 | - Eskihlíð | 33 |

Við ónefnda götu í Kleppsholti (nr. IV):
nr. 40, Bergur Hallgrímsson, Bergsst. 60
42, Tómas Gíslason, Hverf. 80
44, Steindór Jónsson, Einholti 11
52, 54, 56, 58, 60, 62 og við ónefnda götu (V)
nr. 31, 33, 35, 37, 39, 41 og 43 fái Byggingarfél. starfsmanna bankamanna, enda samþ. byggingarnefnd allt byggingarfyrirkomulag.
H.f. Keilir fái Skipasund 62, 64, 66, 68.
Byggingarsamvinnufél. S.V.R. fái Efstasund 66, 68, 70, 72, 74 og 76.

13. Lagt fram bréf frá Benedikt Benediktssyni, Lvg. 49 A, varðandi lóðaúthlutun. Afsalar hann lóðinni Blönduhlíð 24.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

14. Lagt fram bréf frá Byggingarsamvinnufélagi starfsmanna Stjórnarráðsins með beiðni um byggingarlóðir á garðalandinu á milli Íþróttavallarins og Melaskólans. Bæjarráð tekur fram, að á þessu svæði verði ekki úthlutað lóðum nú á þessu ári.

15. Erindi frá Ísleifi Jónssyni, Túng. 41, varðandi byggingarlóð á Melunum, vísað til lóðaúthlutunarnefndar.

16. Samþ. að veita byggingarfrest á lóðinni Sundlaugaveg 20 til 1. júní 1947.

17. Samþ. að afturkalla úthlutun lóðar nr. 8 við Reykjanesbraut til Guðjóns H. Sæmundssonar.

18. Tillögum Sig. Sveinssonar um kaup á plöntum og fræi vísað til borgarstjóra til afgreiðslu.

19. Bæjarráð telur ekki unnt að leyfa byggingu á lóðinni Hörpugötu 34, vegna flugvallarins.

20. Erindi Jóns Finnbogasonar, Hörp. 38, varðandi lóðaskipti, vísað til borgarritara til umsagnar.

21. Lögð fram matsgerð á söluverði gangs til eiganda Laugavegar 24. Bæjarráð unir matinu fyrir sitt leyti.

22. Bæjarráð samþ. fyrir sitt leyti að skúr megi standa hjá Álfabrekku, þar til bæjarráð krefst þess að skúrinn verði tekinn burtu bæjarsjóði að kostnaðarlausu, eftir umsókn dags. 8. maí síðastl.

23. Bæjarráð samþ. tillögu sjávarútvegsnefndar um kaup á 10 búðarborðum með kæliútbúnaði, sbr. bréf nefndarinnar 29. f.m.

24. Samþ. tilmæli frá Búnaðarsamb. Kjalarnessþings um kr. 2500.- styrk úr bæjarsjóði á þessu ári.

25. Erindi hestamannafél. Fáks, dags. 3. þ.m., um umbætur á Skeiðvellinum, vísað til bæjarverkfræðings til afgreiðslu.

26. Lagt fram bréf frá Sig. Guðmundssyni, arkitekt, dags. 9. þ.m., varðandi byggingu viðbótarhæðar á Austurbæjarskólann. Samþ. með 4:1 atkv. að fela Sig. Guðmundssyni að fullgera hið fyrsta uppdrætti af hæðinni, eftir tillögum hans.

27. Gunnar Þorsteinsson hrl. tilkynnir, að hann segi sig úr svonefndri "Laugardalsnefnd".

28. Lagt fram bréf frá Stórstúku Íslands, umburðarbréf til bæjarstjórnar, varðandi samstarf um bindindismál.

29. Lagt fram bréf fjármálaráðuneytisins, dags. 27. f.m., með tilkynningu um leigumála á húseigninni Öldugötu 23.

30. Erindi um torgsölu frá Hauki Baldvinssyni og Gunnari Bjarnasyni vísað til lögreglustjóra til umsagnar.

31. Lögð fram fundargerð heilbrigðisnefndar 30. apríl síðastl.

32. Nikólína Þ. Jónsdóttir, Grund. 4, sækir um meðmæli til að fá veitingaleyfi. Vísað til bæjarstjórnar.

33. H.f. Tivoli sækir um meðmæli, til að fá veitingaleyfi á skemmtisvæði, sem félagið er að koma upp. Vísað til bæjarstjórnar með meðmælum bæjarráðs.

34. Tryggvi Þorfinnsson, matsveinn, Reynimel 58, sækir um meðmæli til að fá veitingaleyfi. Bæjarráð mælir með umsókninni.

35. Lagt fram bréf frá Starfsmannafél. bæjarins, dags. 2.þ.m., varðandi skipun nefndar til að vera ráðgefandi um launamál starfsmannanna.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

36. Lagt fram bréf frá lögreglustjóra, dags. 30. f.m., varðandi starfskjör lögregluþjóna.

37. Lögreglustjóra heimilað að kaupa eina ljósasamstæðu umferðaljósmerkja, skv. því er segir í bréfi hans 8. þ.m.

38. Borgarstjóra heimilað að greiða viðgerðarkostnað á lögreglufatnaði, skv. því er segir í bréfi lögreglustjóra, dags. 2. þ.m.

39. Lagður fram reikningur Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis árið 1945.

40. Lagt fram bréf frá atvinnumálaráðuneytinu, dags. 3. þ.m., varðandi íbúð fyrir Geirmund Árnason, veðurfræðing.

41. Lagt fram bréf frá skrifstofu bæjarverkfræðings, dags. 9. þ.m., varðandi fyrirhugaða afhendingu setuliðsskála við Hringbraut til Bandalags íslenskra skáta. Samþ. að halda áfram samningsumleitunum á þeim grundvelli, sem í bréfinu greinir.

42. Lagt fram bréf frá skrifstofu bæjarverkfræðings (Rannveigu Kristjánsdóttur, Jóh. Ólafssyni og Hjálmari Blöndal), varðandi fyrirhuguð kaup á þvottavélum breska setuliðsins í Defensorstöðinni. Bæjarráð vill ekki kaupa vélarnar.

43. Lagt fram bréf frá Ásgeiri Bjarnasyni o.fl., dags. 9. þ.m., varðandi undirbúning að stofnun nýs þvottahúss hér í bænum.

44. Lagt fram bréf rafmagnsstjóra, dags. 8. þ.m., varðandi greinargerð og uppdrætti h.f. Alm. byggingafélagsins um fjórðu tilhögun á virkjun Neðri fossa í Soginu.
Eftir tillögu rafmagnsstjóra var samþykkt að leita til A.B. Berdals verkfræðings í Oslo og fá umsögn hans um þær rannsóknir og áætlanir, sem gerðar hafa verið.

45. Rafmagnsstjóra heimilað að ráða Martein Kristjánsson, Karl. 12, og Rúrik N. Jónsson, Miðtúni 19, sem vélstjóra hjá Rafmagnsveitunni og Sogsvirkjuninni, með launum skv. VIII. launaflokki.

46. Erindi um rafmagnsheimtaug frá Eiði Eiríkssyni, vísað til rafmagnsstjóra til afgreiðslu.

47. Ákveðið að vísa bréfi rafmagnsstjóra, dags. 3. þ.m., um launakjör innheimtumanna, til stjórnar Starfsmannafélagsins til umsagnar.

Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson.

Guðm. Ásbjörnsson. Jón Blöndal.

Sigfús Sigurhjartarson. Jóhann Hafstein.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# B Æ J A R R Á Ð.

Ár 1946, föstudaginn 17. maí, kl. 2 e.h., hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Erindi frá Björgu S. Thorgrímsen um umferðarétt að Bragagötu 32, bakhlið, vísað til bæjarverkfræðings og byggingarfulltrúa til athugunar.

2. Boðinn forkaupsréttur að erfðafestulandinu Laugarásbletti XX, fyrir kr. 160.000.-. Hafnað.

3. Synjað um leyfi til að reisa timburhús á Sogamýrarbletti XXII, a.m.k. þar til byggingar sem eru á landinu verða fjarlægðar þaðan.

4. Lögð fram beiðni Ól. Ólafssonar, Sólbyrgi, um byggingarlóð í Laugarásnum. Bæjarráð tekur fram, að lóðum á svæðinu verði ekki úthlutað að svo stöddu.

5. Bæjarráð samþykkir sölu sumarbústaðar á Smálandabraut 3 til Jóhanns Jósefssonar, Hringbr. 22.

6. Lagt fram bréf Ásg. Ásgeirssonar frá Fróðá, dags. 26. f.m., varðandi fyrirhuguð eigendaskipti á Rauðarárstíg 19. Bæjarráð tekur fram, að það muni ekki leyfa nýbyggingar á lóðinni.

7. Synjað beiðni frá Ísleifi Magnússyni, Bergþ. 29, um lóð undir skúr, sem hann á suður á Hvalsnesi.

8. Leigutími iðnaðarlóðarinnar Brautarholt 22 ákveðinn 30 ár. Ársleiga kr. 0.55 pr. ferm. fyrstu 5 árin.

9. Synjað beiðni frá Jóni Erlendssyni um 5 ára leyfi fyrir húsið Litla-Land við Sundlaugaveg (Sundlaugav. 12).

10. Boðinn forkaupsréttur að leigulandinu Árbæjarbletti 55 fyrir kr. 10.000.-. Hafnað.

11. Erindi frá atvinnumálaráðherra varðandi húsnæði fyrir Geirmund Árnason, veðurfræðing, vísað til borgarstjóra til afgreiðslu.

12. Rætt um byggingarleyfisumsókn á lóðinni nr. 48 við Laugaveg.

13. Synjað beiðni frá Davíð Þorlákssyni um leyfi til að reisa söluturn á Arnarhólstúni.

14. Lagt fram bréf dóms- og kirkjumálaráðuneytisins 15. maí, varðandi stækkun Landsspítalalóðarinnar. Bæjarráð samþ. að ætla Landsspítalanum afnot lóðar að Miklatorgi. Síðar verði nánar samið um afhendingu lóðarinnar, en það skilyrði verður sett m.a., að bæjarráð samþykki byggingarfyrirkomulag við torgið.

15. Lögð fram skýrsla frá Sigurði Péturssyni, gerlafr., um mjólkureftirlit í Reykjavík í mars-apríl þ.á.

16. Lagðir fram reikningar Byggingarfélags Alþýðu árið 1945.

17. Lagt fram bréf frá Sig. Á. Björnssyni framfærslufulltrúa, varðandi kauptilboð um hús á Sogamýri II, sem þar stendur skv. bráðabirgðaleyfi. Samþ. að tilkynna húseigandanum, að hann megi búast við því að flytja húsið af landinu án frekari aðvörunar.

18. Lagðar fram fundargerðir heilbrigðisnefndar 2., 3., 7., 8. og 13. maí. Ennfr. 14. maí.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

19. Lagt fram bréf frá lögreglustjóra, dags. 17. þ.m., varðandi launakjör yfirmanna lögreglunnar. Samþ. að óska eftir umsögn Bandalags starfsmanna ríkis og bæja.

20. Samþ. að heimila hitaveitustjóra að ráða Þorberg Jónsson sem pípulagningameistara með launum skv. X. flokki.

21. Beiðni Sjálfstæðisflokksins um leyfi til að loka Vallarstræti hjá húsi flokksins, vísað til umsagnar bæjarverkfræðings og húsameistara.

22. Sjálfstæðisflokkurinn óskar eftir meðmælum til að fá veitingaleyfi.

23. Bæjarráð mælir með því, að dr. Óla Hjaltested, lækni hjá "Líkn", verði tryggð lífeyrisréttindi.

24. Lagt fram bréf frá sjávarútvegsnefnd, dags. 16. þ.m., með tillögum um ráðstöfun þeirra 8 botnvörpuskipa, sem Nýbyggingarráð hefir úthlutað bæjarstjórn. Bæjarráð hafnar tillögu Ingólfs Jónssonar, er í bréfinu greinir, með 3:2 atkv. (Sigf. Sigurhjartarson og Jón Blöndal). Samþ. að fela sjávarútvegsnefnd að bjóða skipin út, skv. því er segir í tillögu nefndarinnar í tilkynningu.

25. Bréfum frá h.f. Skeggja, dags. 13. þ.m., og Annilíusi Jónssyni o.fl., dags. sama dag, um bæjarábyrgð til skipakaupa, vísað til sjávarútvegsnefndar til umsagnar.

26. Erindi lögreglustjóra 7. þ.m., varðandi greiðslu kostnaðar við íþróttahús lögreglunnar, vísað til borgarstjóra til afgreiðslu.

27. Synjað beiðni frá Kvenskátafélagi Reykjavíkur um leyfi til að halda útiskemmtun í Hljómskálagarðinum í júní.

28. Lögð fram umsókn frá Í.S.Í. um 6000 kr. styrk, til að greiða halla við utanför úrvalsflokks kvenna úr Glímufél. Ármanni í apríl síðastl.

29. Bæjarráð heimilar borgarstjóra að veita tveimur starfsmönnum bæjarins frí með fullum launum til söngfarar með Karlakór Reykjavíkur, til Ameríku nú á þessu ári.

30. Lögð fram umsókn frá barnaheimilisnefndinni Vorboði, um 25 þús. króna styrk úr bæjarsjóði til starfrækslu barnaheimilis að Ásum í Gnúpverjahreppi.

31. Lagt fram bréf frá sýningarnefnd Garðyrkjufélags Íslands, dags. 6. þ.m., varðandi umsókn um 20 þús. kr. styrk úr bæjarsjóði til garðyrkjusýningar. Bæjarráð mælir ekki með umsókninni.

32. Erindi frá h.f. Vibro um rafmagnsheimtaug að verksmiðjuhúsi við Fífuhvammsveg, vísað til rafmagnsstjóra til afgreiðslu.

33. Lagt fram bréf rafmagnsstjóra 15. þ.m., varðandi laxveiði í Elliðaánum árið 1946. Rafmagnsstjóra heimilað að leigja Stangaveiðifélaginu laxveiðina með samskonar skilmálum og síðastl. ár.

34. Beiðni frá Ásgeiri Þorsteinssyni, verkfr., um næturrafmagn til hitunar, vísað til rafmagnsstjóra til afgreiðslu.

35. Lögð fram tillaga Jóhönnu Egilsdóttur, sem vísað var til bæjarráðs á fundi bæjarstjórnar í gær, varðandi hagfræðirannsókn um áfengisnautn.

36. Lögð fram tillaga Katrínar Pálsdóttur um bráðabirgðaleikvelli, sem vísað var til bæjarráðs á fundi bæjarstjórnar í gær. Falið bæjarverkfr. til meðferðar.

Fundi slitið.
Bjarni Benediktsson.

Jóhann Hafstein. Jón Blöndal.
Gunnar Thoroddsen. Sigfús Sigurhjartarson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

B Æ J A R R Á Ð.
---------------

Ár 1946, föstudaginn 24. maí, kl. 2 e.h. hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Staðfest tilnefning í undirbúningsnefnd þjóðhátíðar 17. júní næstk.: Jakob V. Hafstein lögfr., Sölvi Blöndal hagfr. og Jón Emils stud.jur.

2. Synjað erindi um byggingu stærra íbúðarhúss á leigulandinu Árbæjarbletti 59, heldur en samningar segja um.

3. Lagt fram bréf frá Örlygi Sigurðssyni málara, dags. 16. þ.m., með beiðni um að reisa vinnustofu ofan á húsið Hafrafell við Múlaveg. Erindinu synjað.

4. Synjað beiðni um að timburskúr verði fluttur á erfðafestulandið Bústaðablett XV.

5. Boðinn forkaupsréttur að erfðafestulandinu Fossv.bl. XIV fyrir kr. 50.000.-. Hafnað.

6. Lagt fram bréf frá Agli Sigurgeirssyni, dags. 9. þ.m. Borgarstjóra falið að svara bréfinu.

7. Samþ. að fela borgarstjóra að taka erfðafestulandið Sandvíkurblett úr erfðafestu, vegna fyrirhugaðra byggingaframkvæmda. Borgarstjóra jafnframt heimilað, að semja við erfðaleigjanda um greiðslu endurkaupsverðs, með hliðsjón af yfirmatsverði á Norðurmýrarblettum XV og XX.

8. Lagt fram bréf frá Jóni Bjarnasyni, Túng. 16, um að hann fái erfðaleigurétt á spildu umhverfis sumarhús í Árbæjarlandi. Erindinu synjað.

9. Lagðar fram umsóknir um lóðir undir samkomuhús í Langholtshverfinu. Ákvörðun frestað, en bæjarráð tekur þó fram, að ekki muni verða leyfð samkomuhússbygging á Þvottalaugabletti XXVI.

10. Samþ. að óska eftir nákvæmum upplýsingum um byggingarfyrirætlanir byggingarfél. Árroða.

11. Erindi frá Fríði Tómasdóttur, Bræðr. 19, um lóð til að flytja á hús af baklóð Hverf. 49, vísað til bæjarverkfræðings til meðferðar.

12. Samþ. að afturkalla úthlutun lóðanna nr. 30 við Gullteig , nr. 45 við Sigtún og nr. 44 við Laugateig.

13. Gunnlaugur Ólafsson afsalar lóðinni Hraunteig 9 og Atli Eiríksson afsalar lóðinni Reykjanessbraut 9.

14. Samþ. lóðaúthlutun með byggingarfresti til 1. septbr.

| | | | |
|---|---|---|---|
| Gunnlaugur Ólafsson, Hrís. 9 | fær | Blönduhlíð | 2 |
| Atli Eiríksson, Hringbr. 81 | - | Reykjanessbr. | 8 |
| Sæmundur Friðriksson, Njg.75 | - | Gullteig | 30, |

enda afsalar hann lóðinni Blönduhlíð 19.

15. Lagt fram bréf lögreglustjóra 17. þ.m. varðandi torgsölu. Borgarstjóra heimilað að leyfa Hauki Baldvinssyni o.fl. torgsölu sunnan Kirkjugarðsins gamla og á svæði við Höfðatún.

16. Eftir beiðni Elíasar Halldórssonar var samþykkt að gera leigusamning um Grenimel 1 við Gústav E. Pálsson, Lauf. 7, og Ingólf Árnason, Hringbr. 181.

17. Eftir beiðni Þorláks G. Ottesen var samþykkt að gera leigusamning um Barmahlíð 5 við Einar Sigurðsson, Bollagötu 6.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

18. Bæjarráð samþ. fyrir sitt leyti, að verslunarpláss megi hafa í húsinu nr. 89 við Langholtsveg.

19. Erindi frá h.f. Búkollu um slægjur í Reykjahlíð eða Korpúlfsstöðum, vísað til umsagnar bústjórans á Korpúlfsstöðum.

20. Erindi frá hestamannafél. Fák um beitarland í Arnarholti, vísað til borgarstjóra til afgreiðslu.

21. Lögð fram umsögn slökkviliðsstjóra um erindi Þorsteins Einarssonar, um að leggja niður undirgang í húsinu Holtsgötu 37.

22. Samþ. að heimila Sjálfstæðishúsinu afnot af Vallarstrætishelmingnum norðan hússins.

23. Lagt fram bréf frá Benedikt Einarssyni, dags. 21. þ.m., varðandi úthlutun lóðarinnar Ægissíðu 103. Bæjarráð getur ekki breytt ákvörðun sinni, um úthlutun lóðarinnar til Árna Gestssonar.

24. Lagt fram bréf frá verkamannafél. Dagsbrún, varðandi skipulagsbreytingar við Skólavörðutorg. Vísað til skipulagsmanna til umsagnar.

25. Lagt fram bréf frá h.f. Tivoli, dags. 20. þ.m., varðandi malbikun á nokkrum kafla Njarðargötu. Bæjarráð telur ekki ástæðu til sérstakra ráðstafana í þessu efni.

26. Bæjarráð samþykkir fyrir sitt leyti, að áskildu samþykki skólanefndar, að Jóni Inga Guðmundssyni verði leyft að nota sundlaug Austurbæjarskólans til kennslu nú í sumar.

27. Lagt fram bréf frá forstjóra Sundhallarinnar, varðandi launakjör Maríusar Jóhannssonar, klefavarðar. Bæjarráð synjar erindinu.

28. Erindi lögreglustjóra varðandi kaup á bifreið vegna hreinlætiseftirlitsins í bænum. Vísað til forstjóra Innkaupastofnunarinnar.

29. Lagt fram símskeyti, dags. 18. þ.m., frá Jóni A. Péturssyni, bæjarfulltrúa, þess efnis að þann dag hafi fyrsta botnvörpunginum, sem smíðaður er í Englandi á vegum Nýbyggingarráðs, og úthlutað var til Reykjavíkurbæjar, verið hleypt af stokkunum í Selby, Yorkshire, og verið skírður "Ingólfur Arnarson".

30. Lagt fram bréf frá Sjávarútvegsnefnd, dags. 22. þ.m., með tilkynningu um ályktanir nefndarinnar á fundi daginn áður.
Eftir tillögum nefndarinnar ákvað bæjarráð að synja um bæjarábyrgð fyrir stofnláni 70 smál. mótorbáts, sem smíðaður er í Danmörku, skv. beiðni Sveinbjarnar Einarssonar 13. þ.m., að synja erindi frá h.f. Skeggja, dags. 13. þ.m., um bæjarábyrgð fyrir lánum vegna kaupa á tveim bátum, að synja erindi frá Einari Einarssyni, dags. 9. apríl, um ábyrgð á kr. 100.000.- til kaupa á flutningsskipi.

31. Lagt fram bréf frá Magnúsi V. Jóhannessyni, dags. 30. apríl, varðandi ráðstöfun á húsnæði Skildinganesskólans á Smirilsvegi 29. Bæjarráð telur ekki tímabært, að húsnæðinu verði breytt.

32. Bæjarráð telur ekki fært að mæla með leyfisveitingum til barnakennara á kostnað bæjarsjóðs, þar sem sérstök lagafyrirmæli hafa verið sett um slík leyfi.

33. Lagt fram bréf Sig. Á. Björnssonar, framfærsluftr., varðandi fyrirhuguð kaup Elínar Guðmundsdóttur á Sogamýrarbletti 42. Vísað til borgarstjóra til afgreiðslu.

34. Lögð fram áskorun skólanefndar Austurbæjarskólans í 3. lið fundargerðar 14. þ.m.
Ákveðið að fá umsögn Sig. Guðmundssonar arkitekts um málið.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

34. Lagt fram bréf frá Starfsmannafélaginu, dags. 22. þ.m., varðandi launakjör innheimtumanna hjá Rafmagnsveitunni.

35. Lagt fram bréf frá samgöngumálaráðuneytinu, dags. 17. þ.m., varðandi fyrirætlanir um lagningu rafmagnsveitu út á Kjalarnes. Rafmagnsstjóra falið að gera kostnaðaráætlun um veituna og frv. að samningi um framkvæmdir.

36. Bæjarráð samþykkir fyrir sitt leyti, að áskildu samþykki skólanefndar, að Ólöf Björnsdóttir o.fl. megi hafa fundi í Miðbæjarskólanum nú í sumar.

Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson.

Guðm. Ásbjörnsson. Jón Blöndal.

Gunnar Thoroddsen. Sigfús Sigurhjartarson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# B Æ J A R R Á Ð.

Ár 1946, föstudaginn 31. maí, kl. 2 e.h., hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Boðinn forkaupsréttur að erfðafestulandinu Fossvogsbl. XLVI fyrir kr. 12.800.-. Hafnað.

2. H.f. Akur afsalar lóðunum nr. 138 og 140 við Langholtsveg.

3. Samþ. lóðaúthlutun með byggingarfresti til 1. septbr.:
H.f. Akur fær Langholtsveg 168 og 186.
Byggingarsamvinnufél. starfsmanna stjórnarráðsins fái tvær lóðir undir sambyggingar (blokkir) austan Lönguhlíðar, milli I. og III. götu.
Byggingarfél. járniðnaðarmanna, Árroði, fái 16 lóðir í Kaplaskjóli, eftir nánari útvísun bæjarverkfræðings.

4. Beiðni frá Helga Thorarensen um leyfi til að reisa bráðabirgðahús, er verði tekið burtu bæjarsjóði að kostnaðarlausu, hvenær sem krafist verður, á lóðinni Þverveg 34, vísað til bæjarverkfræðings til afgreiðslu.

5. Erindi frá Byggingarráðstefnunni 1946, dags. 29. þ.m., um að bæjarstjórn sýni utanbæjarfulltrúum ráðstefnunnar gestrisni, vísað til borgarstjóra og bæjarverkfræðings til meðferðar.

6. Bæjarráð samþykkir að leigja Stangaveiðifél. Reykjavíkur veiðiréttindi í Laxá í Kjós fyrir Þorláksstaðalandi, með sömu skilmálum og aðrir jarðeigendur við ána leigja félaginu sín veiðiréttindi.

7. Bæjarráð vill fyrir sitt leyti heimila Ara Magnússyni fisksölu úr vagni hjá Eskihlíð 12. Samþ. heilbrigðisnefndar áskilið.

8. Lögð fram ályktun fundar í Matsveina- og veitingaþjónafélagi Íslands 23. þ.m., um að framvegis verði þeim einum veitt veitingaleyfi, sem hafa meistararéttindi í matreiðslu- og framreiðsluiðn.

9. Stjórn Landnáms templara "Jaðar" sækir um meðmæli til að fá veitingaleyfi, til að reka veitingar að "Jaðri". Vísað til bæjarstjórnar.

10. Lúðvíg Eggertsson sækir um meðmæli til að fá veitingaleyfi. Vísað til bæjarstjórnar.

11. Lúðvíg Eggertsson, Hverfisgötu 32, sækir um kr. 20.000.- styrk til að reka gistihús í húsinu nr. 32 við Hverfisgötu.

12. Lagt fram bréf frá ábúendum á Hólmi um að rafmagnsleiðsla verði lögð þangað. Erindið fær ekki stuðning að svo stöddu.

13. Lagt fram bréf frá Guðm. Ástráðssyni um greiðslu kaupuppbótar 1. apríl 1945 til janúarloka 1946, svo og umsögn hitaveitustjóra. Erindið fær ekki stuðning.

14. Erindi frá Magnúsi B. Friðrikssyni um greiðslu fararеyris að og frá vinnustað vísað til borgarstjóra til afgreiðslu.

15. Lagt fram bréf frá félagsmálaráðuneytinu, dags. 21. þ.m., varðandi framlag ríkissjóðs til sumardvala barna úr Reykjavík og skipun í sumardvalanefnd.

16. Erindi frá barnaheimilisnefnd Vorboðans um 25 þús. kr. styrk úr bæjarsjóði til starfrækslu barnaheimilis að Ásum í Gnúpverjahreppi nú í sumar, vísar til sumardvalanefndarinnar með 3 : 2 atkv.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

17. Lagt fram bréf frá h.f. Almennar Tryggingar, dags. 24. þ.m., varðandi nýja iðgjaldaskrá, vísað til hagfræðings bæjarins til umsagnar.

18. Samþ. að greiða trúnaðarlækni bæjarins fyrst um sinn laun skv. VIII. launaflokki. Borgarstjóra falið að semja við hann um greiðslu bílkostnaðar, en hinsvegar synjar bæjarráð tilmælum hans um skrifstofuhúsnæði.

19. Erindi frá Þór. B. Guðmundssyni um umferðaljósmerki, vísað til lögreglustjóra.

20. Bréf frá h.f. Almennar Tryggingar, dags. 24. þ.m., varðandi tryggingar félagsins fyrir skuldbindingum skv. brunatrygginga-samningi, vísað til hagfræðings og borgarritara til umsagnar.

21. Erindi slökkviliðsstjóra, dags. 28. þ.m., varðandi bókhald um sóthreinsun og eldfæraeftirlit, vísað til borgarstjóra til afgreiðslu.

22. Bæjarverkfræðingi heimilað að útvísa til bráðabirgða lóðum við Elliðaár til bátasmiðjunnar "Knörr" og Sig. H. Guðmundssonar.

23. Lögð fram skýrsla um starfsemi Ráðningarstofunnar í apríl þ.á.

24. Lögð fram fundargerð heilbrigðisnefndar 15. þ.m.

25. Lagt fram bréf frá landbúnaðarnefnd bæjarins, dags. 15. þ. m.

26. Erindi rafmagnsstjóra, dags. 24. þ.m., varðandi neysluvatns-kerfið við Elliðaárnar, vísað til vatnsveitustjóra til af-greiðslu í samráði við rafmagnsstjóra.

27. Lagt fram bréf frá Mjólkursamsölunni, dags. 14. þ.m., og um-sögn rafmagnsstjóra, dags. 23. þ.m., um rafmagnsheimtaug í Mjólkurstöðina. Ákvörðun frestað.

28. Rætt um frv. að reglum um vinnutíma bæjarstarfsmanna.

Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson.

Gunnar Thoroddsen. Auður Auðuns.

Jóhann Hafstein. Jón Blöndal.

Björn Bjarnason.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

B Æ J A R R Á Ð.

Ár 1946, föstudaginn 7. júní, kl. 4½ e.h., hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Boðinn forkaupsréttur að erfðafestulandinu Sogabletti I fyrir kr. 80.000.-. Hafnað.

2. Boðinn forkaupsréttur að erfðafestulandinu Sogamýrarbletti XLII fyrir kr. 67.750.-. Hafnað.

3. Sig. E. Hjörleifsson, Barónsstíg 51, sækir um leigulandið Árbæjarblett 62. Bæjarráð tekur fram, að landið sé ekki laust til úthlutunar eins og sakir standa.

4. Synjað beiðni um byggingarleyfi á erfðafestulandinu Kringlumýrarbletti VIII.

5. Borgarstjóra heimilað að semja um endurkaupsverð Austurkotsbletts I á sama verðgrundvelli, sem lagður var með mati erfðafestulandanna Norðurmýrarbl. XV og XX.

6. Samþ. að afturkalla fyrirheit um leigu þessara lóða: Laugateigur 31, 35, 54 og 56.(Áður: 47, 51, 70 og 72), Skipasund 4, 5, 7, 21, 23, 31 og 37.

7. Samþ. lóðaúthlutun með byggingafresti til 1. septbr. næstk.:

| | | | |
|---|---|---|---|
| Magnús Sigmundsson, Bollag. 4, | fær | lóð nr. 50 við IV. götu í Kleppsholti | |
| Árni J. Sigurðsson, Urðum, | - | Langholtsveg | 174 |
| Þorlákur Hálfdánarson, Skoth. 7, og afsalar Langhv. 202. | - | - | 192 |
| Byggingarsamvinnufél. bankamanna götu í Kleppsholti, afsalar lóð nr. 48 við V. götu. | - | lóð nr. 38 við IV. | |
| Helgi Hallgrímsson að tilskildum fyrirvara um að byggingarnefnd samþ. breytingar, sem gera verður á húsi, sem flytja skal á lóðina. | fær | Sörlaskjól | 70 |
| Freymóður Jóhannsson, Bar. 11, en afsalar Eskihlíð 33. | fær | Blönduhlíð | 8 |
| Finnbogi R. Ólafsson, Lind. 61, | - | Mávahlíð | 35 |
| Jón V. Guðmundsson, Efst. 63, en afsalar Gullteig 19. | - | Sigtún | 45 |
| Jón Sigurðsson, Ing. 5, sem tekið er úr leigu. | - | Skipasund | 32 |
| Einar Runólfsson | - | Langholtsveg | 138. |

8. Samþ. að taka úr leigu: Skipasund 32 og Langholtsveg 2. Tilk. að Árni Jóhannsson afsali lóð nr. 18 við IV. götu í Kleppsholti.

9. Erindi frá h.f. Knörr um leigulóð við Elliðaár vísað til hafnarstjórnar til umsagnar.

10. Eftir beiðni Árna Pálssonar, Víf. 5, var samþ. að gera leigusamning um Skipasund 44 við Karl Finnbogason.

11. Samþ. að heimila Guðm. Jónssyni afnot lóðar með Litla-Landi í Kaplaskjóli, eftir útvísun bæjarverkfr., og um óákveðinn tíma, þar til bæjarráð ákveður annað.

12. Bæjarráð samþ. fyrir sitt leyti að hafa megi sölubúð í húsi á Laugateig 24.

13. Borgarstjóra heimilað að kaupa eignina Rauðarárstíg 19, eftir mati dómkvaddra manna, og vegna fyrirhugaðra skipulagsbreytinga.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

14. Bæjarráð samþ. fyrir sitt leyti að Benjamín Jónsson verði leigjandi landsins nr. 6 við Hitaveituveg.

15. Erindi frá Magnúsi Jónssyni um bætur vegna hreinsunar á lóð við Oddshöfða vísað til umsagnar lögfeglustjóra.

16. Bæjarverkfræðingi heimilað að semja við málfundafél. Óðinn um bætur vegna spjalla á leigulandi við Breiðholtsveg.

17. Borgarstjóra heimilað að taka úr erfðafestu hluta af löndunum Görðum og Þvottalaugabl. XXVI, til að hafa þar bráðabirgða-leiksvæði.
Bæjarverkfr. falið að hafa umsjón með því að komið verði upp leiksvæðum, eftir tillögum hans í bréfi 5. þ.m.

18. Samþ. að heimila h.f. Skipanaust að reisa birgðaskemmur til bráðabirgða á lóð félagsins hjá Gelgjutanga.

19. Lögð fram bréf frá fræðslufulltrúanum og garðyrkjuráðunaut bæjarins, varðandi gæzlu smábarna á leikvöllum bæjarins.

20. Borgarstjóra heimilað að veita veðleyfi til lántöku út á Fálkagötu 24, vegna fyrirhugaðrar stækkunar á húsinu.

21. Lögð fram greinargerð og tilboð um rottueyðingu í Reykjavík frá The British Ratin Co., Ltd., London.

22. Lagt fram bréf frá Þorvaldi Sigurðssyni, varðandi byggingu á lóðinni Leifsg. 4, sem hann hefir reist þar í óleyfi. Vísað til byggingarnefndar.

23. Lögð fram útskrift af dómi hæstaréttar í útsvarsmáli Tjarnarbíó.

24. Bæjarráð vill ekki leyfa, að útiskemmtun verði haldin í Hljómskálagarðinum dagana 29, og 30. þ.m.

25. Dómsmálaráðuneytið tilkynnir skipun í sjó- og verslunardóm Reykjavíkur í samræmi við tilnefningu bæjarstjórnar 16. f.m.

26. Lagt fram bréf frá Tryggingarstofnun ríkisins, dags. 31. f.m., með tilkynningu um að stofnunin muni ekki geta veitt lán til bygginga íbúðarhúsanna við Skúlagötu.

27. Lagt fram bréf frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, dags. 29. f.m., með umsögn um launakjör yfirmanna lögreglunnar. Bæjarráð leggur til að launakjör yfirmannanna verði ákveðin í samræmi við tillögur lögreglustjóra í bréfi 17. f.m., sbr. bréf hans 24. mars og 8. ágúst 1945.

28. Lagt fram bréf frá dómsmálaráðuneytinu, dags. 4. þ.m., um að skipuð verði nefnd til að athuga tillögur um starfstíma lögregluþjóna. Er ætlast til að nefndin verði skipuð 3 mönnum, eftir tilnefningu ríkisstjórnar, bæjarstjórnar og B.S.R.B. Bæjarráð tilnefnir Gunnar Thoroddsen í nefndina.

29. Samþ. að skipa eftirlitsmenn Strætisvagnanna, Harald Stefánsson og Ragnar Þorgrímsson, sem fasta starfsmenn bæjarins með launum skv. VII. flokki, að því tilskildu að vinnutími þeirra verði óbreyttur.

30. Lögð fram umsókn frá Karlakór Reykjavíkur, um 40 þús. króna styrk úr bæjarsjóði til fyrirhugaðrar sö gfarar til Ameríku. Vísað til bæjarstjórnar.

31. Samþ. að mæla með umsóknum um styrk úr sjóði Hjálmars kaupm. Jónssonar frá Þórunni Þorsteinsd., Von. 8 B., Sigríði Þorsteinsdóttur, Frakk. 10, Kristínu S. Hafliðadóttur, Óð. 20 B., Kristjönu Hafliðadóttur, Óð. 14 B.

32. Lögð fram greinargerð rafmagnsstjóra varðandi byggingu íbúðarhúsa við Elliðaár, dags. 5. þ.m. Samþ. að taka framkomnu tilboði frá h.f. Byggi um byggingu annars hússins.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

33. Lagt fram bréf frá Fél. íslenskra iðnrekenda, dags. 3. þ.m., með tilmælum um, að bæjarráð skipi nefnd til að athuga deilu h.f. Fiskimjöl um rafmagnsverð.
Bæjarráð telur mál þetta afgreitt af sinni hálfu.

34. Erindum um rafmagnsheimtaugar frá Þórunni Vigfúsdóttur og Þorsteini Magnússyni, vísað til rafmagnsstjóra til afgreiðslu.

35. Erindi um rafmagnsheimtaug til Mjólkurstöðvarinnar vísað til rafmagnsstjóra til frekari athugunar.

36. Lagt fram bréf frá Birni Guðmundssyni og Valgeiri Jónssyni, varðandi byggingarframkvæmdir við Skúlagötuhúsin, og umsögn húsameistara bæjarins.

37. Samþ. að heimila húsameistaranum að semja við pípulagninga-meistara um hita- og hreinlætislagnir í Skúlagötuhúsin.

38. Bæjarráð heimilar borgarstjóra að láta kaupa landbúnaðarverk-færi skv. tillögum landbúnaðarnefndar í greinargerð hennar, dags. 14. þ.m.

39. Vegna beiðni Páls Halldórssonar kennara um ársfrí frá kennslu-störfum, vísar bæjarráð til ályktunar sinnar á fundi 24. f.m., sbr. 32. lið fundargerðarinnar.

Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson.

Auður Auðuns. Jóhann Hafstein.

Björn Bjarnason. Hallgr. Benediktsson.

Jón Blöndal.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# B Æ J A R R Á Ð.

Ár 1946, miðvikudaginn 12. júní, kl. 3½ e.h., hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

Borgarstjóri lagði fram þessa tillögu til ályktunar:

Vorið 1945 varð það samkomulag í bæjarráði, að hafa samvinnu um hátíðahöld hér í bænum 17. júní við íþróttafélögin 3, sem um mörg undanfarin ár höfðu haft forstöðu fyrir 17. júní íþróttamótinu: Ármann, Í.R. og K.R.

Var efnt til samvinnunnar með þeim hætti, að félögin tilnefndu hvert sinn mann í nefndina, en stjórnmálaflokkarnir þrír, sem fulltrúa áttu og eiga í bæjarráði, tilnefndu hver einn mann. Var nefndin þannig skipuð 6 mönnum.

Um þessa nefndarskipun var ekkert bókað í gjörðabók bæjarráðs vorið 1945. Snemma í maí síðastl. hóf borgarstjóri máls á því á bæjarráðsfundi, og það samþykkt þar af bæjarráðsmönnum, að efnt yrði til hátíðahalda nú hinn 17. júní, með sama hætti og síðastl. ár, og í samvinnu við sömu aðila. Voru bæjarráðsfulltrúar flokkanna jafnframt beðnir að nefna fulltrúa í nefndina og var það gert 17. - 19. maí, en staðfest með bókun á bæjarráðsfundi 24. maí.

Hinn 20. maí tilkynnti borgarstjóri Jakobi Hafstein lögfr. nefndarskipunina með svohlj. bréfi:

> "Með bréfi þessu eruð þér beðinn að kalla saman nefnd þá, sem sér um tilhögun hátíðahalda 17. júní 1946, en í nefndinni eiga sæti fulltrúar íþróttafélaganna Ármanns, Í.R. og K.R., sem um mörg ár hafa staðið fyrir 17. júní íþróttamótinu. Ennfremur eru í nefndinni þrír fulltrúar tilnefndir af stjórnmálaflokkunum, sem fulltrúa eiga í bæjarráði, og hafið þér verið tilnefndur af Sjálfstæðisflokknum, Jón Emils stud.jur. af Alþýðuflokknum og Sölvi Blöndal hagfr. af Sósíalistaflokknum".

Tilnefning íþróttafélaganna í nefndina var ekki bókuð í bæjarráði, en af hálfu bæjarráðs hefir altaf verið ráðgert, að nefndarmenn væru allir jafnrétthæir, enda er bæjarráði ekki kunnugt um, að í fyrra hafi orðið ágreiningur um það efni.

Þessi greinargerð og ályktun var samþ. með 3 atkv.

Sigfús Sigurhjartarson getur ekki fallist á þann skilning, sem fram kemur í tillögu borgarstjóra, en telur að íþróttamenn hafi verið kvaddir til samstarfs um hátíðahöldin 17. júní á þeim grundvelli, að þeir önnuðust þátttöku íþróttamanna í þeim, í samráði við hina tilnefndu fulltrúa bæjarráðs, en fulltrúar bæjarráðsins eigi að annast heildarstjórn og fyrirkomulag hátíðahaldanna. Þá telur hann og eðlilegt að þeir leituðu samstarfs við fulltrúa annara félagssamtaka í bænum, sem kynnu að vilja taka þátt í hátíðahöldunum, í einni eða annari mynd.

Jón Blöndal greiðir ekki atkvæði með tilvísun til þess, að hann hafi ekki tekið þátt í umræðum um nefndarskipunina, og er ókunnugt um, út frá hvaða forsendum hún hefir verið gerð, en bókanir bæjarráðs skera ekki úr um það atriði.

Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson.

Jóhann Hafstein. — Gunnar Thoroddsen.

Jón Blöndal. — Sigfús Sigurhjartarson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Borgarstjórinn í Reykjavík 20/6 1946

# B Æ J A R R Á Ð.

Ár 1946, föstudaginn 14. júní, kl. 2 e.h., hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Samþ. að Kristjón Kristjónsson megi halda lóðinni Skipasund 21, enda verði byggingarframkvæmdum haldið áfram á lóðinni án tafar.

2. Samþ. lóðaúthlutun, með byggingarfresti til 1. septbr. næstk.:

| | | |
|---|---|---|
| Skipasund 31 | fær | Magnús Víglundsson, enda samþykki bygginganefnd gerð hússins, sem hann hyggst að flytja á lóðina. |
| Laugateig 31 | - | Kjartan Ó. Bjarnason, Birkibæ |
| - 28 | - | Hjörtur Guðmundsson lögrþj. |
| Skipasund 5 | - | Hákon Sumarliðason, Hátúni 9 |
| - 7 | - | Elías H. Stefánsson, Ásv. 2 |
| Langholtsv. 140 | - | Jón Stefánsson, Hvg. 94 |
| Barmahlíð 42 | fá | Guðm. og Ingólfur Finnbogasynir. |

3. Borgarstjóra heimilað að leigja fiskiveiðahlutafél. Viðey landsspildu úr Sogamýri XIV, til starfrækslu vegna útgerðar, með 6 mán. uppsagnarfresti.

4. Boðinn forkaupsréttur að leigulandinu Árbæjarbletti LXXI, fyrir kr. 1500.-. Hafnað.

5. Samþ. að gefa fyrirheit um lóð undir miðstöð fyrir kirkjulega starfsemi við Miklubraut og Lönguhlíð, eftir útvísun bæjarverkfræðings, enda verði byggingarframkvæmdir hafnar fyrir 1. júní 1947 og þeim haldið áfram með hæfilegum hraða, að dómi bæjarráðs. Það skilyrði er og sett, að bæjarráð samþykki teikningu af byggingunni.

6. Lagt fram bréf frá Jóni Gissurarsyni, Skúlagötu 52, varðandi byggingu íbúðarhæðar yfir verslunarhúsi, sem hann hefir reist við Borgarveg. Erindinu synjað.

7. Bréfi frá Haraldi Jónssyni, Von. 12, varðandi hávaða frá mótor í veitingahúsinu Vonarstr. 10, vísað til lögreglustjóra til umsagnar.

8. Samþ. að tilnefna Einar Sveinsson, húsameistara bæjarins, til þess að athuga möguleikana á því að byggja hið nýja menntaskólahús á svæðinu milli Bókhlöðustígs, Amtmannsstígs, Lækjargötu og Þingholtsstrætis, skv. tilmælum í bréfi menntamálaráðuneytisins, dags. 12. þ.m.

9. Bæjarráð samþ. fyrir sitt leyti, að selja megi Garðari Pálssyni íbúð í húsinu Eskihlíð 14.

10. Bæjarráð tekur fram, að það telji ekki ástæðu til þess, að svo stöddu, að taka meira gjald í bæjarsjóð af fyrirhuguðum dansskemmtunum h.f. Tivoli, heldur en tekið er af öðrum dansskemmtunum.

11. Samþ. að verða við erindi frá Þórði Kárasyni lögrþj., varðandi sölu íbúðar á Sundlaugavegi 28.

12. Samþ. að tilnefna Jóhann Hafstein, bæjarftr., í Laugardalsnefndina, í stað Gunnars Þorsteinssonar hrl.

13. Flugmálastjórinn sækir um meðmæli til að fá leyfi til gistihússreksturs á flugvellinum. Bæjarráð mælir með beiðninni.

14. Erindi frá skólastjóra Miðbæjarskólans varðandi launakjör Kolbeins Guðmundssonar, vísað til borgarstjóra til afgreiðslu.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

15. Lagt fram bréf frá skólastjóra Miðbæjarskólans, dags. 2. þ.m., með beiðni um ýmsar lagfæringar á skólahúsinu. Falið bæjarverkfræðingi til afgreiðslu.

16. Samþ. að gefa eftir skatt til Sundhallarinnar af aðgöngumiðum að sundkeppninni milli danskra og íslenskra sundmanna dagana 12. og 14. þ.m.

17. Lögð fram skýrsla um mjólkureftirlit hér í bænum í maímánuði.

18. Lagt fram bréf frá sjávarútvegsnefnd, dags. 12. þ.m., varðandi hafnarmál Reykjavíkur. Bæjarráð samþykkir tillögur nefndarinnar fyrir sitt leyti.

19. Lagt fram bréf frá hagfræðingi bæjarins, dags. 12. þ.m., varðandi nýja brunatryggingariðgjaldaskrá. Bæjarráð fellst fyrir sitt leyti á greinargerð hagfræðingsins.

20. Samþykkt með samhlj. atkv. að leggja til við bæjarstjórn, að borgarstjóra verði heimilað að semja við The British Ratin Co, Ltd., um rottueyðingu hér í lögsagnarumdæminu, á grundvelli tilboðs firmans, dags. 28. f.m.

21. Samþ. að veita Aðalsteini Ó. Guðmundssyni, Tjarn. 3 A., löggildingu sem rafvirkja við lágspennuveitur.

22. Samþ. að vísa til rafmagnsstjóra til afgreiðslu erindum um rafmagnsheimtaugar frá Sveini Árnasyni og Landssmiðjunni.

23. Samþ. að fela borgarstjóra og bæjarverkfræðingi til afgreiðslu kaup á útihúsum á Austurkotsbl. I.

Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson.

Auður Auðuns. Jón Blöndal.

Sigfús Sigurhjartarson. Jóhann Hafstein.

Hallgr. Benediktsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

## B Æ J A R R Á Ð.

Ár 1946, laugardaginn 15. júní, kl. 2 e.h., hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Úrskurðaðar kjörskrárkærur:

Samþ. að fella af kjörskrá þessi nöfn:

Aðalsteinn Grímsson, Kambsv. 27
Anna J. Guðmundsdóttir, Lauf. - Hringbr.
Árni J. Árnason, Bergþ. 20
Bragi H. Kristjánsson, Mýr. 7
Einar J. Dagbjartsson, Lvg. 160
Elín Kristjánsdóttir, Njg. 86
Garðar Agnarsson, Þingh. 28
Gissur Ó. Erlingsson, Reyk. Þóroddsst.
Guðmundur Sigurðsson, Efst. 62
Óskar I. Ágústsson, Barmahlíð 10
Sigurður Kristmundsson, Br. 32 Suðurlv.
Vilhjálmur Ingibergsson, Br. 19 Kapl., vegna dómfellingar.
Áslaug Guðmundsdóttir, Efst. 3, tvítalin er nr. 25581 á skránni.
Bergur E. Pétursson, Berg. 70, fæddur 8. desbr. 1926.

Samþ. að bæta þessum nöfnum á kjörskrána:

Andrés Björnsson vkm., Hverf. 125
Anna S. Lúðvíksdóttir hfr., Víð. 31
Brekkan, Andrés A., stud. med., Selj. 29, með aths.
Daðína M. Guðjónsdóttir ekkja, Lvg. 69
Guðrún Kristjánsdóttir ekkja, Suð. 39
Jensen-Brand, Svava versl., Hring. 40
Jón G. Jónsson vkm., Grettisg. 31 A.
Kjartan Á. Þórðarson lögfr., Karlag. 17
Loftur Guðmundsson skólastj., Vatnsveituv.
Margrét Þorsteinsdóttir, Öld. 3
Ólafur Tryggvason læknir, Víðimel 31
Sigríður Bjarnadóttir saum., Hring. 141
- Hávarðsdóttir ekkja, Grand. 39 B.
Sigurður Þ. Elíasson garðyrkjum., Rán. 50
Þórarinn H. Jónsson vkm., Brekk. 14 B.
Eiríkur Benedikz sendiráðsritari, London
Margaret S. Benedikz frú, -
Helgi Pálsson Briem, aðalræðism., New-York
Doris Mildred - frú, -
Magnús Vignir Magnússon, sendiráðsftr., Washington
Ólafur Sv. Björnsson, - -
Pétur Benediktsson, sendiherra, París
Eggerz, Pétur Kristján, sendiráðsritari, London
- Ingibjörg Pálsdóttir, frú, -
Thorsteinsson, Pétur Jens, sendiftr., Moskva.
Hafstað, Sigurður Herst., - Stockholm
- Ragnheiður Kvaran, frú, -
Stefán Þorvarðsson, sendiherra, London
Guðrún Jónsdóttir, sendiherrafrú, -
Thor Haraldur Thors, sendiherra, Washington
Ágústa - sendiherrafrú, -
Finsen, Vilhjálmur, sendiftr., Stockholm
- Henriette, frú, -
Sörensen, Brynhildur, Seljav. 27, London
Bergs, Halla, Skólav. 30, Stockholm
Áslaug Skúladóttir, Ásv. 64, -
Svava Vernharðs, Lauf. 9, Washington
Erla Bjarnadóttir, Túng. 5, -
Helga Kalman, Bratt. 3 A., London
Hafstein, Jón Kristinn, Pósth. 17
- Ingibjörg, -
Hjalti Tómasson, flugm., Kjart. 4
Óskar ~~Einarsson~~ Eiríksson, veitþj., Bræðr. 47

Borgarstjórinn í Reykjavík 805. 1946.
© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Þorlákur Þórðarson, Smiðj. 9
Sigurður Jónsson, lyfjafr., Garð.33
Eiríkur Magnússon, Frekk. 15
Fjeldsted, Lárus, lögfr. yngri
 - Jórunn, frú
Sigurður Matthíasson, Smárag. 2
Kristján Ingi Einarsson, Freyjug. 37
Sigríður Ágústa Söebeck hfr., - -
Ari Guðmundsson, Óðinsg. 13
Matthildur Þórðardóttir, Vífilsg. 6
Bergur Pálsson, Hringbr. 143
Valgerður Briem, frú, Hringbr. 143
Aðalsteinn Kristmundsson, Skólav. 19
Brynjólfur Einarsson, Grund. 11
Ólafur Bjarnason, læknir, Þingh. 31
Margrét Jóhannesdóttir, frú, - -
Sólveig Gísladóttir, Njálsg. 85
Guðrún Helga Vigfúsdóttir, Nýl. 15 A.
Guðrún Jónasdóttir, kennari, Ljósv. 32
Óli V. Hansenn, Baldursg. 27
Karl Stefánsson, Fjölnisv. 11
Sigurður G. Norland, Holtsg. 37
Gunnar Jónsson, Ránarg. 35 A.
Guðsteinn Aðalsteinsson, nem., Stórholt 39
Ragnhildur Jóhannsdóttir, Skólav. 37
Páll Ingólfsson, Miðtúni 16
Bjarnheiður Bernharðsdóttir, Bjarnarstíg 1
Anna Þórhallsdóttir, Hólav. 3
Borghild A. Albertsson, Langh. 42
Bogi Ólafsson, gullsm., Klapp. 11
Ólafur Gíslason, Hrísateig 21
Olgeir Gottliebsson, Stórholt 26
Magnús Ingimundarson, Vesturg. 53
Magnús Sigurjónsson, Holtsg. 35.

Þessum kærum var synjað, þar sem manntalsskrifstofan hefir ekki fengið neinar upplýsingar um kjósendur, eða dvöl þeirra hér:

Eyjólfur Eiríksson, talinn í kæru Lvg. 34
Jóhann H. Jóhannsson, - - - Kirk. 2
Guðfinna Sumarrós Guðmundsdóttir talin f. 5/6 '24
Ólafía Guðmundsdóttir, talin Njálsg. 13 A.
Elinborg Guðjónsdóttir, - Selj. 17
Hermann Guðjónsson, talinn Kirk. 6
Helga Jóhannsdóttir talin Skeggj. 14.

Synjað vegna upplýsinga um, að kærendur séu heimilisfastir annarsstaðar á landinu:

Jón Hjaltalín Gunnlaugsson, í kæru talinn Hrís. 19
Gyða Kjartansdóttir, Reykjalundi
Lilja Halldórsdóttir, talin Hjallav. 52
Sólveig Á. Stefánsdóttir,talin Víðimel 31
Einar Ragnarsson Kvaran, Siglufirði
Kristín Pétursdóttir, Þingh. 22 A. skv. kæru
Gunnar Níels Guðmundsson, talinn Flók. 19
Hildur Jónasdóttir, talin Njálsg. 85
Sjöfn - - - -
Fjóla Norðfj. Reimarsdóttir, talin Lind. 42 A.
Guðmundur B. Jónsson, talinn - -
Baldur Bjarnason, magister, Snælandi
Halla Hafliðadóttir, talin Hömrum.

Synjað vegna búsetu erlendis á síðustu 5 árum:

Guðrún H. Tulinius, Sólv. 41
Sveinbjörg Erasmusdóttir, Tjarn. 37
Björn H. Kristjánsson, Reyn. 31
Hermína Sigurgeirsdóttir, - -
Úrsúla Hermannsson, Lok. 16
Elsa Bjarnason, Sólv. 32 A.
Margrét Bl. Tómasson, Kjartansg. 4
Rigmor Magnússon, Suðurlbr. Br. 67.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Kæru Eggerts Þórarinssonar., Ljósv. 8, synjað, þar sem upplýsingar vantar um ríkisborgararétt kæranda, sem er fæddur í Washington.
Kæru Jóns Björnssonar og Láru Guðmundsdóttur, Hringbr. 187, (skv. kærunni) synjað, þar sem upplýst var, að kærendur höfðu látið neita skrásetningu í manntal haustið 1945, vegna búsetu erlendis, og engin tilkynning borist síðan um að þau væru flutt hingað.
Kæru frá Inga Hallbjarnarsyni, Karlag. 3, synjað vegna dómfellingar.

Loks synjaði bæjarráð eftirtöldum kærum, þar sem kærendur telja lögheimili utanbæjar skv. gögnum manntalsskrifstofunnar. Bæjarráð tekur þó fram, að það muni ekki hafa á móti því, að kærendur fái sig dæmda inn á kjörskrána, ef fullnægjandi upplýsingar fást um, að þeir séu ekki á kjörskrá annarsstaðar:

Kristín Aðalh. Bjarnadóttir, Þingh. 25
Svava Ingimundardóttir, Bræðr. 7
Margrét Jónsdóttir, Laufholt v/Ásveg
Jón Sigurðsson, Laufásv. 65
Friðrik Adolfsson, útvarpsvirki
Jónas Kr. Jónsson, Kapl. Br. 12 A.
Jóhanna M. Guðjónsdóttir, Ásv. 10 A.
Aðalheiður Jónasdóttir, Skúlag. 52
Sveinn Kristinsson, áður Mjóuhl. 2
Guðfinna Sigurv. Gísladóttir, Selby camp
Ágúst Alexanderson, Bald. 9
Gísli Ó. Thorlacius, Von. 12
Hólmfríður P. - - -
Guðrún R.G. - - -
Brynleifur Sigurjónsson, Tjarn. 8
Kristinn Tómasson, Efst. 47
Jóhanna Sveinsdóttir, Lvg. 45
Pétur Jón Vermundsson, Öld. 47
Einar Jón B. Jóhannsson, Miðtún 30
Jón Björgvin Björnsson, Kjart. 7
Helga Hobbs, Hávallag. 47

2. Erindi frá Jónasi Magnússyni rafvirkjameistara, varðandi tryggingu fyrir efndum á samningi um raflagnir í íbúðarbyggingu bæjarins við Miklubraut, vísað til borgarstjóra til afgreiðslu.

Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson.

Auður Auðuns. Sigfús Sigurhjartarson.

Jóhann Hafstein. Jón Blöndal.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# B Æ J A R R Á Ð.

Ár 1946, föstudaginn 21. júní, kl. 2. e.h., hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Karl Þorfinnsson afsalar lóðinni Laugateig 3, Steingr. Jónatansson o.fl. Mávahlíð 26, Guðm. Finnbogason o.fl. Barmahlíð 42 og J.A. Sveinsson lóðinni Mávahlíð 4.

2. Samþ. lóðaúthlutun, með byggingarfresti til 1. septbr.:
Karl Þorfinnsson fær Mávahlíð 26 og 28
Steingr. Jónatansson og Torfi Guðbjörnsson fá Laugateig 3
Guðm. og Ingólfur Finnbogasynir fá Mávahlíð 4
Byggingarsamvinnufélag Reykjavíkur fær lóðir undir 3 samstæð (tvístæð) hús við Mávahlíð, nr. 49, 51, 53, 55, 57 og 59, svo fljótt sem unnt verður að útvísa lóðunum.

3. Eftir beiðni Odds Jónassonar var samþykkt að gera leigusamning um Reynimel 26 við Ólaf Tryggvason, Víðimel 30 og Hauk Hvannberg, Hólatorgi 8.

4. Hafnað forkaupsrétti að Árbæjarbletti LXXI fyrir kr. 500.-. Ranglega bókað 14. júní kr. 1500.-.

5. Lagt fram bréf frá h.f. Kristjánsson, dags. 19. þ.m., með beiðni um lóð undir hús úr aluminium. Bæjarráð gefur fyrirheit um lóð undir slíkt hús í Kleppsholtinu, eftir nánari ákvörðun síðar.

6. Samþ. að selja megi til Cæsars Mars, Leifsg. 7, leiguréttinn að Smálandabraut 17.

7. Samþ. að afsala megi til Gests Guðnasonar, Hitaveituv. 1, leiguréttinum að Smálandabraut 1.

8. Lagt fram bréf frá h.f. Skautahöllin, dags. 15. þ.m., varðandi fyrirheitna lóð undir skautahöll sunnarlega í Vatnsmýrinni, vestan Njarðargötu. Telur félagið frágangssök að húsið verði reist á þessari lóð.
Samþ. að fá nánari greinargerð frá bæjarverkfræðingi.

9. Lagt fram bréf frá íbúum í Höfðaborg, dags. 10. þ.m., með beiðni um að rafmagnseldavélar verði settar upp í húsunum.

10. Lagt fram bréf frá Ragnari Kristjánssyni, þess efnis að hann verði skipaður fastur starfsmaður.

11. Engilbert Guðmundsson tannlæknir segir lausu starfi sínu við Austurbæjarskólann frá 1. oktbr. næstk.

12. Bæjarráð samþykkir að ákveða grunnlaun skólatannlækna kr. 555.- á mánuði árið um kring, enda verði starfstími þeirra a.m.k. 3 klst. á dag, alla virka daga, en sumarfrí 1½ mánuður.
Þar sem þessi laun og önnur starfsskilyrði eru verulega frábrugðin kjörum annara sambærilegra starfsmanna bæjarins, og fyrir dyrum stendur endurskoðun á heilbrigðiseftirliti í barnaskólum, getur bæjarráð ekki mælt með því að skólatannlæknarnir verði skipaðir fastir starfsmenn að svo stöddu.

13. Erindum varðandi aldursuppbætur til Guðm. Ásgeirssonar og Óskars Gissurarsonar vísað til hitaveitustjóra til afgreiðslu.

14. Erindi frá Árna Björnssyni, Hörp. 38, um næturrafmagn, vísað til rafmagnsstjóra til afgreiðslu.

15. Eftir tillögu forstjóra Sundhallarinnar var samþ. að skipa fasta starfsmenn: Ingimund Guðmundsson, klefav., Lilju Kristjánsd. og Ingibjörgu Sigurgeirsdóttur, miðasölustúlkur, Jóhönnu Guðmundsd., afgr.stúlku, Unu Þorsteinsdóttur, baðvörð, Ernst Backmann og Ragnar Steingrímsson, laugaverði.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

16. Samþ. að heimila kvenfél. Hringnum að hafa útiskemmtun í Hljómskálagarðinum 1. og 2. septbr. næstk.

17. Kröfu frá Jóni Guðmundssyni, Miðstr. 3 A., um bætur vegna þess að hann hafði tapað úri og veski úr geymslu í Sundlaugunum, vísað til borgarstjóra til meðferðar.

18. Bæjarráð samþ. fyrir sitt leyti, að hálflendan Vatnsholt í Villingaholtshreppi verði seld ábúanda hinnar hálflendunnar fyrir kr. 6500.-.

19. Beiðni Guðm. Pálssonar, Bergþ. 41, um leyfi til að hafa kaffivagn við höfnina, vísað til hafnarstjórnar til umsagnar.

20. Lögð fram matsgerð dómkvaddra matsmanna, dags. 15. þ.m., á efni og vinnu Björns Guðmundssonar og Valgeirs Jónssonar við Skúlagötuhúsin. Ennfr. var lagt fram bréf frá verktökunum, dags. 21. þ.m., varðandi greiðslu orlofsfjár verkamanna, sem hjá þeim hafa unnið.

21. Alþingiskjörskrá undirskrifuð.

22. Borgarstjóra falið að skipa undirkjörstjórnir við alþingiskosningarnar 30. þ.m.

Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson.

Guðm. Ásbjörnsson. Jón Blöndal.

Hallgr. Benediktsson. Sigfús Sigurhjartarson.

Jóhann Hafstein.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

B Æ J A R R Á Ð.

Ár 1946, föstudaginn 28. júní, kl. 2 e.h., hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Erindi frá lúðrasveitinni "Svanur" um rafmagnsheimtaug í skála, sem sveitin hefir nú not af, vísað til rafmagnsstjóra til afgreiðslu.

2. Erindi Sigurbjarnar Björnssonar varðandi byggingu á Bústaðabl. XXIII, vísað til bæjarverkfræðings til umsagnar.

3. Synjað beiðni um byggingarleyfi á Kaplaskjólsmýri III.

4. Synjað beiðni um byggingarleyfi á erfðafestulandinu Þvottalaugabletti XXVI.

5. Eggert Þorsteinsson afsalar lóðinni nr. 48 við Barmahlíð og Guðm. E. Breiðfjörð afsalar lóðinni Skipasund 35.

6. Samþ. að gefa Birgi Thorlacius o.fl. kost á lóðinni nr. 16 við Bólstaðahlíð, en Áslaugu Thorlacius o.fl. kost á lóðinni nr. 14 við sömu götu, með byggingarfresti til 1. septbr. nk.

7. Eftir beiðni Jóns Ólafssonar, Vitastíg 20, var samþ. að gera lóðarleigusamning um Hofteig 34 (áður 52) við Friðbjörn Guðbrandsson, Hvg. 119 A., og Tómas G. Guðjónsson, Frakk 12.

8. Eftir beiðni Kolbeins Guðmundssonar, Skólavh. 107, var samþ. að gera leigusamning um Hofteig 36 (áður 54), við hann og Kristinn Guðbrandsson, Skólavh. 114.

9. Eftir beiðni Sveinbjarnar Finnssonar var samþ. að gera leigusamning um Hagamel 21 við Daníel Ólafsson, Tjarn. 40.

10. Erindi Þorst. Einarssonar, Holtsg. 37, varðandi undirgang í húsi hans, vísað til slökkviliðsstjóra til umsagnar.

11. Samþ. að fá umsögn flugmálastjóra um byggingarleyfisbeiðni h.f. Hrappseyjarprent, dags. 26. þ.m.

12. Synjað beiðni frá Þórði Þorsteinssyni, Sæbóli, um leyfi til að hafa söluskúr á torginu við Barónsstíg - Njálsgötu.

13. Erindi h.f. Sjóklæðagerðar Íslands um greiðslu kostnaðar við holræsisgerð og endurbætur á því verki, vísað til bæjarverkfræðings til afgreiðslu, en erindi h.f. Dósaverksmiðjunnar um samskonar efni vísað til bæjarverkfræðings til athugunar.

14. Erindi frá Fél. ísl. botnvörpuskipaeigenda um lóð fyrir olíustöð í Örfirisey, vísað til hafnarstjórnar til ákvörðunar.

15. Erindi frá skíðadeild K.R. um aðstoð til vegagerðar að skíðaskálanum í Skálafelli, vísað til bæjarverkfræðings til afgreiðslu.

16. Samþ. að mæla með fyrirheiti um styrkveitingu næsta ár, til utanfarar íþróttamanna á Evrópu meistaramót í Osló í ágúst næstk., eftir beiðni forstöðunefndar um þátttöku Íslendinga í því móti, dags. 24. þ.m.

17. Bréfi frá rafmagnsstjóra um launakjör Gísla Hannessonar, vísað til starfsmannafélagsins til umsagnar.

18. Beiðni Gunnars Steindórssonar, Brekk. 3, um rafmagnsheimtaug að sumarbústað við Hólmsárbrú, vísað til rafmagnsstjóra til afgreiðslu.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

19. Lagt fram þakkarbréf frá stjórn Í.S.Í., fyrir gestrisni bæjarstjórnar við íþróttamenn, sem til bæjarins hafa komið nú í vor.

20. Lögð fram skýrsla um starfsem Ráðningarstofunnar í maímán. sl.

21. Erindi frá skólastjóra Melaskólans um kaup á flekahúsum vegna skógræktunarstarfsemi skólabarna, vísað til borgarstjóra til afgreiðslu.

22. Bæjarráð samþ. fyrir sitt leyti að verslun verði höfð í húsi á Mávahlíð 25.

23. Borgarstjóra heimilað að gefa Jóhanni Hafliðasyni kost á leigulóðinni nr. 54 við Sörlaskjól.

24. Lagt fram bréf frá sjávarútvegsnefnd, dags. 27. þ.m., með fundargerð nefndarinnar sama dag.
Bæjarráð samþ. að mæla með tillögum nefndarinnar um ábyrgð bæjarins fyrir stofnlánum til vélbáta- og togarakaupa.
Málinu vísað til bæjarstjórnar.

25. Samþ. að gefa Guðlaugi Bjarnasyni, Lauftúni, kost á lóðinni Skipasundi 4 og Guðmundi Ísleifssyni, Njg. 35 A., kost á Skipasundi 23, með byggingarfresti til 1. septbr. nk.

26. Lögð fram umsögn lögreglustjóra um erindi Magnúsar Jónssonar varðandi skaðabætur vegna hreinsunar lögreglunnar á lóð við Oddshöfða. Erindinu synjað.

Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson.

Guðm. Ásbjörnsson. Sigfús Sigurhjartarson.

Auður Auðuns. Jóhann Hafstein.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# B Æ J A R R Á Ð.

Ár 1946, föstudaginn 5. júlí, kl. 2 e.h., hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Samþ. að heimila borgarstjóra að semja um endurkaupsverð á Lækjarbakkabletti, hið sama sem greitt var fyrir önnur erfðafestulönd dánarbús Sigr. Þorláksdóttur, þau er ekki voru með ákveðnu endurkaupsverði, sbr. afsal 3. jan. 1939.

2. Samþ. að gefa Elínu Guðmundsdóttur kost á lóðinni Langhv. 163.

3. Samþ. að gefa Haraldi Johannessen kost á lóðinni Nökkvavogi 41, með byggingarfresti til 1. septbr. nk., enda afsalar hann Karfavogi 35.

4. Synjað beiðni um lóðarréttindi í svonefndum Almannadal í Grafarholtslandi.

5. Boðinn forkaupsréttur að erfðafestulandinu Fossvogsbl. XXIV fyrir kr. 5000.-. Hafnað, með þeirri athugasemd, að skv. erfðafestubréfi er Jónas Jónsson, sem býður forkaupsréttinn, aðeins eigandi 2/3 hluta erfðafestulandsins.

6. Synjað beiðni um framlengingu leiguréttar á lóðinni Þverholti K.

7. Samþ. að heimila viðbyggingu við Fúlutjarnarhúsið, með því skilyrði, að sú bygging verði tekin burtu, bæjarsjóði að kostnaðarlausu, þegar krafist verður.

8. Lögð fram matsgerð á eigninni Rauðarárstíg 19, dags. 29. f.m. Samþ. að óska eftir yfirmati.

9. Bæjarráð samþ. fyrir sitt leyti að hafa megi sölubúð í húsi nr. 51 við Skipasund.

10. Bæjarráð synjar erindi frá Jóni Guðvarðssyni, dags. 26. f.m., um styrk til flutnings á húsinu Hverfisg. 82.

11. Erindi frá Eiríki Beck, Lágholtsv. 6, varðandi kaup á innréttingu á húsi í Þóroddsstaðahverfi, vísað til framfærslustjórnar til meðferðar.

12. Samþ. að Þórður Þorsteinsson, Sæbóli, megi hafa söluvagn á hjólum á svæðinu við Njálsg. og Barónsstíg, enda taki hann skúrinn af svæðinu, þegar krafist verður.

13. Hafnað tilboði frá Iðnaðarmannafélaginu um leigu á lóðinni nr. 11 við Ingólfsstræti.

14. Lagt fram bréf frá Þuríði Bárðardóttur, ljósmóður, dags. 29. f. m., þar sem hún ítrekar kröfu, um að húsnæði Mæðraheimilisins í húsi hennar Tjarnargötu 16 verði rýmt. Bæjarráð getur ekki tekið kröfuna til greina, en vísar málinu til framfærslustjórnar að öðru leyti.

15. Lögð fram tilkynning forstjóra Sundhallarinnar, um að Sigurgeir Sigurdórsson, Hrísateig 14, hafi gefið Sundhöllinni dýfingarbretti úr eik. Borgarstjóra falið að þakka gjöfina.

16. Erindi frá h.f. Matvælageymslunni um vatnsæð að matvælageymslu við Langholtsveg, vísað til vatnsveitustjórans til umsagnar.

17. Erindi frá íbúum í húsunum nr. 54 - 62 við Skúlagötu, dags. 26. f.m., um að heitt vatn verði lagt í húsin, vísað til hitaveitustjóra til umsagnar.

18. Lagt fram bréf frá Sig. Nordal Miðtúni 26 og Jens Guðbjörnssyni Auð. 9, dags. 28. f.m., varðandi leyfi til kvikmyndasýninga á 16 mm. kvikmyndum.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

19. Lagt fram bréf frá utanríkisráðuneytinu, dags. 27. f.m., varðandi leyfi fyrir sendiherra Dana til að hafa keltuhund.

20. Eftir beiðni Guðm. Gíslasonar, Bár. 19, var samþ. að gera samning um Hagamel 19 við Helga Sveinsson, Grett. 68.

21. Lögð fram bráðabirgðaskýrsla um skoðun kjallaraíbúða og herskálaíbúða í Reykjavík á tímabilinu febr. - júní þ.á.

22. Hjörtur Guðmundsson afsalar lóðinni nr. 28 við Laugateig.

23. Samþ. þessi lóðaúthlutun, með byggingarfresti til 1. sept. þ.á.:

| | | | |
|---|---|---|---|
| Skeiðarvog | 20 | fær | H.J. Hólmjárn, Arnarvogi |
| Karfavog | 29 | - | Ólafur Tr. Oddsson |
| Langholtsv. | 132 | - | Þórður Teitsson, Berg. 81 |
| Blönduhlíð | 24 | - | Ari Maronsson, Berg. 33 |
| Skeiðarvog | 22 | - | Sig. Hóseasson, Skv. 40 |
| Skipasund | 60 | - | Vigfús Kristjánsson, Vest. 68 |
| Barmahlíð | 42 | - | Ólafur Guðfinnsson, Miðt. 58 |
| Langholtsv. | 188 | - | Hallgr. Magnússon, Samt. 34 |
| Sörlaskjól | 8 | - | Þórður Vigfússon, Skvt. 122 |
| Gullteig | 19 | - | Ingibjartur Ásgeirsson, Leifsg. 8 |

Leigutími lóðanna í Kleppsholti verður ákveðinn síðar.

24. Lagt fram bréf sjávarútvegsnefndar, dags. 29. júní 1946, með skýrslu um fund í nefndinni daginn áður, þar sem m.a. var dregið um 4 botnvörpuskip, sem ákveðið er að framselja útgerðarfélögum í bænum, af þeim skipum, sem bæjarstjórn hefir fram til þessa fengið úthlutað hjá Nýbyggingarráði.
Bæjarráð samþykkir gerðir nefndarinnar og felur henni að auglýsa nú þegar stöður skipstjóra og yfirvélstjóra á b.v. "Ingólfi Arnarsyni".

25. Borgarstjóra falið að taka við setuliðs birgðaskemmum í Fossvogi (Cook og Maple Leaf Compar) og heimilast að láta athuga, hvort til mála geti komið, að taka skála í þessum hverfum fyrir bráðabirgðaíbúðir, en bæjarráð telur þó æskilegast, að skálarnir verði fjarlægðir hið fyrsta.

26. Samþ. að fela bæjarverkfræðingi og húsameistara að gera tillögur, með kostnaðaráætlunum, um viðgerð á þaki Hvítabandshússins, Skólavörðustíg 37.

27. Erindi frá Svavari Kristjánssyni o.fl., varðandi rafmagnsheimtaug að sumarbústað í Geithálslandi, vísað til rafmagnsstjóra til afgreiðslu.

28. Erindi frá Kristjáni Árnasyni um rafmagnsheimtaug að íbúðarhúsi við Breiðholtsveg,vísað til rafmagnsstjóra til afgreiðslu.

29. Erindi frá Kjartani Guðmundssyni um rafmagnsheimtaug að bústað í Kringlumýri, vísað til rafmagnsstjóra til afgreiðslu.

30. Lagt fram bréf, dags. 3. þ.m., frá rafmagnsstjóra, varðandi rafmagnsheimtaug í Mjólkurstöðina nýju.
Að fengnum upplýsingum í bréfinu samþ. bæjarráð að vísa málinu til rafmagnsstjóra til afgreiðslu.

31. Borgarstjóra heimilað að verða við beiðni E. Malmquist, ræktunarráðunautar, dags. 5. þ.m., um tveggja mánaða leyfi til að sinna störfum fyrir Búnaðarsamb. Eyjafjarðar og Akureyrar.

32. Lagt fram bréf rafmagnsstjóra, dags. 20 f.m., varðandi mötuneyti verkamanna við Elliðaárnar. Falið rafmagnsstjóra og bæjarverkfræðingi til frekari athugunar.

33. Erindi frá Þorkeli H. Jónssyni o.fl., dags. 28. f.m., með beiðni um bæjarábyrgð fyrir stofnláni, sem yrði tryggt með 1. veðrétti í v.b. Hafdís R.E. 66, vísað til sjávarútvegsnefndar til umsagnar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

34. Lagt fram bréf frá rafmagnsstjóra, dags. 3. þ.m., varðandi laxaklak í Soginu. Ákveðið að fá umsögn fiskimálastjóra um málið.

35. Lögð fram bréf frá rafmagnsstjóra og Vélstjórafélagi Íslands, varðandi mat á hlunnindum vélgæzlumanna við orkuver bæjarins. Samþ. að fá umsögn Starfsmannafélagsins um málið.

Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson.

Auður Auðuns. Jóhann Hafstein.

Jón Axel Pétursson. Hallgr. Benediktsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# B Æ J A R R Á Ð.

Ár 1946, föstudaginn 12. júlí, kl. 2. e.h., hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Synjað umsókn Sig. E. Hjörleifssonar um erfðafestulandið Árbæjarblett 57, en erindi hans að öðru leyti vísað til vatns- og hitaveitunnar.

2. Samþ. að leyfa Sigurbirni Björnssyni að byggja íbúðarhús á erfðafestulandinu Bústaðabletti 23.

3. Synjað beiðni Jóhanns Ólafssonar, Eir. 23, um leyfi til að byggja sumarhús á Krossamýrarbletti 9.

4. Samþ. að gera leigusamning um Engihlíð 14 við Héðinn Sveinsson, Víf. 16, Björn Ólafsson, Tún. 3, Daníel Daníelsson, Tungu, og Sig. Sveinsson, Hring. 87, en Sveinbjörn Sigurðsson hefir afsalað sér lóðinni.

5. Samþ. að gera leigusamning um Sigtún 49 við Snorra Laxdal, Njál. 102, en Guðbrandur Þorkelsson, Háteigsv. 28, hefir afsalað sér þeirri lóð.

6. Lögð fram beiðni h.f. Loftleiða um lóð undir afgreiðsluhús við Kalkofnsveg. Bæjarráð getur ekki orðið við beiðninni.

7. Lögð fram beiðni Bátasmiðjunnar Knörr h.f. um leigulóð við Elliðaárvog. - Bæjarráð vill leigja félaginu þá lóð, er því hefir áður verið gefið fyrirheit um, til 25 ára, eftir nánari útvísun bæjarverkfræðings, en synjar beiðni um aðra lóð við Elliðaárvog.

8. Lögð fram lóðarumsókn Önnu Kristjánsdóttur, Laugarneshverfi 31 B, Vísað til lóðaúthlutunarnefndar.

9. Lögð fram umsókn S.Í.S. um lóð til að flytja á húsið nr. 10 við Kirkjustræti. - Bæjarráð vill greiða fyrir því, að S.Í.S. fái lóð til að endurbyggja á húsið í samræmi við nágrannahús.

10. Lagt fram bréf slökkviliðsstjóra um geymsluhúsnæði fyrir slökkvistöðina. Vísað til borgarstjóra til afgreiðslu.

11. Lagt fram bréf Þorsteins F. Einarssonar um breytingu á undirgangi við húsið Holtsgötu 37. Samþ. að verða við erindinu.

12. Erindi frá forstöðunefnd Kvennaskólans um gangstíg að skólahúsinu, vísað til meðferðar bæjarverkfræðings.

13. Lagt fram bréf frá íbúum í Skildinganesi um stækkun flugvallarins. Bæjarráð samþykkir að fela borgarstjóra og bæjarverkfræðingi að taka upp viðræður við flugmálastjóra um þetta mál.

14. Samþ. að fela borgarstjóra að ganga frá samningi við Sjúkrasamlag Reykjavíkur um daggjöld sjúklinga á sjúkrahúsi Hvítabandsins.

15. Lagt fram bréf og greinargerð frá nefnd þeirri, er kosin var á bæjarstjórnarfundi 7. febr. til þess að gera tillögur um fyrirkomulag heilsuverndarstöðvar.

16. Samþ. 6 þús. kr. fjárveiting til hjúkrunarfélagsins Líknar, fyrir árið 1945, til viðbótar fyrri fjárveitingum.

17. Lagt fram bréf Guðmundar Pálssonar um rekstur kaffivagns við höfnina.

18. Samþ. að fela borgarstjóra og Sigfúsi Sigurhjartarsyni að taka þátt í umræðum við fulltrúa Stórstúkunnar um áfengismál.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

19. Lögð fram skýrsla hagfræðings bæjarins um skoðun á kjallara- og braggaíbúðum. Samþ. að fela hagfræðingnum að ljúka skýrslugerð samkv. 28. gr. laga um opinbera aðstoð við byggingu íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum.

20. Erindi slökkviliðsstjóra um bifreiðarkostnað hans, vísað til borgarstjóra til afgreiðslu.

21. Erindi fiskimálanefndar um raforku til rekstrar frystihúss á Grandagarði,vísað til rafmagnsstjóra til afgreiðslu.

22. Erindi Ingimars Kr. Þorsteinssonar um rafmagnsheimtaug í sumarbústað við Breiðholtsveg, vísað til rafmagnsstjóra til afgreiðslu.

23. Erindi Helga Lárussonar um rafmagnsheimtaug í herskála á Digraneshálsi, vísað til rafmagnsstjóra til afgreiðslu.

24. Erindi Hólmfríðar Hannesdóttur, Laugarnesvegi 77, um rafmagnsheimtaug að húsinu, vísað til rafmagnsstjóra til afgreiðslu.

25. Lögð fram skýrsla Sigurðar Péturssonar gerlafræðings um mjólkurrannsóknir í júní.

26. Lagt fram bréf frá Almennum Tryggingum h.f. um bætur fyrir brunatjón, þegar hús eru ekki endurreist. - Vísað til hagfræðings bæjarins til umsagnar.

27. Bæjarráð samþykkir, með tilvísun til samþykktar bæjarstjórnar frá 2. maí s.l., að mæla með því, að sjálfseignarstofnunin Skóli Ísaks Jónssonar verði látinn njóta hlunninda samkv. 54. gr. laga nr. 22/1946.

28. Bæjarráð samþ. að greiða forstöðunefnd sjómannastofustarfsins fé það, sem ætlað er til starfseminnar í fjárhagsáætlun bæjarins.

29. Lagt fram frv. að reglugerð um vinnutíma starfsmanna Reykjavíkurbæjar. - Bæjarráð mælir með samþ. frv. við bæjarstjórn og leggur jafnframt til, að felld verði burtu 3. mgr. 8. gr. samþykktar um laun fastra starfsmanna Reykjavíkurkaupstaðar.

30. Lagt fram bréf frá kaupendum að þremur af hinum nýju botnvörpuskipum, þar sem þeir óska þess, að bæjarstjórn láti taka lán út á skipin, er nemi 3/4 hlutum kostnaðarverðs og að þinglestrar- og stimpilgjöld verði felld niður. Vísað til bæjarstjórnar.

31. Byggingarsamvinnufélag Reykjavíkur afsalar sér lóðunum nr. 10 - 12 við Drápuhlíð.

32. Samþ. þessi lóðaúthlutun, með byggingafresti til 1. sept. 1946:

a. Vigfús Kristjánsson, Vest. 68, hefir afsalað sér Skipasundi 60, en fái Laugateig 28.

| | | | |
|---|---|---|---|
| b. Haraldur Runólfsson, Samt. 34, | fái | Laugateig | 35 |
| c. Þorgeir Sigurðsson, Lauf. 9, | - | Ferjuvog | 21 |
| d. Björn Vigfússon afsalar sér Nökkvavogi 33 | | | |
| e. Guðlaugur Jónsson, Öld. 12, | - | Sörlaskjól | 56 |
| f. Kristján Einarsson, Laug. 68, | - | Skipasund | 60 |
| g. Guðm. Guðgeirsson, Rauð. 22, | - | Langholtsv. | 99 |
| h. Jón Daníelsson, Hverf. 32, | - | - | 101 |
| i. Björn Jónsson, Brávallag. 46, | - | - | 184, |

enda afsali hann sér lóðinni nr. 16 við Blönduhlíð.

Fleira ekki gert. Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson.

Guðm. Ásbjörnsson. Hallgr. Benediktsson.

Jón Axel Pétursson. Sigfús Sigurhjartarson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# B Æ J A R R Á Ð.

Ár 1946, fimmtudaginn 18. júlí, kl. 10½ f.h., hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Lagt fram bréf frá Byggingarsamvinnufél. Reykjavíkur, dags. 10. þ.m., varðandi úthlutun byggingarlóða til félagsins á Melunum. Bæjarráð tekur fram, að umsókn félagsins um lóðir í Vesturbænum, verði tekin til meðferðar, þegar að lóðaúthlutun kemur á þeim slóðum, en það verði sennilega ekki nú í sumar.

2. Lagt fram bréf frá Byggingarsamvinnufél. Reykjavíkur, dags. 15. þ.m., varðandi afhendingu lóða til félagsins við Skipasund og Efstasund. Vísað til bæjarverkfræðings til fyrirgreiðslu, eftir því sem mögulegt er.

3. Erindi frá Sig. H. Guðmundssyni um lóð við Elliðaárvog, vísað til bæjarverkfræðings til afgreiðslu.

4. Eftir beiðni Axels Magnússonar, Vg. 17 A., var samþ. að gera leigusamning um Mávahlíð 13 við húsgagnavinnustofuna "Björk".

5. Erindi Þórðar Ólafssonar, dags. 10. þ.m., um kaup á einu botnvörpuskipi, vísað til sjávarútvegsnefndar til afgreiðslu.

6. Synjað erindi frá Sveini Þormóðssyni um rafmagn í herskála í Baldur-camp.

7. Lagt fram bréf frá rafmagnsstjóra, dags. 12. þ.m., varðandi steinsteypta stokka fyrir jarðstrengi. Falið bæjarverkfræðingi til athugunar.

8. Lagt fram bréf rafmagnsstjóra, dags. 12. þ.m., um rafmagn til hitunar í Vífilsstaðahæli. Falið rafmagnsstjóra til afgreiðslu.

9. Lögð fram umsögn hitaveitustjóra, dags. 12. þ.m., um hitaveitu í húsin Skúlagötu 54 - 62. Bæjarráð samþykkir að hitaveita verði lögð í húsin frá Rauðarárholunni, með því skilyrði að lokað verði fyrir vatnið þegar þörf krefur, að dómi hitaveitunnar. Hinsvegar tekur bæjarráð fram, að ætlast er til, að bæjarhúsin nr. 64 - 80 við götuna sitji fyrir um vatn frá holunni.

10. Lögð fram umsögn matnsveitustjóra, dags. 11. þ.m., varðandi erindi frá h.f. Matvælageymslunni.

11. Samþ. beiðni lögreglustjóra, dags. 10. þ.m., um að heimila lögreglunni kaup á 2 hátölurum til umferðastjórnar.

12. Samþ. að heimila lögreglustjóra að selja bifreiðina R. 2000.

13. Borgarstjóra heimilað að auglýsa umsjónarstarf við Melaskólann.

14. Erindi frá Snorra Guðmundssyni, Kár. 3, varðandi kaupgreiðslu á meðan hann var utanlands með fimleikaflokki K.R., vísað til borgarstjóra til afgreiðslu.

15. Erindi frá Sigurði Auðbergssyni um kaup á Oddshöfða og aðstoð til endurbóta og stækkunar á húsinu, vísað til borgarstjóra til afgreiðslu.

16. Bæjarverkfræðingi falið að mæta á aðalfundi h.f. Skipanaustar.

17. Borgarstjóra heimilað að selja eignina Fálkag. 8 fyrir kr. 20.000.- til Harðar L. Valdimarssonar.

18. Umsókn Daníels Ólafssonar o.fl. um lóð undir kvikmyndahús við Melatorg, vísað til skipulagsmanna til umsagnar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

19. Erindi Jónatans Hallvarðssonar, dags. 17. þ.m., varðandi leigu-land í Fossvogi, falið bæjarverkfræðingi til nánari athugunar.

20. Bréf frá h.f. "B.P." á Íslandi, dags. 17. þ.m., varðandi bygg-ingu olíustöðvar hjá Laugarnesi, falið hafnarstjóra og bæjar-verkfræðingi til umsagnar.

21. Samþ. þessi lóðaúthlutun, með byggingarfresti til 1. septbr. næstk.:

| | | | |
|---|---|---|---|
| Skarph. Waage, Eir. 25 | fær | Skipasund | 35 |
| Guðm. Waage, Spít. 2 B. | - | - | 37 |
| Einar V. Skúlason o.fl. | fá | - | 53. |

22. Samþ. að framlengja byggingarfrest til 1. septbr. næstk. á lóðinni Kaplaskjóli 1.

23. Sveinn Jónasson afsalar tilkalli til lóðarinnar Sörlaskjóli 20.

24. Stefáni Pálmasyni, Korpúlfsstöðum, falið að mæta á aðalfundi Veiði- og fiskiræktarfélags Úlfarsár.

25. Lagt fram bréf frá dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, dags. 18. þ.m., þar sem tilkynnt er, að ráðuneytið samþykki fyrirætlanir bæjar-stjórnar um rottueyðingu.

26. Lögð fram fundargerð heilbrigðisnefndar 17. þ.m.

Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson.

Guðm. Ásbjörnsson. Sigfús Sigurhjartarson.

Hallgr. Benediktsson. Jóhann Hafstein.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# B Æ J A R R Á Ð.

Ár 1946, föstudaginn 26. júlí, kl. 2 e.h., hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Boðinn forkaupsréttur að leigulandinu Árbæjarbletti 67, fyrir kr. 4500.-. Hafnað.

2. Boðinn forkaupsréttur að erfðafestulandinu Laugamýrarbletti XXX, fyrir kr. 15.000.-. Hafnað.

3. Boðinn forkaupsréttur að erfðafestulandinu Sogamýrarbletti LV. Vegna mannvirkja, sem eru á landinu án leyfis, samþykkir bæjarráð ekki framsal erfðaleiguréttarins.

4. Synjað beiðni frá Jóni P. Dungal, um að leigulandi hans í Krossamýri verði breytt í erfðafestuland.

5. Synjað beiðni frá Björgúlfi Kristjánssyni, Grett. 60, um bráðabirgðaleyfi fyrir húsi á landi bæjarins við Sogaveg.

6. Synjað beiðni um byggingarleyfi á erfðafestulandinu Bústaðabletti IV.

7. Hörður og Ingvi Loftssynir afsala tilkalli til lóðarinnar Drápuhlíð 32.

8. Lagt fram bréf frá Eiríki Einarssyni, arkitekt, dags. 25. þ.m., með skýrslu um tilboð, sem borist hafði um að gera hæð ofan á Austurbæjarskólann. Bæjarverkfræðingi og húsameistara falið að ganga úr skugga um, hvort þola muni bið að hefja framkvæmdirnar til næsta vors.

9. Lögð fram umsögn Skipulagsnefndar um erindi frá Áfengisversl. ríkisins varðandi fyrirhugaða byggingu á landi Meistaravalla, við Kaplaskjólsveg, sunnan Grandavegar. Enda þótt bæjarráð geti ekki að svo stöddu samþykkt tillögu Skipulagsnefndar, um að þetta svæði verði ætlað íbúðarhúsabyggingum, þá telur bæjarráð ekki unnt að leyfa þarna byggingu Áfengisverslunarinnar.

10. Synjað erindi frá Magnúsi Kristjánssyni um leyfi til að reisa gróðurhús hjá Eskihlíð D.

11. Lagt fram bréf frá Eggjasölusamlagi Reykjavíkur, um leigu á vöruskemmu í Fossvogi, vísað til bæjarverkfræðings til meðferðar.

12. Lögð fram umsögn Skipulagsnefndar um iðnaðarlóð S.Í.S. við Grandaveg. Bæjarverkfræðingi falið að mæla lóðina, í samræmi við umsögnina.

13. Samþ. að gefa h.f. Shell á Íslandi kost á lóð við Suðurlandsbraut fyrir benzín- og olíustöð fyrir bifreiðar, eftir nánari útvísun bæjarverkfræðings.

14. Lagt fram tilboð, dags. 19. þ.m., frá Óla Metúsalemssyni, um sölu á jarðhitaréttindum jarðarinnar Nesjavalla í Grafningi - og gróðurhúsum og öðrum eignum þar. Tilboðinu hafnað.

15. Erindi frá Byggingarsamvinnufél. barnakennara, dags. 24. þ.m., varðandi úthlutun lóða í vesturjaðri bæjarins, vísað til lóðaúthlutunarmanna til athugunar.

16. Erindi frá Byggingarsamvinnufél. starfsmanna ríkisstofnana um lóðir fyrir 44 íbúðir, vísað til lóðaúthlutunarnefndar til athugunar.

17. Lagt fram bréf frá flugmálastjóra, dags. 19. þ.m., um fyrirætlanir varðandi Reykjavíkurflugvöllinn og hömlur, sem leggja verður á byggingarframkvæmdir í nánd við völlinn. Samþ. að benda flugmálastjóra á, að ríkissjóður verði að bera allan kostnað við bætur til landeigenda, sem dæmdar kunna að verða, vegna slíkra kvaða.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

18. Bæjarráð synjar fyrir sitt leyti beiðnum frá Hauki Claessen og Árna Gestssyni um leyfi til að reisa íbúðarhús í landi Skildinganess (Reynistaðar).

19. Lagt fram bréf frá flugmálastjóra, dags. 19. þ.m., varðandi fyrirhugaða byggingu h.f. Hrappseyjarprents á lóðinni Hörpugötu 14.

20. Lagt fram bréf frá hagfræðingi bæjarins, dags. 20. þ.m., varðandi framkvæmd rannsóknar og skýrslugerðar um heilsuspillandi íbúðir, skv. 28. grein laga nr. 44/1946.

21. Lagt fram bréf frá dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, dags. 17. þ.m., varðandi samningaumleitanir á milli ríkis og bæjarins um byggingu og rekstur farsótta- og sóttvarnahúss. Borgarritara falið að eiga viðræður um málið við fulltrúa ríkisins.

22. Lagt fram bréf frá sjávarútvegsnefnd, dags. 25. þ.m., með ályktun nefndarinnar á fundi 24. þ.m., varðandi afskipti bæjarins af lántökum kaupenda bæjartogaranna, sbr. umsókn þeirra, dags. 4. þ.m. Bæjarráð samþykkir ályktun nefndarinnar.

23. Lagt fram bréf sjávarútvegsnefndar, dags. 25. þ.m., varðandi ábyrgðarbeiðni Þorkels H. Jónssonar o.fl.

24. Lagt fram bréf, dags. 17. þ.m., frá Þuríði Bárðardóttur, varðandi starfsemi Mæðraheimilisins í húsi hennar, Tjarnargötu 16.

25. Þorvaldur Guðmundsson, Síld og Fiskur, sækir um meðmæli til að fá veitingaleyfi. Bæjarráð mælir með erindinu.

26. Erindi frá h.f. Tivoli, dags. 24. þ.m., um strætisvagnaferðir að skemmtistað félagsins, vísað til forstjóra Strætisvagnanna til umsagnar.

27. Stefán Pálsson, tannlæknir, segir lausu starfi sínu sem tannlæknir við Laugarnesskólann.

28. Lögð fram skýrsla um heimavistarskólann að Jaðri síðasta skólaár.

29. Söngfél Harpa þakkar styrk úr bæjarsjóði til utanfarar á söngmót í Kaupmannahöfn.

30. Að framlagðri umsögn Starfsmannafélagsins um launakjör Gísla Hannessonar verkstjóra hjá Rafmagnsveitunni var samþ. að greiða honum laun skv. VII. flokki.

31. Samþ. að heimila rafmagnsstjóra að semja við vélgæzlumenn við orkuverin um afslátt á verði rafmagns til heimilisþarfa þeirra.

32. Lagt fram bréf frá Sæmundi Friðrikssyni varðandi lagningu vatnsæðar í Gullteig, svo og umsögn vatnsveitustjóra. Erindi Sæmundar synjað.

33. Synjað beiðni Kristjáns Kristjánssonar, Hofsvallagötu 16, um leyfi til að selja utanbæjarmanni leigurétt að eignarhluta hans í Smálandabraut 3.

34. Vatnsveitustjóra heimilað að láta loka fyrir vatnið á öllum bílaþvottastöðvum í bænum.

35. Lögð fram og samþykkt fundargerð byggingarnefndar 25. júlí.

36. Lögð fram yfirlitsskýrsla frá endurskoðendum stofnkostnaðarreikninga hitaveitunnar, Guttormi Erlendssyni, Jóni Brynjólfssyni og Ragnari Ólafssyni, dags. 19. þ.m., svo og skýrsla þeirra um viðskipti við firmað A.S. Höjgaard & Schultz, dags. 22. maí síðastl.

Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson.

Guðm. Ásbjörnsson. Jón Axel Pétursson.

Sigfús Sigurhjartarson. Jóhann Hafstein.

Gunnar Thoroddsen.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

B Æ J A R R Á Ð?

---

Ár 1946, föstudaginn 2. águst, kl. 2 e.h., hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Samþ. ársleiga um næstu 5 ár á eftirgreindum iðnaðarlóðum, leigugjald pr. fermeter:
Einholt 2 kr. o.55 Einholt 4. kr. o.55
Einholt 1o kr.o.55 Höfðatún 2 - o.55
Höfðatún 4 - o.55 - - 6 - o.55
- - 8 - o.55 - - 1o - o.55
Skúlagata 57- o.6o Skúlagata 59- o.65
- - 61- o.6o Skúlatún 2 - o.65
Skúlatúm 4 - o.6o - - 6 - o.6o
Sætún - 4 - o.6o Þverholt 15A- o.55
Hringbraut (lóð h.f. Jötuns) - o.65
Suðurgata (SSR, Steindór Einarsson) o.6o. Ennfremur ársleiga eftir leiguland h.f. Nafta við Kleppsveg kr. 750.oo alls, og ársleiga eftir leiguland Golffélags Íslands - kr. 10.oo pr. ha.

2. Ákveðið að gera 75 ára leigusamning um lóð h.f. Austurbæjarbíó, Hringbraut 37. Ársleiga fyrstu 5 árin metin á kr. 1.oo pr. ferm.

3. Eftir beiðni Dagbjarts Sigurðssonar, Hringbraut 12, var samþ. að gera leigusamning um lóðina Drápuhlíð 22 við Gísla Sigurjónsson, Barónsstíg 25.

4. Bæjarráð samþykkir að heimila Jónatan Hallvarðssyni ótímabundin not landsins, sem greinir í bréfi hans 17. júlí síðastl., en land þetta er í Fossvogi. Það er til skilið, að hann láti landið af höndum til bæjarins, endurgjaldslaust - og án endurgjalds fyrir mannvirki- hvenær sem krafist verður.

5. Samþ. að gefa Byggingsrsamvinnufélagi Reykjavikur kost á þessum lóðum, með byggiþarfresti til I. nóv. n. k.
Skipasund 57, 59, 61, 63, 65, 67, 69, 71.
Langholtsveg 1o4, 1o6, 1o8, 110, 131, 133, 135,137,139, 141, 202, 208.

6. Samþ. að afturkalla úthlutun lóðarinnar nr. 29 við Skipasund, en gefa Sigurði L. Ólafssyni, Laugarnes-Camp, kost á lóðinni, með byggingsrfresti til 1. nóvbr. n. k.

7. H. J. Hólmjárn afsalar Skeiðavogi 20.

8. Samþ. lóðaúthlutun, með byggingsrfresti til 1. nóvbr. n. k.:
Guðbjörn E. Guðjónsson, Skólvh. 117, fær Nökkvavog 37
Gunnlaugurn Þorláksson, Karlg. 20, fær Skeiðavog 20
Katrín Pálsdóttir, Nýl. 15A, fær Flókagötu 56
Gisli Skaftason, Mánagötu 24, fær Nökkvavog 33,
en afsalar Efstasundi 89.

9. Bæjarráð samþ. fyrir sitt leyti, að hafa megi verzlunir í húsunum, sem reist verða á lóðunum Blönduhlíð 2, Mávahlíð 26, Laugateigi 23.

10. Bæjarverkfræðingi faldar framkvændir viðvíkjandi járnsmiðju [illegible]is bæjarins.

11. Erindi frá Páli Sigurðssyni, Bræðrbst. 25, varðandi kaup á lóðarspildu hjá Túngötu, synjað að svo stöddu.

12. Lagt fram bréf frá borgarritara, dags. 29. f. m., varðandi makaskifti á spildu af Baðhúslóðinni, Kirk. 10 B ( 83,8 ferm.) og 390,6 ferm. skák af lóðinni Vonarstræti 10. Bæjarráð samþ. tillögur borgarritara um verðlagningu lóðanna.

13. Lögð fram skýrsla um endurskoðun á reikningsviðskiptum Björns Guðmundssonar og Valgeirs Jónssonar vegna Skúlagötuhúsanna.

14. Lagt fram bréf sjávarútvegsnefndar, dags 27. júlí, þar sem tilkynnt er, að nefndin mæli með því að bæjarstjórn festi kaup á dieseltogara, sem Nýbyggingarráð hefir samið um smíði á í Goole í Bretlandi. Vísað til bæjarstjórnar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

15. Lagt fram bréf frá sjávarútvegsnefnd, dags. 29. f. m., þar sem bent er á, að sjá þurfi væntanlegri bæjarútgerð fyrir skrifstofu-og geymsluhúsnæði og geymsluplássi. Bæjarráð óskar eftir tillögum nefndarinnar um útgerðarstjórnina.

16. Lagt fram bréf frá hagfræðingi bæjarins, dags. 26. f. m., varðandi heimild brunatryggingarfélags til að halda eftir 20% af vátryggingarupphæð húsa, sem brenna til grunna, þar til endurbygging hefir farið fram. Samþ. að senda umsögnina til h.f. Alm. Trygginga, en jafnframt tekur bæjarr-að fram, að eins og sakir standa mun bæjarráð ekki leyfa endurbyggingu hússins á Urðarbraut 4.

17. Lögð fram skýrsla um starfsemi Ráðningarskrifstofunnar í júní þ. á.

18. Erindum frá Sigurbergi Pálssyni og Hávarði Reimarssyni um rafmagnsheimtaugar, vísað til rafmagnsstjóra til afgreiðslu.

19. Erindi fra Ingimar Jónssyni um rafmagnsheimtaug að herskála í Fossvogi, vísað til til ákvörðunar rafmagnsstjóra.

20. Erindi fra Birni Birni, Grafarholti, um rafmagnsheimtaug, vísað til rafmagnsstjóra til afgreiðslu, á þeim grundvelli, sem í umsögn hans segir, dags. 31. f. m. .

21. Lagt fram bréf fra Svifflugfélagi Íslands, dags. 30. f.m., með tilmælum um að bæjarsjóður gefi félaginu svifflugu í afmælisgjöf á 10 ára afmæli félagsins nú í ágúst.

22. Erindi um raforku að tilraunastofnuninni að Keldum, vísað til rafmagnsstjóra til meðferðar.

23. Lögð fram umsögn rafmagnsstjóra, dags. 30. f. m., varðandi erindi nokkurra landeigenda í Mosfellssveit, dags. 5. marz þ.á., um rafmagnsheimtaug að býlum þeirra, vísað til rafmagnsstjóra til afgreiðslu, sbr. umsögn hans 30. f.m..

24. Borgarstjóra heimilað að gerast f. h. bæjarsjóðs aðili að samningi á milli Félags garðyrkjumanna og atvinnurekenda í garðyrkju, sem nýlega hefir verið gerður.

Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson.

Guðm. Ásbjörnsson. Gunnar Thoroddsen.

Sigfús Sigurhjartarson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# B Æ J A R R Á Ð

Ár 1946, fimmtudaginn 15. ágúst, kl. 10 f.h., hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Borgarstjóra heimilað að undirrita ábyrgðarskuldbindingar fyrir lánum hjá Stofnlánadeild sjávarútvegsins við Landsbanka Íslands og öðrum lánum, sem bæjarstjórn hefir samþykkt að ábyrgjast fyrir kaupendur vélbáta til Reykjavíkur.
   Er heimilt að ábyrgjast lánin fyrir hverskonar félög, sem upphaflegir umsækjendur hafa stofnað, eða kunna að stofna, um útgerð bátanna, enda hlíti þau félög öllum skilyrðum, sem bæjarstjórnin hefir sett fyrir sölu á bátum og ábyrgð fyrir lánum.

2. Samþ. að leyfa byggingu íbúðarhúss á erfðafestulandinu Bústaðabletti IV.

3. Samþ. að frú Daisy Lúðvígsson verði ein erfðafestuleigjandi að Fossvogsbl. XXXV.

4. Erindi Sigríðar Sigurðardóttur, dags. 30. f.m., varðandi sölu á hálfri húseign á erfðafestulandinu Sogabletti VIII, synjað.

5. Bæjarráð synjar beiðni frá Axel Skúlasyni, Bald. 19, um leyfi til að framselja erfðaleiguréttindi að erfðafestulandinu Sogamýrarbl. LV.

6. Synjað beiðni frá Pétri Biering, Trað.3, um setuliðsskála við Eiríksgötu.

7. Lagt fram bréf frá Arnfinni Jónssyni varðandi setuliðsskála við Múla-Camp.

8. Bæjarráð synjar að svo stöddu beiðnum um rafmagnsheimtaugar að setuliðsskálum á lóð Iðnaðarmannafélagsins við Ingólfsstræti og lóð hjá Borgartúni, þar sem bæjaryfirvöldin hafa ekki veitt neinskonar leyfi, til að skálarnir standi þar sem þeir eru.

9. Beiðni frá Ágústi Jóhannessyni, Víf.19, um rafmagnsheimtaug að skúr á Kleppsmýrarbl. VIII, vísað til rafmagnsstjóra til afgreiðslu.

10. Samþ. að heimila Skógarmönnum K.F.U.M. að nota, þar til annað verður ákveðið, setuliðsíþróttavöll sunnan Fossvogskirkjugarðsins

11. Hafnað tilboði frá Valtý Friðrikssyni um sölu á húsinu Vinaminni við Kaplaskjólsveg.

12. Synjað beiðni frá Jóni Bjarnasyni um leyfi til að selja Kristjáni Kristjánssyni, Hofsv. 16, hálfa húseign nr. 3 við Smálandsbraut.

13. Bæjarráð samþ. fyrir sitt leyti, að fengnu samþykki Skipulagsnefndar, að h.f. "B. P." á Íslandi fái lóð, til að koma upp bryggju og innflutningsstöð fyrir olíur og benzín, á svæðinu þar sem nú er Laugarnesblettur I. Stærð lóðarinnar og leigutími verði síðar ákveðinn.

14. Lagt fram bréf frá sóknarnefnd Nessóknar, dags. 7. þ. m., varðandi afhendingu lóðar undir kirkjubygginguna. Samþ. að svara nefndinni því, að nú sé verið að semja um endurkaup[illegible] erfðafestulandsins, þar sem kirkjulóðin hefir verið ákveðin.

15. Bæjarráð samþ. fyrir sitt leyti, að hafa megi verzlun í húsinu nr.9 við Sörlaskjól.

16. Erindi frá Lárusi G. Lúðvígssyni o. fl., dags. 13. þ. m., varðandi geymsluhúsnæði og svo það, að fá vatn, heitt og kalt, til starfrækslu þvottahúss, vísað til bæjarverkfræðings og hitaveitustjóra til umsagnar.

17. Lagt fram bréf, dags. 7. þ. m., frá Félagi ísl. botnvörpuskipaeigenda varðandi loftskeytastöðvar í nýju togarana. Vísað til sjávarútvegsnefndar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

18. Lögð fram umsögn forstjóra Strætisvagnanna, dags. 10. þ. m., um erindi h.f. Tívoli, varðandi strætisvagnaferðir að skemmtistaðnum. Ákveðið að fá nánari greinargerð.

19. Lögð fram skýrsla um mjólkureftirl... í Reykjavík í júlí síðastl.

20. Lögð fram skýrsla um umferðarslys 11. f. m., Ákveðið að fá umsögn Strætisvagnanna um málið.

21. Lögreglustjóri tilkynnir að lögregluþjónarnir Ármann Kr. Einarsson og Þórarinn Hallgrímsson hafi látið af störfum 1. þ. m.

22. Lagt fram bréf frá hagfræðingi bæjarins, dags. 8. þ. m., með nánari greinargerð um húsnæðisrannsóknir.

23. Lagt fram bréf frá Sigurði Magnússyni, Tjarn.37, og Daníel Ólafssyni, Tjarn. 40, o. fl., þar sem þeir beiðast leyfis til kvikmyndasýninga. Samþ. að vísa til samþykktar bæjarstjórnar 21. septbr. 1944.

24. Lögð fram beiðni frá Sveini Torfa Sveinssyni, Ásv.22, um lán til náms í verkfræði í Kaupmannahafnarháskóla.

25. Ákveðið að fá umsögn Starfsmannafélagsins um erindi Gests Péturssonar um launabætur.

26. Samþ. að skipa Þórarinn J. Wíum, Hjallav.66, sem iðnaðarmann ( 1. fl) með launum skv. X. flokki.

27. Oslóarnefnd I. S. Í. þakkar fyrirheit um styrk til fyrirhgaðarar farar íþróttamanna til Osló.

28. Erindi frá dánarbúi Axels Ketilssonar, varðandi kaup á botnvörpungi, vísað til sjávarútvegsnefndar til umsagnar.

29. Bréfi frá Jóhanni Gíslasyni, dags. 7. þ. m, um geymslurúm fyrir veiðarfæri, vísað til sjávarútvegsnefndar.

30. Samþ. að afturkalla úthlutun lóðarinnar nr. 28 við Skipasund.

31. Eftir beiðni Ágústs Eyjólfssonar, Höfðab.66, var samþ. að gera lóðarleigusamning um Skipasund 9 við Hinrik Ragnarsson, Litla-Haga.

32. Eftir beiðni Jóns Guðjónssonar, Suðurg.18, var samþ. að gera leigusamning um lóðina Hagamel 6 við hann og Ólaf Jónsson, Gren.33.

33. Hákon Jóhannsson, Njg.76, afsalar lóðinni Kaplaskjól 5.

34. Bæjarráð samþ. að fresta til næsta vors byggingarframkvæmdum á hæð ofan á Austurbæjarskólann, að fenginni umsögn skólastjóra og formanns skólanefndarinnar.

35. Lagt fram bréf frá Marteini Skaftfells, dags. 7. þ. m., varðandi byggingu tveggja hæða timburhúss í Norðurmyri.

36. Samþ. þessi lóðarúthlutun, með byggingarfresti til 1. nóvbr. næstk.:
Þorsteinn Einarsson, Bræðr. 31, fær . . . . Ægissíðu 103
Pétur Guðmundsson, Miðt.54 " . . . . Sörlaskjól 20
Jón Sigurðsson, Baugsv. 13A " . . . . Nökkvavog 34
Árni Jóhannsson, Bragga19 og Guðm. Jensson,
Bragga 30 . . . . . . . . . . . . fá . . . . Karfavog 48
Oddur Sigurðsson, c/o Elding Trading, fær Langholtsveg 161
Árni Gestsson, Víðimel 66, fær . . . . . . " 153,
Haukur Claessen, Vatnsstíg 9 , fær . . . . " 157
Ingibergur Grímsson, Lnv. 68, fær . . . . . " 155,
enda afsalar hann Nökkvavogi 24.

37. Ákveðin lóðarleiga um 5 ára bil eftir leiguland s.f. Jarlsins hjá Haga, 70 aurar pr. ferm. og eftir Skúlagötu 51, kr. 1.oo pr. ferm.

38. Lagt fram bréf frá byggingarnefnd Hallveigarstaða, dags. 7. þ. m., varðandi hæð fyrirhugaðrar byggingar við Garðastræti, á milli Túngötu og Öldugötu. Samþ. að óska eftir umsögn Skipulagsnefndar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

59. Bæjarráð samþ. fyrir sitt leyti, að fyrst um sinn verði ekki byggt meira á svæðinu fyrir ofan Kambsveg.

40. Lagt fram bréf frá Sæmundi Friðjónssyni, varðandi vatnsæð að lóðinni Gullteig 30. Vísað til umsagnar vatnsveitustjórans.

Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson.

Guðm. Ásbjörnsson — Auður Auðuns.

Björn Bjarnason. — Jón Axel Pétursson.

Hallgr. Benediktsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# B Æ J A R R Á Ð.

Ár 1946, föstudaginn 23. ágúst, kl. 2 e.h., hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Lagt fram bréf frá Th. B. Líndal hrl. vegna db. Sigríðar Þorláksdóttur, varðandi greiðslu fyrir erfðafestulandið Lækjarbakkablett.

2. Synjað erindi Kristins Gíslasonar um að gera leigusamning um lóðina Mávahlíð 11 við Steingrím Þorsteinsson, Njg. 86.

3. Samþ. að gera leigusamning um lóðina Sörlaskjól 15 við Bjarna Kristjánsson, Berg. 50.

4. Eftir beiðni Gísla Sigjónssonar, Bar. 25, var samþ. að gera leigusamning um lóðina Drápuhlíð 22 við Ólaf Pálsson, Hring. 74, og Ásgeir L. Jónsson, Hring. 33.

5. Erindi barnaheimilisnefndar Vorboðans um geymslurúm á vetri komanda, vísað til bæjarverkfræðings til meðferðar.

6. Bæjarráð samþ. fyrir sitt leyti að hafa megi sölubúðir í húsum á lóðum nr. 13 og 25 við Nökkvavog.

7. Lagt fram bréf frá Jóni Gissurarsyni, dags. 14. þ.m., varðandi byggingu hæðar ofan á hús, sem hann hefir í smíðum við Borgarveg 12 A. Bæjarráð samþ. fyrir sitt leyti, að leyfð verði bygging hæðarinnar, með því skilyrði, að hún verði tekin burtu, bæjarsjóði að kostnaðarlausu, þegar krafist verður.

8. Að fengnum nýjum upplýsingum, samþ. bæjarráð framsal erfðafesturéttar að Sogamýrarbl. LV, en vekur jafnframt athygli á því, að fjarlægja beri skúr, sem reistur hefir verið á landinu í óleyfi. Ennfr. hafnar bæjarráð forkaupsrétti að landinu, sem er boðinn fyrir kr. 25.000.-.

9. Bæjarráð samþykkir e.a., að selja megi Agli Einarssyni, Mávahlíð 6, íbúð í því húsi.

10. Lagt fram bréf frá lögreglustjóra með tillögu um, að Bergsteinn Jónsson, Kjart. 1, og Tryggvi Friðlaugsson, Skólavh. 110, verði skipaðir lögregluþjónar í Reykjavík. Vísað til bæjarstjórnar.

11. Þórður Vigfússon afsalar Sörlaskjóli 8.

12. Samþ. að afturkalla úthlutun lóðanna Hraunteig 22 og 24.

13. Lagt fram bréf frá h.f. Tivoli, dags. 14. þ.m., varðandi strætisvagnaferðir að skemmtistað félagsins. Málið falið borgarstjóra til afgreiðslu í samráði við forstjóra Strætisvagnanna.

14. Samþ. eftirfarandi lóðaúthlutun, með byggingarfresti til 1. nóv. næstk.:

| | |
|---|---|
| Guðrún Magnúsd., Kirk. 8B | fær Barmahlíð 48 |
| Haukur Eggertsson, Bárug. 14, o.fl. | fá - 54 og 56 |
| Kári B. Helgason, Stórh. 26 | fær Blönduhlíð 19 |
| Sigurður Guðmundsson, Reyn. 52 | - Flókagötu 54 |
| Þórarinn Sveinsson, Ásv. 5 | - Reykjaveg 25 |
| Ingimundur Ólafsson, Vit. 11 | - Langhv. 151 |
| Bergþór N. Magnússon, Þvottl. 30 | - Nökkvavog 1 |
| Hákon Jóhannsson, Njg. 76 | - Karfavog 35 |
| Sigurgeir Jónsson, Bárug. 33 | - Kaplaskjól 5 |
| Jón Ísleifsson, Reyn. 39 | - Granaskjól 13 |
| Guðbjörn E. Guðjónsson, Skvh..117 | - Nökkvavog 24, |

en úthlutun til hans á lóðinni nr. 37 við Nökkvavog afturkallast.

| | |
|---|---|
| Guðm. Erlendsson | fær Skipasund 28. |

15. Erindi frá Marteini M. Skaftfells, Þórsg. 19, varðandi byggingu tveggja hæða timburhúss (sænsks) í Norðurmýri, fekk ekki stuðning bæjarráðs.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

16. Lagt fram bréf frá Runólfi Sæmundssyni, Skólavst. 21 A., dags. 20. júní þ.á., varðandi byggingu einnar íbúðar húss á lóðinni Hofteig 23. Erindið fær ekki stuðning bæjarráðs.

17. Lagt fram bréf menntamálaráðuneytisins, 21. þ.m., með tilkynningu um að sjálfseignarstofnunin "Skóli Ísaks Jónssonar" verði látinn njóta hlunninda 54. greinar laga nr. 34/1946 um fræðslu barna.

18. Lögð fram tilkynning frá oddvita Mosfellshrepps um fund að Brúarlandi næstk. mánudag, til að ræða um undirbúning að byggingu læknisbústaðar fyrir læknishéraðið. Ólafi Sveinbjörnssyni, skrifstofustj., falið að mæta á fundinum.

19. Lagt fram bréf frá háskólarektor, dags. 19. þ.m., um að bæjarsjóður taki að sér að láta gera skrúðgarð í "skeifunni" fyrir framan háskólabygginguna.

20. Lögð fram skýrsla um endurskoðun á reikningsviðskiptum bæjarins við verktaka íbúðarhúsanna við Skúlagötu, Björn Guðmundsson og Valgeir Jónsson.
Borgarstjóra heimilað, með 4:1 atkv., að semja við verktaka um reikningsskil á þeim grundvelli, sem gert er ráð fyrir í niðurlagi endurskoðunarskýrslunnar, en ef það tekst ekki, þá að ganga að verktökunum fyrir öllu beinu tjóni bæjarins vegna vanefndanna. Málinu vísað til bæjarstjórnar.

21. Fundargerð byggingarnefndar 22. þ.m. lögð fram og samþykkt.

Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson.

Guðm. Ásbjörnsson. Auður Auðuns.

Hallgr. Benediktsson. Jón Axel Pétursson.

Björn Bjarnason.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# B Æ J A R R Á Ð.

Ár 1946, föstudaginn 30. ágúst, kl. 2 e.h., hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Boðinn forkaupsréttur að erfðafestulandinu Fossvogsbl. XXI, fyrir kr. 30.000.-. Hafnað.

2. Boðinn forkaupsréttur að erfðafestulandinu Sogamýrarbl. XXII, fyrir kr. 20.000.-. Jafnframt er sótt um leyfi fyrir rafmagnsheimtaug að setuliðsskúr á landinu. Frestað til athugunar.

3. Synjað beiðnum um rafmagnsheimtaugar að setuliðsskálum á Jaðarbletti II, á Kirkjusandi (I.Ísdal) og við Langholtsveg (Hallgr. Magnússon). Borgarstjóra falið að skrifa sölunefnd setuliðseigna varðandi afhendingu setuliðsskála til íbúðar.

4. Afturkölluð úthlutun lóðanna Sörlaskjól 6 og Skipasund 38.

5. Samþ. lóðaúthlutun, með byggingarfresti til 1. nóvbr. næstk.:

| | | | |
|---|---|---|---|
| Björn Vigfússon, Efst. 14 | fær | Langholtsv. | 149 |
| Jón Á. Árnason, Hvg. 55 | - | - | 159 |
| Guðm. Sæmundsson, Klapp.27 | - | Skipasund | 58 |
| Viktor Ström, Grett. 58 B. | - | Blönduhlíð | 14 |
| Guðm. Maríasson, Bjarg. 2 | - | - | 16 |
| Elka Jónsdóttir, Eiríksg. 13 | - | Drápuhlíð | 10 |
| Svanh. Sigurðard., Hátúni 9 | - | - | 12 |

6. Samþ. að gefa Arngr. Ólafssyni kost á leigulóðinni Efstasund 86. Byggingarfrestur ákveðinn síðar.

7. Gunnl. S. Jónsson afsalar lóðinni Barmahlíð 50.

8. Samþ. að framlengja byggingarfrest á Hraunteig 24 til 1. nóvbr. n.k.

9. Samþ. að gefa Helga Hallgrímssyni kost á lóðinni Skipasund 38, til þess að flytja þangað hús hans í Gróðrarstöðinni, enda samþ. byggingarnefnd gerð hússins á hinum nýja stað.
Jafnframt afturkallast úthlutun lóðarinnar Sörlaskjól 70 til Helga Hallgrímssonar.

10. Eftir beiðni h.f. Keilis var samþykkt að skipta leigulóð félagsins við Gelgjutanga og gefa h.f. Bátanaust kost á lóð, sem skipt verður frá. Bæjarverkfræðingi falið að ákveða mörkin nánar.

11. Lagt fram bréf frá Skógrækt ríkisins, dags. 27. þ.m., varðandi girðingu um Heiðmörk. Borgarstjóra falið að óska eftir eignarnámi á hluta af Vatnsendalandi, sbr. l. 57/1942.

12. Samþ. með 3:1 atkv. að heimila Marteini M. Skaftfells að reisa tvílyft sænskt timburhús á einni leigulóð byggingarsamvinnufél. barnakennara í Norðurmýri, enda verði a.m.k. tvær íbúðir í húsinu.

13. Erindi lögreglustjóra 27. þ.m., varðandi utanfararstyrk til eins lögregluþjóns vegna veikinda, vísað til framfærslunefndar.

14. Lagður fram nýr skipulagsuppdráttur af Melunum og svæðinu þar suður af.

15. Lagt fram bréf frá stjórn Bandalags ísl. skáta, varðandi viðgerð á húsnæði ameríska Rauða Krossins við Hringbraut, svo og styrk úr bæjarsjóði til reksturs skátaheimilis þar. Borgarstjóra heimilað að greiða úr bæjarsjóði efni og fagmannavinnu við viðgerðirnar.

16. Lagt fram bréf frá Barnavinafél. Sumargjöf, varðandi styrk úr bæjarsjóði til reksturs skóla fyrir forstöðukonur og starfsstúlkur við barnaheimili. Vísað til bæjarstjórnar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

17. Lagður fram reikningur Námsflokka Reykjavíkur árið 1945.

18. Samb. ísl. sveitarfélaga óskar eftir kosningu 7 fulltrúa Reykjavíkur á fyrsta ársþing sambandsins, sem verður háð 13. - 16. oktbr. þ.á.

19. Lagt fram bréf frá Gunnari Valgeirssyni, dags. 23. þ.m., varðandi greiðslu aukakostnaðar á smíðaverði Svíþjóðarbáts, sem hann hefir fest kaup á fyrir milligöngu bæjarins, vegna breytinga á teikningu og gengishækkunar á sænskri krónu. Vísað til sjávarútvegsnefndar til umsagnar.

20. Lagt fram bréf frá form. skólanefndar Melaskólans, varðandi ráðstöfun á húsnæði, sem Skildinganesskólinn hafði áður, til íbúðar fyrir 3 kennara við skólann.

21. Lagt fram bréf frá rafmagnsstjóra, dags. 27. þ.m., varðandi hlunnindi vélstjóra hjá Rafmagnsveitunni.

22. Lagt fram bréf frá Jóni Ásmundssyni, Brag. 31, varðandi sérmæli fyrir hitaveituvatn í íbúð á lofti í húsi hans. Að fenginni umsögn hitaveitustjóra, fær x erindið ekki stuðning bæjarráðs.

23. Erindi frá íbúum á Selási og Óskari Kristjánssyni, Melstað v/ Kleppsveg, varðandi vatnsæðar að húsum þeirra, vísað til vatnsveitustjóra til umsagnar.

24. Lagt fram bréf frá Sveinb. Guðlaugssyni, Fram. 30, f.h. vörubifreiðarstjóra, sem vinna aðallega við austurhöfnina, varðandi aðstöðu til bifreiðaþvotta. Falið vatnsveitustjóra til athugunar.

25. Lagt fram bréf frá Vatns- og hitaveitunni, dags. 23. þ.m., með skýrslu um vatnsskortinn í bænum og aðgerðir um það efni, að undanförnu.

26. Lagt fram bréf frá borgarritara, dags. 27. þ.m., með skýrslu um fund samvinnunefndar um jarðhitarannsóknir, sem hann sat þann dag.

27. Lögð fram fundargerð sjávarútvegsnefndar 29. þ.m. Bæjarráð samþ. fyrir sitt leyti ákvarðanir nefndarinnar í 3., 5., og 6. lið fundargerðarinnar.

28. Ákveðinn x 40 ára leigutími á iðnaðarlóðinni Laugavegi 166, Guðm. Guðmundsson. Ársleiga ákveðin 60 aurar pr. ferm. fyrstu 5 árin.

29. Rætt um reikningsskil við A.S. Höjgaard & Schultz, vegna hitaveituframkvændanna. Vísað til bæjarstjórnar.

30. Bréfi frá aðalbókara bæjarsjóðs og bæjargjaldkera, dags. 27. þ.m., vísað til borgarstjóra til afgreiðslu.

Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson.

Auður Auðuns. Jón Axel Pétursson.

Sigfús Sigurhjartarson. Hallgr. Benediktsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

B Æ J A R R Á Ð.

Ár 1946, föstudaginn 13. sept., kl. 2 síðdegis, hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Synjað beiðni um leyfi til að breyta fjósi á erfðafestulandinu Þvottalaugabl. 36. Bæjarráð er reiðubúið til að taka landið úr erfðafestu, ef erfðafestuhafar óska þess.

2. Samþ. að Axel Skúlason framselji erfðafesturétt að Sogamýrarbl. LV, til Stefáns Bjarnasonar, Sólv. 32 A., í stað Magnúsar Þórarinssonar, með þeim skilmálum, að bygging, sem er á landinu, óleyfð, verði tekin burtu.

3. Synjað beiðni um byggingarleyfi á erfðafestulandinu Lyngholti við Grensásveg.

4. Synjað beiðni um skiptingu á erfðafestulandinu Bústaðabl. 22.

5. Samþ. að gefa Árna Jóhannssyni, Skólavörðuh., og Guðmundi Jenssyni, Þóroddsstaðahverfi 30 A., kost á lóðinni Langholtsvegi 166, í stað Karfavogs 48, er þeir hafa afsalað sér.

6. Lögð fram beiðni Stefáns Thorarensens lyfsala um lóð undir skrifstofu- og verzlunarhús við Laugaveg. Vísað til umsagnar skipulagsmanna.

7. Þórarinn L. Bjarnason, Hávallagötu 51, afsalar sér Efstasundi 80.

8. Guðm. Hlíðdal póst- og símamálastj. afsalar sér lóð í Háteigsholti en sækir um lóð í Melahverfi.

9. Steinn Jónsson biður um frest til byggingarframkvæmda í Skaftahlíð nr. 5. - Vísað til lóðaúthlutunarnefndar.

10. Ólafur J. Ólafsson afsalar sér lóðinni Langholtsv. 166.

11. Samþ. að gera leigusamning um lóðina Mávahlíð 13 við Sófus Guðmundsson, Kjart. 2, Maríu Jónsdóttur, Berg. 23, Guðmund Breiðdal, Grett. 16 B., Gottskálk Þ. Gíslason, Hring. 2o3, og Vilhjálm Jónasson, Þórsg. 8.

12. Samþ. að gera leigusamning um Drápuhlíð 38 við Ólaf Pálsson og Guðleif Guðmundsson.

13. Samþ. að gera leigusamning um Drápuhlíð 40 við Ingva Valdimarsson og Valdimar Guðlaugsson.

14. Umsókn Árna Jónssonar, Grímsstöðum, um byggingarlóðir við Ægissíðu, vísað til lóðaúthlutunarnefndar.

15. Umsókn frá Byggingarsamvinnufél. rafvirkja um byggingarlóðir á Melunum, vísað til lóðaúthlutunarnefndar.

16. Erindi Lilju Petersen, um skiptingu á lóðinni Suðurgötu 31, fékk ekki stuðning.

17. Samþ. að gera leigusamning um Mávahlíð 11 við Steingrím Þorsteinsson og Kristinn Gíslason.

18. Erindi Sigurðar Jafetssonar um kaup á lóðarspildu við Bræðraborgarstíg, vísað til rafmagnsstjóra til umsagnar.

19. Erindi Gunnars og Hinriks Thorarensen, um byggingu á lóðinni Laufásvegi 31, vísað til skipulagsmanna til umsagnar.

20. Bæjarráð samþ. fyrir sitt leyti, að verzlun verði í húsinu nr. 56 við Skipasund.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

21. Lagt fram bréf Svanbjörns Frímannssonar og Baldvins Einarssonar um byggingu bifreiðaskýlis á Flókagötu 17. - Bæjarráð samþ. að verða við erindinu, en vekur athygli á, að samþ. byggingarnefndar þurfi einnig.

22. Lagt fram bréf Þorst. Þorsteinssonar um að lóð Litlu-Bílstöðvarinnar við Hverfisgötu verði malbikuð. - Bæjarráð getur ekki orðið við erindinu en felur borgarstjóra að svara bréfinu að öðru leyti.

23. Lagt fram bréf skipulagsnefndar, dags. 5. sept., um byggingu Hallveigarstaða. - Bæjarráð fellst á aðstöðu skipulagsnefndar.

24. Synjað beiðni Jóns Fannberg o.fl. um greiðslu á kostnaði við að helluleggja gangstétt með húsunum Garðastræti 2 - 6.

25. Synjað beiðni frá Hauki Snorrasyni o.fl., um að þeim verði lánuð jarðýta, til lóðarlögunar við Selfjall.

26. Lagt fram bréf frá hússtjórn Goodtemplara, dags. 27. júlí s.l., varðandi kaup á lóðum og öðrum eignum við fyrirhugað Indriðatorg, til þess að þar megi reisa Templarahöll.
Samþ. með 3:1 atkv. að fela borgarstjóra málið til frekari meðferðar.

27. Bæjarráð samþ. fyrir sitt leyti, að selja megi Pétri Péturssyni, Langhv. 55, hús við Sogaveg 148, en vekur jafnframt athygli á því, að húsið verður að fjarlægja, þegar krafist verður.

28. Samþ. að framlengja frest, til að skila tillöguuppdráttum um ráðhús, til 15. febr. 1947, eftir tilmælum Húsameistarafélags Íslands.

29. Lagt fram bréf frá h.f. Hið ísl. steinolíuhlutafélag, dags. 29. f.m., varðandi lóð undir benzínstöð við Suðurlandsbraut. Vísað til skipulagsmanna til athugunar.

30. Lagt fram bréf frá Verkstjórasambandi Íslands, dags. 28. f.m., með styrkbeiðni til verkstjóranámsskeiðs, sem fyrirhugað er að halda á þessu ári.

31. Lagt fram bréf frá Verkstjórafélagi Reykjavíkur, dags. 25. f. m., um ráðningu verkstjóra við fyrirhugaða bæjarútgerð.

32. Lögð fram yfirmatsgerð um kaupverð eignarinnar Rauðarárstígs 19, dags. 30. f.m.

33. Lagt fram bréf frá Fæðiskaupendafélagi Reykjavíkur, dags. 29. f.m., varðandi fyrirgreiðslu um stofnun mötuneytis í bænum. Falið borgarstjóra til athugunar.

34. Lagt fram bréf félagsmálaráðuneytisins, dags. 28. f.m., um undanþágur frá byggingarsamþykkt bæjarins, að því er tekur til byggingu innfluttra húsa. Vísað til byggingarnefndar.

35. Lagt fram kveðjubréf til borgarstjóra frá borgarstjóranum í Winnipeg, dags. 16. maí síðastl.

36. Lagt fram bréf frá Jóni Brynjólfssyni varðandi uppsögn Brynjólfs Jónssonar á starfi sem baðvörður við Miðbæjarskólann. Vísað borgarstjóra til afgreiðslu.

37. Samþ. að heimila Erlu Ísleifsdóttur að taka ársfrí frá kennslustörfum við Sundhöllina, eftir beiðni dags. 3. þ.m.

38. Lagt fram bréf frá fræðslufulltrúa, dags. 2. þ.m., varðandi aðstoð við skrifstofustörf. Falið borgarstjóra til nánari athugunar.

39. Lagt fram bréf frá fræðslufulltrúa, dags. 2. þ.m., þar sem frá því er skýrt, að enginn tannlæknir hafi sótt um stöður sem skólatannlæknar við Austurbæjarskólann og Laugarnesskólann. Falið borgarstjóra til athugunar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

40. Lagðar fram umsóknir um húsvarðarstöðu við Melaskólann, frá 40 umsækjendum. Vísað til umsagnar skólanefndar og skólastjóra.

41. Samþ. að gefa skólalækni og hjúkrunarkonu Miðbæjarskólans kost á samskonar störfum við Melaskólann, þegar starfsskilyrði verða þar, en fela borgarstjóra að auglýsa stöðurnar til umsóknar að öðrum kosti.

42. Ákveðið að biðja skólanefndir um tillögur um yfirkennara við Austurbæjarskólann. og Melaskólann.

43. Lögð fram skýrsla um starfsemi Ráðningarstofunnar í júlí-ágúst þ.á.

44. Samþ. að skipa Ásmund Ólason sem fastan starfsmann hjá byggingarfulltrúa með launum skv. VII. flokki.

45. Samþ. að greiða varaslökkviliðsstjóra og varðstjórum slökkviliðsins tilsvarandi laun og samskonar yfirmönnum lögreglunnar.

46. Lögð fram fundargerð sjávarútvegsnefndar 10. þ.m., með bréfi frá kaupendum 4 Svíþjóðarbáta, dags. 10. þ.m., varðandi frágang á bátum, sem þeir hafa fest kaup á. Borgarritara falið að svara bréfi kaupendanna.

47. Lögð fram fundargerð sjávarútvegsnefndar 12. þ.m.

48. Erindi Páls Sigurðssonar um rafmagnsheimtaug að húsi við Blesugróf, vísað til rafmagnsstjóra til afgreiðslu.

49. Samþ. að veita frest til að hefja byggingarframkvæmdir á lóðinni Langholtsvegi 174, þar til rafmagnsspennistöð hefir verið fjarlægð af lóðinni.

50. Synjað beiðni um rafmagnsheimtaug að sumarbústað símamanna við Vatnsenda.

51. Lagt fram bréf frá h.f. Segull, dags. 16. f.m., varðandi lóð við Nýlendugötu 26, svo og umsögn rafmagnsstjóra, dags. 4. þ.m.

52. Rafmagnsstjóra falið að láta endurskoða gjaldskrá Rafmagnsveitunnar, í samvinnu við Samb. ísl. rafveitna og Rafmagnseftirlit ríkisins.

53. Lögð fram greinargerð rafmagnsstjóra, dags. 30. f.m., um kostnað við bygginga eintúrbínustöðvarinnar við Elliðaár. Borgarstjóra falið að leita eftir viðbótarláni til þess að ljúka framkvæmdunum.

54. Samþ. að fela borgarstjóra að leita eftir föstu láni, allt að kr. 5.000.000.-, til nýju vatnsveitunnar frá Gvendarbrunnum, og til aukninga innanbæjar, einkum vegna lagninga um ný bæjarhverfi.

Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson.

Guðm. Ásbjörnsson. Jón Axel Pétursson.

Jóhann Hafstein. Sigfús Sigurhjartarson.

Gunnar Thoroddsen.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

B Æ J A R R Á Ð.

Ár 1946, laugardaginn 21. septbr., kl. 10 f.h., hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Bæjarráð ítrekar synjun um byggingu nýs íbúðarhúss á erfðafestulandinu Sogamýrarbl. XXVI, Lyngholti.

2. Erindi frá Daníel Tómassyni, um að láta verkfæraskúr standa á Garðaholtsbletti IV, fær ekki stuðning bæjarráðs að svo stöddu. Frestað.

3. Ragnar Árnason sækir um erfðafestuland í Lambhaga. Bæjarráð tekur fram, að því landi verði ekki ráðstafað að svo stöddu.

4. Bæjarráð telur ekki fært, að verða við beiðni Jóhannesar Björnssonar, Hvg. 117, um lóð til að flytja á hana sumarbústað, sem nú er við Elliðavatn.

5. Erindi frá Byggingarfél. Stoð h.f. um iðnaðarlóð, vísað til lóðaúthlutunarnefndar til athugunar.

6. Erindi frá Sigbj. Ármann, varðandi byggingu á lóðunum Engihlíð 6 - 8, vísað til lóðaúthlutunarnefndar.

7. Samþ. að heimila sölu á húsi á Sogavegi 130, en benda á, að húsið verður að fjarlægja hvenær sem krafist verður, bæjarsjóði að kostnaðarlausu.

8. Bæjarráð samþ. fyrir sitt leyfi, að hafa megi verslun í húsi á Langhv. 176.

9. Bæjarráð samþ. fyrir sitt leyti, að húsaleigunefndin fái til ráðstöfunar setuliðsskála í Tower-Hill hverfi, aðra en þá, sem eru í götustæði, eftir ákvörðun bæjarverkfræðings.

10. Umsókn Vald. Kr. Árnasonar, Vit. 9, um rafmagn í setuliðsskála í Caledonia hverfi, vísað til rafmagnsstjóra til afgreiðslu.

11. Hjálmar Bjarnason afsalar lóðinni Bólstaðahlíð 10.

12. Bæjarráð getur ekki orðið við beiðni Guðm. Axels Björnssonar, í bréfi 3. septbr., um iðnaðarlóð þar sem hann tilgreinir.

13. Bæjarráð samþ. fyrir sitt leyti, að leigutími fyrirhugaðrar iðnaðarlóðar "B.P." á Íslandi hjá Laugarnesi verði 60 ár, þar sem félagið hyggst að byggja hafskipabryggju frá lóðinni.

14. Samþ. að gefa Konráð Benónýssyni kost á lóðinni Nesvegi 51.

15. Bæjarráð staðfestir, að gefa byggingarfél. Árroða kost á 20 byggingarlóðum alls í Kaplaskjóli.

16. Samþ. lóðaúthlutun með byggingarfresti til 1. janúar næstk.:

| | | |
|---|---|---|
| Guðjón Ermenreksson, | Lvg. 42 | fær Nökkvavog 46 |
| Einar - | - - | - - 48 |
| Grímur Gíslason, | Auð. 15 | - Drápuhlíð 16 |
| Valur Einarsson, | Njg. 69 | - Langhv. 143 |
| Jens Hermannsson, | Efst. 48 | - Hraunteig 22 |
| Óskar Halldórsson, | Grett. 68, og) | fá Laugateig 54 og 56 |
| Klemens Þorleifsson, | Hjall 1 ) | |
| Pétur J. Jónsson, | Freyjug. 44 | fær Hjallaveg 6 |
| Friðrik Sigtryggss., | Kleppsv. 108 | - Barmahlíð 50. |

17. Afturkölluð úthlutun lóðarinnar nr. 5 við Skipasund til Hákonar Sumarliðasonar.

18. Beiðni Benedikts Jósefssonar um lóð undir íbúðarskúr, vísað til bæjarverkfræðings til meðferðar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

19. Lagt fram bréf frá skógræktarstjóra, dags. 5. þ.m., varðandi girðingu um Heiðmörk.

20. Bæjarráð samþ. fyrir sitt leyti skipulag á gatnamótum Bankastrætis og Skólavörðustígs, skv. framlögðum uppdrætti, dags. í jan. 1943.

21. Tillögum um skipulag á gatnamótum Laufásv. - Skothúsv. - Þingholtsstr. vísað til skipulagsnefndar til athugunar.

22. Samþ. að setja styttu Þorfinns Karlsefnis í syðri Tjarnarhólmann, að fenginni umsögn Einars Jónssonar, höfundar styttunnar.

23. Lagt fram bréf slökkviliðsstjóra, dags. 17. þ.m., um húsnæði og önnur starfsskilyrði slökkviliðsins.

24. Lagt fram bréf frá oddvita Seltjarnarnesshrepps, dags. 8. þ.m., um að slökkvilið bæjarins komi á vettvang þegar eldsvoða ber að höndum í hreppnum. Vísað til slökkviliðsstjóra til umsagnar.

25. Lagt fram bréf frá oddvita Seltjarnarnesshrepps, dags. 8. þ.m., þar sem farið er fram á að Reykjavíkurbær taki upp samninga við hreppinn um lagningu vatnsveitu um Digraneshals. Vísað til vatnsveitustjóra til umsagnar.

26. Lagt fram bréf frá oddvita Seltjarnarnesshrepps, dags. 8. þ.m., um að lagðar verði pípur gegnum Eiðisgranda. Vísað til bæjarverkfræðings til umsagnar.

27. Lagt fram bréf frá oddvita Seltjarnarnesshrepps, dags. 8. þ.m., með tilmælum um að Reykjavíkurbær láti hefla veginn frá Kaplaskjóli vestur að Nýjabæ, gegn greiðslu frá hreppnum. Vísað til bæjarverkfræðings til athugunar.

28. Bæjarráð samþ. fyrir sitt leyti, að laun Páls Sigurðssonar læknis, sem aðstoðarmanns héraðslæknis, verði ákveðin skv. X. launaflokki, með skilmálum, er dóms- og kirkjumálaráðherra setur í bréfi 18. febr. 1946.

29. Samþ. að fela vatnsveitunni að koma upp þvottastöð fyrir bíla, skv. því er segir í bréfi forstjórans 18. þ.m.

30. Lagt fram bréf frá bifreiðastjórafél. Hreyfli, dags. 17. þ.m., varðandi bílaþvott.

31. Lagt fram tilboð frá Ársæli Jónassyni, dags. 18. þ.m., þar sem hann býður bæjarstjórn eimketil úr tundurspillinum "Skeena". Vísað til rafmagnsstjóra til umsagnar.

32. Samþ. tillaga rafmagnsstjóra í bréfi 16. þ.m., varðandi óhjákvæmilegar greiðslur fyrir yfirvinnu verkfræðings við uppsetningu eimtúrbínustöðvarinnar.

33. Bæjarráð samþ. tillögu fræðslufulltrúa, í bréfi 14. þ.m., um að ráða Leif Sigfússon sem tannlækni við Austurbæjar- og Laugarnesskólann í vetur.

34. Samþ. að fela sjávarútvegsnefnd að vera útgerðarráð bæjarins fyrst um sinn.

35. Bréfum frá Samb. ísl. botnvörpunga og Alm. Tryggingar, varðandi tryggingu á b.v. Ingólfi Arnarsyni, vísað til útgerðarráðs til afgreiðslu.

36. Bréfi frá Lýsissamlagi íslenskra botnvörpunga, dags. 13. þ.m., um að bærinn gerist aðili í samlaginu, vísað til útgerðarráðs til meðferðar.

37. Lögreglustjóri tilkynnir, að Guðm. Hjartarson hafi látið af störfum sem lögregluþjónn 15. þ.m.

38. Lögð fram fundargerð heilbrigðisnefndar 17. þ.m. Bæjarráð samþ. fyrir sitt leyti ályktun nefndarinnar í 5. lið, varðandi sölu úr vagni við höfnina.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

39. Lögð fram skýrsla um mjólkureftirlit í Reykjavík í ágústmán.

40. Lögð fram beiðni frá stjórn íþróttahússins við Hálogaland, dags. 19. þ.m., um 50 þús. kr. lán, til að geta hafið íþróttastarfsemi í húsinu nú í haust. Lánið endurgreiðist með væntanlegum styrk.
Ákveðið að óska eftir nánari greinargerð um fjárhag hússins.

Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson.

Auður Auðuns. Jón Axel Pétursson.

Sigfús Sigurhjartarson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

B Æ J A R R Á Ð.

Ár 1946, laugardaginn 28. sept., kl. 10 f.h., hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Boðinn forkaupsréttur að Kleppsmýrarbletti XI, fyrir 200 þús. kr. Hafnað.

2. Boðinn forkaupsréttur að Sogamýrarbletti 22 fyrir 20. þús. kr. Ákveðið að taka landið úr erfðafestu og borgarstjóra heimilað að leigja nokkurn hluta þess eftir nánari tillögu bæjarverkfræðings.

3. Lögð fram beiðni Sveins Jónssonar um lóðarréttindi með húsi hans á Sogamýrarbletti 10. Bæjarverkfræðingi heimilað að taka úr erfðafestu hluta af landinu undir húsið.

4. Samþ. þessi lóðaúthlutun með byggingarfresti til 1. jan.:

| | | | |
|---|---|---|---|
| Jón E. Guðmundsson, Karl. 5, | fái | Langholtsv. | 183 |
| Jón Sigurðsson, Baugsv. 13 A., en afsalar sér Nökkvavogi 34. | - | Langholtsv. | 185 |
| Guðbjörn Guðjónsson, Skólav.h. 117, en afsalar sér Nökkvavogi 24. | - | Nökkvavog | 34 |
| Ólafur Guttormsson, Berg. 81, | - | Langholtsv. | 187 |
| Bjarni Jónsson, Brekk. 6 A., er Gunnar Snorrason afsalar sér. | - | Sörlaskjól | 90 |
| Guðjón Jóhannsson, Vest. 10 | - | Nesveg | 66 |
| Magnús Magnússon, Frík. 1, . | - | Granaskjól | 19 |
| Guðm. Þórðarson, Auð. 7, | - | Bólstaðarhl. | 10 |

Hákon Sumarliðason fái framlengdan byggingarfrest á Skipasundi 5.

5. Lögð fram tillaga að samningi um leigu á lóð fyrir olíustöð í Laugarnesslandi. Vísað til umsagnar hafnarstjórnar.

6. Synjað beiðni frá Jóni Þórarinssyni o.fl. um leyfi til að setja niður verslunarskúr á horni Miklubrautar og Lönguhlíðar.

7. Erindi frá Högna Halldórssyni um leyfi til að byggja og reka kvikmyndahús í Langholts- eða Laugarneshverfi vísað til bæjarverkfræðings til umsagnar.

8. Lagt fram bréf skólanefndar Húsnæðraskóla Reykjavíkur um stækkun skólahússins. Borgarstjóra var falið að taka upp samninga við fræðslumálastjórnina um málið.

9. Synjað beiðni frá Stefáni Thorarensen lyfsala um 2000 ferm. lóð fyrir verslunar- og skrifstofuhús á horni Skúlagötu og Laugavegar.

10. Lagt fram bréf rafmagnsstjóra til Rafmagnsveitu ríkisins út af rafmagnsnotkun í Keflavík, Njarðvíkum o.fl. Bæjarráð er samþ. bréfinu.

11. Samþ. að afturkalla þessar lóðaúthlutanir:

| | | |
|---|---|---|
| Helgi Magnússon, Bank. 7, | Ásv. | 10 |
| Elías H. Stefánsson, Ásv. 2, | Skipas. | 7 |
| Magnús Víglundsson, Aust.14, | - | 31 |
| Hermann Haraldsson, Freyj. 36, | - | 19. |

12. Lögð fram álitsgerð vatns- og hitaveitustjóra um vatnsveitu um Digraneshals. Ákveðið að senda hreppsnefnd Seltjarnarneshrepps álitsgerðina og tilkynna henni jafnframt, að bæjarráðið geti ekki fallist á að leggja vatnsveitu um Digraneshals að svo stöddu.

13. Lögð fram álitsgerð vatns- og hitaveitustjóra um vatnsæð í Gullteig. Tillögur hans voru samþykktar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

14. Lögð fram beiðni Óskars Kristjánssonar um vatn að húsinu Melstað. Vísað til vatns- og hitaveitustjóra til afgreiðslu.

15. Synjað erindi íbúa í Selási um vatnsveitu að húsum þeirra.

16. Erindi vörubílstjórafélagsins Þróttar um heitt vatn í hús félagsins, vísað til vatns- og hitaveitustjóra til umsagnar.

17. Lögð fram álitsgerð vatns- og hitaveitustjóra um þvottahús á Borgartúni 3.

18. Lagt fram bréf sakadómara um kaup á bifreiðum handa rannsóknarlögreglunni. Vísað til Innkaupastofnunar bæjarins til fyrirgreiðslu.

19. Lögð fram beiðni frá Taflfélagi Reykjavíkur um húsnæði fyrir félagið. Vísað til bæjarverkfræðings til fyrirgreiðslu.

20. Lagt fram bréf frá Þórarni Ólafssyni um að hann verði settur aftur inn í starf hjá Rafmagnsveitunni, ásamt umsögn rafmagnsstjóra. Samþ. var með 4:1 atkv. að bæjarráð teldi ekki ástæðu til afskipta af málinu. Jón Axel Pétursson óskaði bókað, að hann væri mótfallinn þessari afgreiðslu.

21. Lögð fram greinargerð rafmagnsstjóra um launakjör innheimtumanna.

22. Samþ. að greiða Gesti Pálssyni bormanni laun samkv. X. launaflokki.

23. Lagt fram bréf Baldvins Jónssonar hdl., þar sem hann fer fram á 20. þús. kr. lán til íþróttahússins við Hálogaland.

24. Lögð fram fundargerð sjávarútvegsnefndar frá 20. sept.

Fleira ekki gert. Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson.

Hallgr. Benediktsson. Gunnar Thoroddsen.

Jón Axel Pétursson. Sigfús Sigurhjartarson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# B Æ J A R R Á Ð.

Ár 1946, föstudaginn 11. oktbr., kl. 3 e.h., hélt bæjarráðið fund í skrifstofu borgarstjóra, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Beiðni Sveins Jónssonar, Laugarásv. 25, um leyfi til að innrétta herskála upp af Múlavegi vísað til bæjarverkfræðings til afgreiðslu.

2. Borgarstjóra heimilað að taka úr erfðafestu hluta af löndunum Bústaðabl. XXII, Sogamýrarbl. XXXI og XLII og Kringlumýrarbl. XXVIII.

3. Samþ. að gefa Sigurjóni Danívalssyni kost á lóð undir skautahöll á svæði suður af Sigtúni, fyrir austan Miðtún, eftir nánari útvísun bæjarverkfræðings, enda tilkynni hann með hæfilegum fyrirvara, að dómi bæjarráðs, hvenær hann hyggst að hefja byggingarframkvæmdir á lóðinni - og auk þess ber honum að hefja byggingu innan frests, sem bæjarráð setur síðar.

4. Hafnað tilboði frá Lilju Petersen um sölu á hluta af lóðinni nr. 31 við Suðurgötu.

5. Samþ. að gefa Thor Jensen kost á að fá keypta 9 metra breiða skák til viðbótar lóðinni Flókagötu 47.

6. Beiðni frá Kristni St. Jónssyni, Lauf. 50, um lóð undir sumarhús, vísað til bæjarverkfræðings og lóðaúthlutunarnefndar til athugunar.

7. Lagt fram bréf frá vélsm. Sindra, dags. 1. þ.m., með beiðni um lóð fyrir smiðjuna. Bæjarráð synjar beiðni um lóð á horni Frakkastígs og Skúlagötu, en vísar erindinu að öðru leyti til hafnarstjórnar.

8. Samþ. að framlengja byggingarfrest á lóðinni Bólstaðahlíð 5 til áramóta.

9. Synjað beiðni frá heildversl. Magni Guðmundsson um iðnaðarlóð nálægt Hringbraut, í vesturbænum, eða nálægt Eskihlíð. Að öðru leyti var erindinu, dags. 30. f.m., vísað til lóðaúthlutunarnefndar.

10. Lagt fram bréf frá Jóni S. Jónssyni, Aðalbóli, dags. 5. þ.m., um lóð undir íbúðarhús. Vísað til skipulagsmanna til athugunar.

11. Samþ. að fela lóðaúthlutunarmönnum að gefa Jóhannesi Björnssyni, lækni, kost á lóð til að flytja á sumarhús, enda samþykki byggingarnefnd gerð hússins.

12. Eftir beiðni Friðriks Karlssonar var samþykkt að gera samning um leigulóðina Mávahlíð 39 við hann og Axel F. Magnússon, Vest. 17 A.

13. Lagt fram bréf frá Bjarna Elíassyni o.fl., dags. 8. þ.m., um lóð til iðnreksturs. Synjað beiðni um lóð suður af Sundhöllinni, en erindinu að öðru leyti vísað til bæjarverkfræðings til athugunar.

14. Synjað beiðni Þórðar Þorsteinssonar um leyfi til að setja blaðsöluskúr á Lækjartorg.

15. Lagt fram bréf frá Gunnari Guðjónssyni,dags. 1. þ.m., með beiðni um að fá leigða geymsluskúra.

16. Kjartan Ólafsson afsalar lóðinni Sigtún 23.

17. Lagt fram bréf frá Hávarði Reimars um kaup á timburskúr við Bústaðaveg. Bærinn á ekki skúrinn, eftir framkomnum upplýsingum.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

18. Beiðni frá Ólafi Halldórssyni um að fá keyptan skúr á lóðinni nr. 25 við Bragagötu, svarar bæjarráð á þá leið, að bærinn muni ekki vera eigandi skúrsins.

19. Synjað beiðni frá Þorst. Finnbogasyni um að fá keyptan skúr á Fossvogsbl. XLII.

20. Samþ. eftirfarandi verð á framleiðslu Grjótnáms bæjarins, með 3 samhlj. atkv.:

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Salli | | kr. | 5.40 | pr. | hektlitr. |
| Muln. | I | - | 6.10 | - | - |
| - | II | - | 5.50 | - | - |
| - | I - II | - | 6.00 | - | - |
| - | III | - | 4.50 | - | - |

21. Samþ. að leggja niður starfsemi í gamla grjótnámi bæjarins við Suðurlandsbraut, a.m.k. fyrst um sinn.

22. Lögð fram áskorun frá íbúum við Brekkustíg, dags. 1. þ.m., um að gatan verði malbikuð og gangstéttir lagðar hið allra bráðasta.

23. Lögð fram umsögn slökkviliðsstjóra, dags. 7. þ.m., um erindi oddvitans í Seltjarnarnesshreppi, dags. 8. f.m., um að slökkvilið bæjarins komi á vettvang ef eldsvoða ber að höndum í hreppnum. Slökkviliðsstjóra falið að undirbúa samninga við hreppinn um þetta mál.

24. Að framlagðri umsögn bæjarverkfræðings, um beiðni oddvitans í Seltjarnarnesshreppi, þess efnis að bærinn láti hefla veginn frá Kaplaskjóli að Nýjabæ, var beiðninni synjað með 3:2 atkv.

25. Lagt fram bréf frá flugmálastjóra, dags. 28. f.m., ásamt uppdráttum, varðandi umtalaða stækkun á aðalbraut Reykjavíkurflugvallarins. Vísað til skipulagsnefndar og skipulagsmanna bæjarins til umsagnar.

26. Lagðar fram samþykktir byggingarráðstefnunnar 1946.

27. Bæjarráð samþ. fyrir sitt leyti, að bæjarverkfræðingur taki sæti í svonefndu umferðaráði.

28. Bæjarráð samþ. e.a., að Sturla Kristófersson megi kaupa íbúð í húsinu Engihlíð 7.

29. Lagt fram bréf frá Þórarni Kristjánssyni og frú, Mánagötu 22, varðandi húsnæði.

30. Eftir tillögu framfærslufulltrúanna var samþ. að fresta um sinn að láta rífa setuliðshús við Háteigsveg.

31. Lagt fram bréf frá Guðm. Gíslasyni lækni, varðandi útbýtingu á húðprófunarefni við garnaveiki í sauðfé. Ákveðið að senda Fjáreigendafélaginu erindið.

32. Lagt fram erindi frá íbúum í Fossvogi, dags. 2. þ.m., um bættar strætisvagnaferðir. Vísað til forstjóra strætisvagnanna til umsagnar.

33. Guðm. Pálsson, Bergþ. 41, sækir um húsnæði til þess að hafa þar kaffistofu, í húsi, sem verið er að reisa upp af Ægisgarði.

34. Lögð fram skýrsla um mjólkureftirlit í septbr. 1946.

35. Lagt fram bréf frá Fél. garðyrkjumanna, dags. 7. þ.m., varðandi starfsemi tveggja danskra garðyrkjumanna í Reykjahlíð. Vísað til garðyrkjustjórans.

36. Jóhannes Jósefsson, hóteleigandi, tilkynnir, að lán hans hjá Guardian Assurance Co., Ltd., sé að fullu greitt og bæjarsjóður því laus við ábyrgðarskuldbindingu sína.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

37. Samþ. að fela fræðslufulltrúa og garðyrkjuráðunaut að hafa námskeið fyrir gæzlukonur leikvalla, sbr. bréf þeirra, dags. 2. þ.m.

38. Knattspyrnuráð Reykjavíkur sækir um 15 þús. kr. styrk á fjárhagsáætlun næsta árs, til utanlandsferða.

39. Samþ. að endurveita Matth. Guðmundssyni, lögrþj., kr. 1000.- utanfararstyrk, með álagi skv. verðlagsvísitölu.

40. Lagt fram bréf frá lögreglufélagi Reykjavíkur, dags. 19. f.m., varðandi greiðslu fyrir aukavinnu lögregluþjóna á tímabilinu 1. apríl 1945 - 1. júlí 1946. Vísað til borgarstjóra til afgreiðslu.

41. Lagt fram bréf frá Fél. ísl. botnvörpuskipaeigenda, dags. 7. þ.m., varðandi stofnun Olíufélags ísl. botnvörpuskipaeigenda. Vísað til útgerðarráðs.

42. Lagt fram bréf lögreglustjóra, dags. 4. þ.m., varðandi umferð í Garðastræti.

43. Lagður fram ársreikningur Elli- og hjúkrunarfél. Grundar árið 1945.

44. Samþ. að gefa Benedikt Einarssyni, Ægissíðu 103, kost á lóðinni Skipasundi 7, með byggingarfresti til 1. jan. n.k.

45. Samþ. að festa kaup á dieseltogara, sem smíðaður verður í Goole á vegum Nýbyggingarráðs.

46. Lagt fram bréf frá formanni bæjarstjórnar Stockholmsborgar, dags. 7. f.m., ásamt skýrslu um fund bæjarstjórna höfuðborga Norðurlanda í febr. s.l.

47. Samþ. að ráða Þórð Ág. Þórðarson, Langh. 1, sem húsvörð við Melaskólann.

48. Lögð fram útskrift af dómi hæstaréttar 25. f.m. í útsvarsmáli Alþýðublaðsins.

49. Samþ. að fresta ráðningu yfirkennara við Melaskólann til næsta vors, í samráði við skólastjórann, en jafnframt var honum heimilað, að taka sér aðstoð við skólastjórnina nú í vetur, eftir þörfum.

50. Lögð fram greinargerð vatnsveitustjórans, dags. 10. þ.m., um framkvæmdir við aukningu Vatnsveitunnar, svo og bréf Innkaupastofnunarinnar, dags. sama dag, um afgreiðslu á vatnspípum til aukningarinnar.

51. Lagt fram bréf fræðslufulltrúa, dags. 8. þ.m., með tilkynningu um að Leifur Sigfússon, tannlæknir, hafi horfið frá því ráði, að taka við starfi sem skólatannlæknir við Laugarnesskólann og Austurbæjarskólann nú í vetur.

52. Lagt fram bréf fræðslufulltrúa, dags. 10. þ.m., um starfsemi heimavistarskólans að Jaðri nú í vetur.

53. Lögð fram ársskýrsla Sambands ísl. rafveitna árið 1944 - '45.

54. Erindum um heimtaugar rafmagns vísað til rafmagnsstjóra til afgreiðslu:

frá Þorsteini Finnbogasyni, dags. 14. f.m.
- Heiðm. Ottóssyni, - 21. -
- Helgu Magnúsdóttur, - 14. -

55. Lagt fram bréf rafmagnsstjóra, dags. 28. f.m., um heimtaugarkostnað í Krossamýri. Málinu vísað rafmagnsstjóra til afgreiðslu.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

56. Lagt fram bréf frá rafmagnsstjóra, dags. 1. þ.m., varðandi umsjón og viðhald háspennukerfis flugvallarins í Reykjavík. Málinu vísað til rafmagnsstjóra til meðferðar.

57. Rætt um tillögu Jóns A. Péturssonar, er vísað var til bæjarráðs á fundi bæjarstjórnar 3. þ.m., varðandi ráðningu Þórarins Ólafssonar.

58. Um hlunnindi vélstjóra hjá Rafmagnsveitu og Sogsvirkjun var samþ. að fara eftir tillögum rafmagnsstjóra í bréfi 27. ágúst þ.á.

59. Útsvarsmál: H.f. Valur, Björn Fransson, Berg. 81.

60. Fundargerð byggingarnefndar frá 2. okt. 1946 lögð fram og samþykkt.

Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson.

Auður Auðuns. Jóhann Hafstein.

Sigfús Sigurhjartarson. Jón Axel Pétursson.

Hallgr. Benediktsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

## BÆJARRÁÐ.

Ár 1946, föstudaginn 18. oktbr., kl. 2 e.h., hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Lögð fram matsgerð dómkvaddra manna á endurkaupsverði erfðafestulandsins Hjallalandi. Samþ. að una matinu.

2. Samþ. að heimila Páli Guðjónssyni að reisa bifreiðaskýli á Laugamýrarbletti XXVIII, er verði tekið burtu, bæjarsjóði að kostnaðarlausu, þegar krafist verður.

3. Samþ. að leyfa Daníel Tómassyni, að byggja verkfæraskúr á Garðaholtsbletti IV, enda verði skúrinn fjarlægður af landinu, þegar krafist verður, bæjarsjóði að kostnaðarlausu.

4. Samþ. að heimila framsal leiguréttar að hálfri eigninni Smálandabraut 3 til Stefáns Sigurðssonar, kennara. Eigninni verði ekki skipt.

5. Beiðni Dýrfirðingafélagsins um land til ræktunar, nálægt Jaðri, vísað til bæjarverkfræðings til athugunar.

6. Bæjarráð mælir með því, fyrir sitt leyti, að orðið verði við beiðni Hauks Claessen og Árna Gestssonar, dags. 14. þ.m., um að reisa megi íbúðarhús, skv. meðfylgjandi teikningu, á lóðunum nr. 153 og 157 við Langholtsveg.

7. Lagt fram bréf frá byggingarfél. Árroði, dags. 3. þ.m., varðandi úthlutun byggingalóða í Kaplaskjóli. Samþ. að óska eftir greinargerð um, hvað líði byggingarframkvæmdum félagsins.

8. Synjað beiðni um að fá leigða lóðina nr. 18 A við Baldursgötu.

9. Samþ. að gefa Byggingarsamvinnufél. starfsmanna ríkisstofnana kost á lóð við Lönguhlíð, sem félag stjórnarráðsstarfsmanna hefir afsalað sér. Byggingarfrestur til 1. jan. næstk.

10. Samþ. lóðaúthlutun, með byggingarfresti til 1. jan. 1947:

| | | | |
|---|---|---|---|
| Sigurður Sveinsson, Skólav.st. 46 | fær | Langholtsv. | 160 |
| Sverrir Möller, Lnv. 62 | - | Skipasund | 31 |
| Kristján Jónsson, Bald. 31 | - | Efstasund | 80 |
| Pétur J. Jónsson, Freyjug. 44 | - | Ásveg | 10 |
| Haukur Friðriksson, Laugarnes, br. | - | Nökkvavog | 24 |
| Bjarni Jónsson, Gullteig 3 | - | Sörlaskjól | 30 |
| Sigurður Sigurbjörnsson, Rauð. 26 | - | Blönduhlíð | 24 |
| Hermann Haraldsson, Freyjug. 36 | - | Skipasund | 19 |
| Ari Maronsson, Berg. 33 og afsalar Blönduhlíð 24 | - | Blönduhlíð | 35 |
| Jón E. Guðmundsson, Karl. 3 og afsalar Langhv. 183 | - | Langholtsv. | 181 |
| Kristinn St. Jónsson, Lauf. 50 | - | Nökkvavog | 18 |

enda samþ. byggingarnefnd húsið, sem ætlað er að flytja á lóðina.
Þeir, sem fá lóðirnar, verða að kaupa mannvirki, sem kunna að vera gerð á lóðunum, eftir mati, að tilhlutun bæjarráðs.

11. Samþ. að afturkalla úthlutun lóðanna Hraunteig 19, 23 og 26.

12. Beiðni Gísla Magnússonar o.fl. um lóð undir íbúðarhús, vísað til lóðaúthlutunarmanna til meðferðar.

13. Samþ. að gera lóðarleigusamninga við:

| | | |
|---|---|---|
| Bjarna K. Björnsson | um Skipasund | 38 |
| Ólaf Árnason og Hálfdán Steingrímsson | um Drápuhlíð | 6 |
| Elías Kristjánss.og Guðlaug Stefánsson | um - | 8 |
| Sofónías F. Sveinsson | um Kambsveg | 11 |
| Byggingarsamvinnufél. Hofgarð | um Hofteig 4, 6, 10, 12, 14, 16 og 18. Laugateig 7, 13, 15, 17, 21. | |
| Byggingarfél. "Hvol" | um Miklubraut 60-62. | |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

14. Borgarstjóra heimilað að gera leigusamning við "B.P" á Íslandi um lóð fyrir olíustöð nálægt Laugarnesi. Ársleiga fyrstu 5 árin ákveðin 7 aur. pr. ferm. Jafnframt var borgarstjóra heimilað að taka úr erfðafestu Laugarnesbletti I og II. Ennfremur var lagt fram bréf frá h.f. Fiskimjöl, dags. 17. þ.m., um samþ. félagsins á mörkum olíustöðvarinnar.

15. Samþ. að skipa sem fasta starfsmenn í bæjarskrifstofunum:
Steinar Guðmundsson með launum skv. VIII. fl.
Sigurgeir Jónsson - - - IX. -

16. Samþ. með 4:1 atkv. að heimila borgarstjóra, að fá greinargerð Gísla Halldórssonar verkfr., um hugmynd hans um baðstað við suðurhluta Tjarnarinnar. .

17. Lögð fram skýrsla Sveins Benediktssonar og Sveins Guðmundssonar um rekstur h.f. Mjöl & Bein í Kaplaskjóli fyrirfarandi ár. Borgarstjóra heimilað að greiða 20 þús. kr. bætur vegna þess að fyrirtækið verður að hætta störfum.

18. Synjað beiðni frá Gísla Sigurðssyni um rafmagnsleiðslu í gripahús við Laugaveg 171.

19. Guðjón Jónsson, Samtúni 6, afsalar lóðinni Sigtún 21.

20. Lögð fram fundargerð heilbrigðisnefndar 15. þ.m.

21. Erindi frá h.f. Stilli um vatnsleiðslu að herskála í Fossvogi vísað til vatnsveitustjóra til afgreiðslu.

22. Lögð fram bréf frá Vatns- og hitaveitunni og Innkaupastofnuninni, dags. 14. og 16. þ.m., varðandi kaup á vatnspípum til nýju vatnsleiðslunnar.

23. Samþ. að greiða Verkstjórasambandi Íslands kr. 5000.- til þess að halda námskeið fyrir verkstjóra nú í haust.

24. Lögð fram skýrsla Ráðningarstofu Reykjavíkur um starfsemina í septbr.

25. Lögð fram tillaga um athugun á rekstri grjótnáms og sandnáms bæjarins, er vísað var til bæjarráðs á fundi bæjarstjórnar 17. þ.m.

26. Tillögu um heflun vegarins frá Kaplaskjóli að Nýjabæ á Seltjarnarnesi vísað til bæjarverkfræðings til afgreiðslu.

27. Samþ. að gera leigusamning til 25 ára um lóð Sigurðar H. Guðmundssonar við Elliðaárvog.

28. Lagt fram bréf frá bifreiðastjórafél. Hreyfli, dags. 14. þ.m., varðandi ástand strætisvagnanna, svo og greinargerð forstjórans, dags. 17. þ.m.

Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson.

Jóhann Hafstein. Gunnar Thoroddsen.

Sigfús Sigurhjartarson. Jón Axel Pétursson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# B Æ J A R R Á Ð.

Ár 1946, föstudaginn 25. oktbr., kl. 2 e.h., hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Lögð fram beiðni frá h.f. Alm. byggingarfélaginu, um áritun lóðaskrárritara á framsal leiguréttinda um sumarbústaðarlóð í landi Reynisvatns, skv. leigusamningi, dags. 15. apríl 1943. Þar sem leigusamningurinn virðist gerður áður en Reynisvatn var lagt undir lögsagnarumdæmi Rvíkur, heimilar bæjarráð að lóðaskrárritari áriti fyrirliggjandi afsal, dags. 21. ágúst síðastl., með fyrirvara um, að leigulandið sé ekki skrásett sérstök fasteign.

2. Lagt fram bréf frá Ágústi Jóhannessyni, dags. 10. þ.m., varðandi ráðstöfun á erfðafestulandinu Kleppsmýrarbl. VIII. Synjað að taka upp samninga við bréfritarann á þeim grundvelli, sem í bréfinu greinir.

3. Boðinn forkaupsréttur að erfðafestulandinu Þvottalaugabletti XXXII fyrir kr. 32.000.-. Hafnað.

4. Samþ. að taka úr erfðafestu allt landið Kleppsmýrarbl. XV, með því fororði, að húsinu, sem á landinu hefir verið reist, fylgi leigulóð, allt að 38 metr. með fyrirhuguðum Kirkjuvogi, eftir nánari útvísun bæjarverkfræðings.

5. Bæjarráð samþ. fyrir sitt leyti, að leigusamningur um Urðarbraut 1, verði gerður við Gunnar Guðmundsson, Kjartansgötu 2.

6. Lagt fram bréf frá byggingarsamvinnufél. Árroði, dags. 23. þ.m., varðandi úthlutun 6 byggingarlóða í Kaplaskjóli til viðbótar þeim 20 lóðum, sem ákveðið hefir verið að leigja félaginu. Vísað til lóðaúthlutunarmanna til athugunar.

7. Samþ. að framlengja byggingarfrest á lóðinni Nökkvavogi 17 til 1. maí 1947.

8. Samþ. að úthluta lóðum, með byggingarfresti til 1. jan. n.k.:

| | | | |
|---|---|---|---|
| Sigurður Þórðarson, Bárugötu 18 | fær | Sörlaskjól | 8 |
| Pétur Ó. Nikulásson, Öldugötu 24 | - | - | 6. |

9. Lóðunum Langholtsvegi 88, Efstasundi 90, Mávahlíð 41 og Nökkvavogi 19 afsalað.

10. Samþ. að gera leigusamning um Langholtsveg 73 við Guðm. G. Hagalín, rithöf.

11. Eftir beiðni Guðjóns Sigurðssonar var samþ. að gera samning um leigulóðina Drápuhlíð 9 við Ulrich Richter, Holtsg. 41, og Brand Tómasson, Mánag. 22.

12. Ágúst Jónsson afsalar lóðinni nr. 12 við Bólstaðarhlíð.

13. Synjað beiðni Kristins Friðrikssonar um leyfi til að nota grunn í Herskóla-skálahverfinu við Suðurlandsbraut.

14. Samþ. að heimila verslun í húsi við Hjallaveg 68.

15. Lagt fram bréf frá landlækni, dags. 23. þ.m., varðandi byggingu hjúkrunarkvennaskóla Landsspítalans við Miklatorg. Bæjarráð óskar eftir þeim gögnum, sem landlæknir hefir undir höndum.

16. Lagt fram bréf frá Búnaðarráði, dags. 16. þ.m., varðandi stofnun kjötbúðar í bráðabirgðahúsnæði á Sólvöllum.

17. Bæjarráð synjar erindi, um að Björn Björnsson, Norðfirði, megi kaupa hluta af húsi við ónefnda götu, austan við Laugarnesskirkju.

18. Samþ. að heimila borgarstjóra að greiða allt að kr. 12.000.- bætur til eiganda Laugavegar 165, fyrir girðingar og lóðarspjöll.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

19. Lagt fram bréf frá h.f. Orku, dags. 23. þ.m., varðandi stofnun steypustöðvar. Vísað til bæjarstjórnar.

20. Samþ. tillögur rafmagnsstjóra um skipun innheimtumanna, í bréfi 18. f.m.

21. Samþ. að heimila borgarstjóra að veita Jóni Guðmundssyni, Hörp. 6, löggildingu við lágspennuveitur í Reykjavík.

22. Samþ. að Ásu Sturlaugsdóttur og Ingibjörgu Stefánsdóttur verði greidd laun skv. XI. flokki, eftir tillögum rafmagnsstjóra.

23. Synjað beiðni frá Kristni St. Jónssyni um rafmagnsheimtaug að húsi í Þóroddsstaðahverfi.

24. Beiðnir um heimtaugar rafmagns að Árbæjarbletti 51 og Ökrum í Mosfellssveit, vísað til rafmagnsstjóra til afgreiðslu.

25. Synjað beiðnum Gests Jónssonar og Hagerup Isaksen um rafmagns-heimtaugar.

26. Lögð fram greinargerð vatnsveitustj. um beiðni Kristins St. Jónssonar um vatnslögn í bráðabirgðaskúr hjá Þóroddsstöðum.

27. Lagt fram bréf vatnsveitustjóra, dags. 24. þ.m., um bílaþvott. Vísað til vatnsveitustjórans til afgreiðslu.

28. Samþ. að skipa Rögnvald Þorkelsson sem deildarverkfræðing hjá Vatns- og hitaveitunni.

29. Lögð fram greinargerð frá endurskoðanda bæjarins um skýrslu The British Ratin Co, Ltd., um rottueyðingu firmans í júlí - oktbr. þ.á., skv. gerðum samningi síðastl. vor. Bæjarráð telur, að firmað hafi að fullu staðið við skuldbindingar sínar skv. samningnum.

30. Lagt fram bréf frá Ásgeiri Þorsteinssyni, verkfr., dags. 21. þ.m., varðandi rannsóknir á hitaveituvatninu. Borgarstjóra falið að láta hraða rannsóknunum eftir föngum.

31. Samþ. að heimila borgarstjóra að óska eftir því, f.h. bæjarráðs, að markaðsskáli Grænmetissölunnar verði leigður félagi fæðiskaupenda.

32. Lagðar fram fundargerðir sjávarútvegsnefndar 14., 17., 18. og 22. þ.m.

33. Lagt fram bréf frá Alm. tryggingar h.f., dags. 22. þ.m., varðandi útboð um tryggingar á b/v. Ingólfi Arnarsyni. Vísað til útgerðarráðs til athugunar.

34. Lagt fram bréf frá Félagi ísl. botnvörpuskipaeigenda, dags. 19. þ.m., um stað fyrir athafnasvæði fyrir útgerð botnvörpuskipa frá Reykjavík. Vísað til Skipulagsnefndar til umsagnar. Útgerðarmenn benda fyrst og fremst á Laugarnes sem líklegan stað, og óskar bæjarráð þess, að ef Skipulagsnefnd getur ekki fallist á þá tillögu, þá bendi hún á annan stað.

35. Lögð fram bréf garðyrkjustjórans í Reykjahlíð og garðyrkjuráðunauts bæjarins, varðandi störf tveggja danskra garðyrkjumanna í Reykjahlíð.

36. Erindi frá Maríu Maack og Önnu Kjartansdóttur um kjör þeirra við Farsóttahúsið, vísað til borgarstjóra til afgreiðslu.

37. Lögð fram áætlun um kostnað við uppsetningu smiðjuhúss við Skúlatún.

38. Bæjarráð telur ekki fært að taka afstöðu til umsóknar Ingólfs B. Guðmundssonar um iðnaðarlóð við Elliðaárvog, fyr en svæðið hefir verið skipulagt.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

39. Lagðar fram umsóknir Huldu Kristjánsdóttur o.fl. og Jónasar Jakobssonar um húsnæði í Skúlagötuhúsunum. Borgarstjóra falið að leggja fram greinargerð um það, hvað líði byggingu húsanna.

40. Bæjarráð hefir fyrir sitt leyti ekki við það að athuga, að skólanefnd Gagnfræðaskóla Reykvíkinga ráðstafi húsbyggingarsjóði skólans, eftir því sem segir í fundargerð nefndarinnar 22. þ.m. Samþ. með 3 samhlj. atkv.

41. Lögð fram tilkynning fræðslufulltrúa 18. þ.m., um að frú Ellen Björnsson muni taka að sér tannlækningar við Austurbæjarskólann nú í vetur.

42. Lögð fram umsókn Gísla Jónssonar, Arnarholti, um utanfararstyrk.

43. Lagt fram bréf bæjarverkfræðings, dags. 24. þ.m., um tilraunir hans til að fá menn í saltfiskvinnu í gær. Borgarstjóra falið að hafa samráð við samtök útgerðarmanna og verkamanna um málið.

44. Lagt fram bréf frá borgarstjóranum í Hull, með skipulagsskrá um ráðstöfun gjafar frá hérlendum útgerðarfélögum og bæjarfélögum á síðastl. ári, til bæjarstjórnarinnar í Hull.

45. Synjað beiðni frá Ástu Magnúsdóttur o.fl. um útmælingu húslóðar úr Grímsstaðatúni, vegna þess að skipulag hefir ekki verið samþykkt.

Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson.

Guðm. Ásbjörnsson. Sigfús Sigurhjartarson.

Jón Axel Pétursson. Gunnar Thoroddsen.

Jóhann Hafstein.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# B Æ J A R R Á Ð.

Ár 1946, föstudaginn 1. nóvbr., kl. 2 e.h., hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Bæjarráð neitar beiðni frá Ól. Valdimarssyni, Bjarn. 11, um heimild til að selja skúr, sem stendur á erfðafestulandinu Sogamýrarbletti XLI.

2. Samþ. að afturkalla heimild til bæjarverkfr. til að taka úr erfðafestu hluta af Sogamýri X, undir hús Sveins Jónssonar.

3. Leigjendur lóðanna nr. 36 við Laugateig, nr. 13 við Karfavog og nr. 170 við Langholtsveg afsala tilkalli til lóðanna.

4. Lagt fram bréf frá Helga Bergssyni, dags. 19. f.m., varðandi útvísun lóðarinnar nr. 2 við Sörlaskjól. Að fengnum upplýsingum bæjarverkfræðings telur bæjarráð ekki unnt að sinna erindinu.

5. Erindi Jakobs Guðjohnsen o.fl., varðandi skipulag á byggingarreit við Ægissíðu og Faxaskjól, vísað til skipulagsmanna til umsagnar.

6. Erindi frá Stefáni A. Pálssyni o.fl. um lóð undir verslunar- og samkomuhús við Hofteig og Laugateig, en til vara við Langholtsveg, vísað til skipulagsmanna til umsagnar.

7. Samþ. að gefa Jóhannesi Björnssyni kost á lóðinni nr. 3 við Nökkvavog, með byggingarfresti til 1. jan. næstk.

8. Erindi Hákonar Guðmundssonar, Túng. 5, um lóð undir íbúðarhús, vísað til skipulagsmanna til umsagnar.

9. Til leiðréttingar á bókun í fundargerð 18. oktbr. (9.lið), var samþ. að gefa byggingarsamvinnufél. starfsmanna ríkisstofnana kost á lóð á milli Miklubrautar og Stakkahlíðar, við Skaptahlíð. Byggingarfrestur til 1. jan. n.k.

10. Samþ. að afturkalla úthlutun þessara lóða, þar sem ekkert hefir verið aðhafst um framkvændir á lóðunum:
Mávahlíð 30, 32, 43, Barmahlíð 51, Flókagata 55, Bólstaðarhlíð 6, Laugateigur 12, 16, Karfavogur 17, 19, Nökkvavogur 5, 27, Langholtsvegur 150, 152, 162, 180, 204, 206, Skipasund 27, 55.

11. Samþ. að heimila Birni Björnssyni, Norðfirði, að kaupa hús af Óskari Sveinbjarnarsyni við ónefnda götu austan Laugarnesskirkju, með skilyrðum er getur í bréfi Guðl. Þorlákssonar 30. f.m.

12. Lagt fram bréf frá landbúnaðarráðuneytinu, dags. 24. f.m., með tilkynningu um mat á söluverði jarðarinnar Hólms og Hólmsheiðar, sem heimilað var að selja Reykjavíkurbæ með lögum nr. 70 4. júlí 1942, en matsmennirnir voru kvaddir til starfans 18. nóvbr. 1942.
Bæjarráð óskar þess, að yfirmat á söluverðinu verði látið fram fara.

13. Samþ. að löggilda eftirfarandi pípulagningameistara til að tengja við hitaveitukerfi bæjarins:

Ari Bogason, Klapp. 11
Gestur Hannesson, Njálsg. 8 C
Gísli Halldórsson, Karlag. 19
Grímur Bjarnason, Barón. 59
Hallbjörn Jónsson, - 25
Haraldur Eiríksson, Hjallav. 12
Haraldur Salómonsson, Lvg. 73
Helgi Guðmundsson, Hring. 81
Helgi Magnússon, Bank. 7
Jóhann Pálsson, Efst. 56
Jóhann Sigurgeirsson, Flókag. 9

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Jóhann Valdimarsson, Seljav. 3
Konstantín Eiríksson, Lvg. 27 A
Kristján Rögnvaldsson, Höfðab. 69
Lúther Salómonsson, Hlíðarv. 5
Loftur Bjarnason, Spít. 4 B.
Óskar Smith, Hringbr. 87
Peder Steffensen, Grett. 55
Richard Eiríksson, Samtún 4
Runólfur Jónsson, Bollag. 2
Sighvatur Einarsson, Garð. 45
Sigurður Guðmundsson, Barón. 18
Sigurður F. Jónasson, Ásv. 53
Sigurgeir Finnsson, Skólav. 33
Sigurjón Fjeldsted, Vegh. 1 A.
Sigvaldi J. Sveinbjörnsson, Lind. 49
Sigurður S. Karlsson, Víðimel 19
Sigurður Jóhannsson, Klapp. 27
Þórarinn Sigurgeirsson, Barón. 78
Þorbjörn G. Bjarnason, Eskihlíð C.

14. Samþ. að verða við beiðni Sæmundar Friðjónssonar í bréfi 18. f.m., um lagningu vatnsæðar að húsinu Gullteig 30.

15. Lögð fram umsögn hitaveitustjóra, dags. 25. f.m., um erindi bílstjórafélagsins Þróttar, um hitalögn að húsinu Rauðarárstíg 2. Samþ. að senda félaginu eftirrit umsagnarinnar.

16. Umsókn Lýsissamlags ísl. botnvörpunga um næturrafmagn til reksturs lýsisstöðvar að Kletti, vísað til rafmagnsstjóra til afgreiðslu á grundvelli umsagnar hans, dags. 23. f.m.

17. Lagt fram bréf hitaveitustjóra, dags. 30. f.m., varðandi kaup á sænskum timburhúsum. Ákveðið að fá nánari greinargerð um málið.

18. Lagt fram bréf landlæknis, dags. 23. f.m., varðandi byggingu hjúkrunarkvennaskólahúss við Miklatorg.
Bæjarráð lýsir því yfir, að það muni hraða afgreiðslu málsins, þegar er fullnægt verði skilyrðum í bréfi borgarstjóra 18. maí síðastl., og grein gerð fyrir útliti hússins. Hinsvegar bendir bæjarráð á, að það geti ekki, lögum samkv., bundið hendur byggingarnefndar um málið.

19. Borgarstjóri skýrði frá því, að nú vinni engir danskir garðyrkjumenn í Reykjahlíð.

20. Bréfi skólastjórans við Gagnfræðaskólann í Reykjavík í bréfi 22. f.m. um greiðslu bæjarhluta af kauphækkunum og verðlagsuppbót kennara við skólann, vísað til borgarstjóra til afgreiðslu.

21. Samþ. að biðja Stefán A. Pálsson að taka að sér forstöðu Vetrarhjálparinnar nú í vetur.

22. Fulltrúaráð verklýðsfélaganna sendir bréf Félags bifvélavirkja 23. f.m., um að Strætisvagnarnir taki nemendur í bifvélavirkjun í viðgerðarvinnustofu sína. Vísað til forstjórans til umsagnar.

23. Lagt fram bréf forstjóra Strætisvagnanna, dags. 23. f.m., um breytingar á strætisvagnaferðum um Fossvog.

24. Bréfi frá íbúum við Suðurlandsbraut um fjölgun strætisvagnaferða að Lögbergi, vísað til forstjórans til umsagnar.

25. Slökkviliðsstjóra heimilað að kaupa tæki til að hafa þráðlaust samband við bifreiðar slökkvistöðvarinnar, eftir tillögum í bréfi 28. f.m.

26. Erindi Árna Sig. Ásmundssonar, Bræðr. 24 A., um aðstoð til kaupa á fiskibát, vísað til útgerðarráðs til umsagnar.

27. Borgarstjóra heimilað að undirskrifa ábyrgðarskuldbindingu fyrir 470 þús. kr. láni hjá Stofnlánadeild sjávarútvegsins við Landsbankann, með 1. veðr. í v.s. "Vilborg" R.E. 34, eigendur Sigurður Þórðarson og Ísleifur Ólafsson, Vitastíg 20. Ábyrgðarloforð hefir áður verið samþykkt.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

28. Borgarstjóri skýrði frá viðtölum sínum við bankastjórn Landsbankans um fyrirgreiðslu við fyrirhugaðar lántökur til eimtúrbínustöðvarinnar við Elliðaár og til aukninga vatnsveitunnar. Ennfr. gaf hann yfirlit um fjárhag bæjarsjóðsins nú.

Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson.

Guðm. Ásbjörnsson. | Jón Axel Pétursson.

Gunnar Thoroddsen. | Sigfús Sigurhjartarson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

B Æ J A R R Á Ð.

Ár 1946, þriðjudaginn 5. nóvbr., kl. 11 f.h., hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

Lagt fram frv. borgarstjóra að samningi við firmað Höjgaard & Schultz A/S um endanleg reikningsskil vegna hitaveitu-framkvæmdanna.

Ennfremur var lögð fram skýrsla frá endurskoðendum hitaveitu-reikninganna, dags. 3. þ.m. Þá var og lögð fram greinargerð Valgeirs Björnssonar, hafnarstjóra, um verðmæti vörulagers hitaveitunnar í Kaupmannahöfn.

Samningsfrumvarpið um reikningsskilin var samþ. með 3 samhlj. atkv.

Jón A. Pétursson greiddi ekki atkv. með vísun til bókunar í bæjarstjórn 5. sept. s.l.

Sigfús Sigurhjartarson gerir svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

> "Þar sem ég tel að skort hafi eftirlit, af bæjarins hálfu, með framkvæmd verksins, og þar sem bærinn hefir ekki haft sérstakt bókhald vegna þessara fram-kvæmda, tel ég að grundvöll vanti til þess að gera sér grein fyrir, hvort samningsfrv. það, sem fyrir liggur, sé á réttum rökum reist, og greiði því ekki atkvæði".

Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson.

Guðm. Ásbjörnsson. Jón Axel Pétursson.

Gunnar Thoroddsen. Sigfús Sigurhjartarson.

Jóhann Hafstein.

Borgarstjórinn í Reykjavík

17. Erindi Sigurjóns Jóhannssonar, Laug. 161, um upphitun í hús hans, vísað til umsagnar hitaveitustjóra og rafmagnsstjóra.

18. Lögð fram umsögn hitaveitustjóra um erindi eigenda hússins Hringbraut 152, varðandi upphitun hússins.

19. Bæjarráð samþ. með 2:1 atkv., að eftirvinna skuli ekki unnin við lagningu vatnsveitunnar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

B Æ J A R R Á Ð.

Ár 1946, föstudaginn 8. nóv., kl. 2 e.h., hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Upplýst var, að lóð Byggingarsamvinnufélags starfsmanna ríkisstofnana er á milli Miklubrautar og Skaftahlíðar við Stakkahlíð, en hefir áður verið ranglega bókuð annarsstaðar.

2. Samþ. að framlengja til 1. jan. byggingarfrest á þessum lóðum: Langholtsv. 176, Karfavogur 27, Bólstaðahlíð 15, Hofteigur 20, Úthlíð 3, Granaskjól 13, Nökkvavogur 26, og til 1. mars 1947 á lóðunum nr. 27 - 45 við Drápuhlíð og nr. 55 við Flókagötu. Byggingarfrestur til 1. jan.: Bólstaðahlíð 13 og Nökkvavogur 37.

3. Erindi Byggingasamvinnufél. símamanna, um leigusamning um lóðir félagsins, var vísað til borgarritara til afgreiðslu.

4. Samkv. beiðni Guðlaugs Bjarnasonar var samþ. að gera leigusamning um lóðina Skipasund 4 við Elínu Guðlaugsdóttur, Lauftúni.

5. Bæjarráð samþykkir fyrir sitt leyti, að verslun megi hafa í húsinu Langholtsv. 99.

6. Lagt fram bréf skipulagsnefndar um fyrirhugaða skipulagsbreytingu á gatnamótum Laufásvegar og Skothúsvegar.

7. Lagt fram bréf Grænmetisverslunar ríkisins, þar sem neitað er um leigu á Markaðsskálanum fyrir mötuneyti.

8. Lagt fram bréf frá stúdentum, er búa í herbergjum þeim, er Reykjavíkurbær gaf Nýja Garði, þar sem þeir fara fram á, að bæjarsjóður leggi til húsgögn í herbergin.

9. Lögð fram skýrsla Gunnars Ólafssonar húsameistara um byggingu íbúðarhúsanna við Skúlagötu.

10. Lagt fram bréf félagsmálaráðuneytisins þar sem því er heitið, að bæjarsjóður skuli njóta hlunninda við byggingu íbúðarhúsanna við Skúlagötu samkv. III. kafla í lögum um opinbera aðstoð við byggingu íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum.

11. Samþ. að verða við beiðni skólastjóra Melaskólans um að hann fái sömu launakjör og skólarstjórarnir við hina barnaskólana.

12. Lögð fram skýrsla fræðslufulltrúa og garðyrkjuráðunauts um námskeið fyrir gæslukonur leikvalla.

13. Lagt fram bréf frá sjávarútvegsnefnd bæjarins varðandi greiðslu á byggingarkostnaði togaranna nýju.

14. Lagðir fram reikningar Gagnfræðaskóla Reykvíkinga 1/9 ´43 - 31/8 ´46.

15. Samkv. tillögu sjávarútvegsnefndar var synjað beiðni Árna Sigurðar Ásmundssonar, Bræðr. 24 A, um aðstoð til að kaupa 63 smálesta fiskibát.

16. Lagðar fram fundargerðir sjávarútvegsnefndar 29. okt., 31. okt. og 5. nóv.

17. Erindi Sigurjóns Jóhannssonar, Laug. 161, um upphitun í hús hans, vísað til umsagnar hitaveitustjóra og rafmagnsstjóra.

18. Lögð fram umsögn hitaveitustjóra um erindi eigenda hússins Hringbraut 152, varðandi upphitun hússins.

19. Bæjarráð samþ. með 2:1 atkv., að eftirvinna skuli ekki unnin við lagningu vatnsveitunnar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

20. Bæjarráð samþ. fyrir sitt leyti, að nemendur verði teknir á strætisvagnaverkstæðið.

21. Lagt fram bréf íbúa við Suðurlandsbraut um fjölgun strætisvagnaferða, ásamt umsögn forstjóra strætisvagnanna. - Bæjarráð vill ekki verða við erindinu.

22. Lögð fram umsögn rafmagnsstjóra um umsóknir um heimtaugar í byggingar í Baldurshagalandi. Málinu frestað.

23. Erindi Byggingarfél. Smiður h.f., um rafmagnsheimtaug í leigusvæði félagsins hjá Múla-camp, vísað til rafmagnsstjóra til afgreiðslu.

24. Synjað beiðni Hagerup Isaksen um rafmagnsheimtaug í sumarbústað í Vatnsendalandi.

25. Erindi Axels Einarssonar um rafmagnsheimtaug í Grænahvamm við Kringlumýrarveg, vísað til rafmagnsstjóra til afgreiðslu með 4:1 atkv.

26. Lögð fram og samþ. tillaga rafmagnsstjóra um ráðstafanir vegna spennulækkunar veturinn 1946 - 1947.

27. Erindi um byggingu spennistöðva á Seltjarnarnesi vísað til afgreiðslu rafmagnsstjóra með 3:2 atkv.

28. Rafmagnsstjóra var falið að gera tillögu að samningi við eiganda Bíldfells í Grafningi um sölu á rafmagni o.fl.

29. Lögð fram skýrsla rafmagnsstjóra um bifreiðahald við taugakerfi Rafmagnsveitunnar.

30. Lagt fram bréf rafmagnsstjóra um verkaskiptingu við gæslu taugakerfis Rafmagnsveitunnar.

31. Erindi Guðmundar Hjartarsonar lögregluþjóns, um greiðslu fyrir einkennisfatnað, vísað til borgarritara til afgreiðslu.

Fleira ekki gert. Fundi slitið.

Tómas Jónsson
borgarritari.

Guðm. Ásbjörnsson. Jón Axel Pétursson.

Jóhann Hafstein. Sigfús Sigurhjartarson.

Gunnar Thoroddsen.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

## B Æ J A R R Á Ð.

Ár 1946, föstudaginn 15. nóv., kl. 2 e.h., hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Samþ. þessi lóðaúthlutun með byggingarfresti til 1. marz:

| | | | |
|---|---|---|---|
| Jóhann Kr. Ólafsson, Hring. 32, | fái | Mávahlíð | 30 |
| Júlíus Jónsson, Hvg. 74, | - | - | 41 |
| Hannes Ágústsson, Njálsg. 8, og Jóh. Guðfinnsson, Höfðab. 19, | - | Drápuhlíð | 32 |
| Erlendur Ahrens, Skólastr. 5, | - | Bólstaðahl. | 6 |
| Ólafur H. Albertsson, Vest. 54 A, | - | - | 12 |
| Baldvina Halldórsd., Laug. 44, | - | Sigtún | 21 |
| Guðm. Guðmundsson, Laug. 46, | - | - | 23 |
| Magnús Sæmundsson, Grett. 83, | - | Efstasund | 90 |
| Gunnar Jóhannsson, Kár. 5, | - | Langholtsv. | 88 |
| Elliði Guðjónsson, Höfðab. 100, | - | - | 150 |
| Andrés Guðmundsson, Miðtúni 32, | - | - | 152 |
| Haraldur Jóhannsson, - 2, | - | - | 162 |
| Guðm. Jónsson, Bar. 55, | - | - | 180 |
| Sverrir Möller, Laugarnesv. 62, enda afsali hann sér Skipasundi 31 | - | - | 204, |
| Jón P. Ingibergsson, Mikl. 11, | - | - | 206 |
| Valgarður Magnússon, Ánanausti A, | - | Karfavog | 19 |
| Sigurjón Björnsson, Rán. 13, | - | - | 17 |
| Grétar Fells, Ing. 22, með því sérstaka skilyrði, að fallist verði á að byggja sænskt timburhús samkv. uppdrætti, er fylgdi umsókn. | - | - | 13, |
| Atli Halldórsson, Vest. 24, með því sérstaka skilyrði, að fallist verði á að byggja 140 ferm. sænskt timburhús á lóðinni. | - | Nökkvavog | 19, |
| Sig. Jón Guðmundsson, Lauf. 45, með því sérstaka skilyrði, að samþykkt verði að byggja finskt timburhús á lóðinni. | - | - | 27, |
| Gísli Magnússon og Óskar Gíslason með því sérstaka skilyrði, að fallist verði á að byggja sænskt timburhús á lóðinni skv. uppdrætti, er fylgdi umsókn. | - | Skipasund | 55, |

2. Synjað beiðni Hákonar Guðmundssonar, Túng. 5, um lóð undir einlyft timburhús.

3. Bæjarráð getur ekki orðið við beiðni fjögurra starfsmanna Rafmagnsveitunnar um lóðir undir einbýlishús við Faxaskjól.

4. Lögð fram beiðni Jóns S. Jónssonar, Aðalbóli, um lóð undir íbúðarhús í Skildinganeshólum. - Bæjarráð vill ekki verða við beiðninni.

5. Lagt fram bréf Ellen Sveinbjörnsdóttur um makaskipti á lóðum við Sauðagerði A.

6. Gunnlaugur B. Björnsson, Hringbr. 42, afsalar sér lóðinni Bólstaðahlíð 6.

7. Samkv. beiðni Odds Helgasonar, var samþ. að gera leigusamning um Laugateig 20 við Gunnlaug B. Björnsson, Hringbr. 42.

8. Bæjarráð samþ., að erfðafestulandið Þvottalaugabl. XXXII verði selt Sigurði P.J. Jakobssyni, Hrísat. 12.

9. Samþ. að leyfa Gunnari A. Péturssyni að setja niður íbúðarskúr, eftir nánari útvísun bæjarverkfræðings, enda taki hann skúrinn burtu fyrirvaralaust á sinn kostnað, þegar krafist verður.

10. Samþ. að leyfa Birni Ólafs að selja Guðbirni Ingvarssyni, Hring. 34, hálfa eignina Urðarbraut 3.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

11. Samþ. að leyfa Jóni Sigurðssyni, Baugsv. 13B, að láta standa fyrst um sinn tvo bragga í camp Baldur, enda taki hann þá burtu fyrirvaralaust þegar krafist verður og taki að sér allan kostnað við lögun á landinu.

12. Samþ. að leyfa Magnúsi Jónssyni að láta standa fyrst um sinn bragga við Grensásveg 26, enda taki hann braggann burtu fyrirvaralaust þegar krafist verður, og taki að sér allan kostnað við lögun á landinu.

13. Lagt fram bréf Sölunefndar setuliðseigna þar sem boðinn er forkaupsréttur að camp Tripoli. - Falið borgarstjóra til afgreiðslu.

14. Bæjarráð samþ. fyrir sitt leyti, að sölubúð megi hafa í húsinu nr. 102 við Langholtsveg.

15. Samþ. að verða við beiðni íbúa í Hringbraut 139 um að stigagangur hússins verði málaður og kostnaður greiddur úr viðhaldssjóði.

16. Samþ. að verða við beiðni Ketils Þórðarsonar um rafmagn til ljósa í sumarbústað á Selásbl. 2

17. Lagt fram bréf Eggerts Norðdal um rafmagnsheimtaug að Hólmi. - Bæjarráð samþ., að honum verði heimilað rafmagn til ljósa.

18. Lögð fram beiðni Guðjóns Jónssonar um leyfi til að setja kvist á húsið Grettisgötu 31. - Bæjarráð vísar málinu frá sér.

19. Lögð fram beiðni byggingarnefndar Neskirkju um næturrafmagn til upphitunar í kirkjunni. - Bæjarráð vill verða við erindinu.

20. Synjað beiðni þriggja íbúa í Mosfellssveit um rafmagnsheimtaugar að húsum þeirra.

21. Samþ. að verða við beiðni Jóns Kristmundssonar, Arnargötu 9, um rafmagnsheimtaug að húsi hans, enda verði upphitun með rafmagni ekki leyfð.

22. Samþ. að verða við beiðni Guðlaugs Stefánssonar, Langholtsv. 28, um rafmagnsheimtaug að sumarbústað hans við Breiðholtsveg, enda verði upphitun með rafmagni ekki leyfð.

23. Lögð fram greinargerð hitaveitustjóra um heitt vatn í verkamannabústaðina í Rauðarárholti og við Grenimel.

24. Lögð fram greinargerð hitaveitustjóra um launakjör þriggja starfsmanna hitaveitunnar, er fara fram á aldurshækkanir. Vísað til borgarstjóra til afgreiðslu.

25. Lagt fram bréf frá Starfsmannafélagi Reykjavíkur um yfirvinnu starfsmanna bæjarins.

26. Lögð fram skýrsla um mjólkurrannsóknir í október.

27. Lögð fram skýrsla skólastjóra Austurbæjarskólans um afnot af leikfimissal Austurbæjarskólans.

28. Lagt fram bréf frá séra Jóni Thorarensen, þar sem hann biðst undan að vera í sáttanefnd.

29. Beiðni frá skólastjóra Melaskólans, um 4000 kr. fjárveitingu til kaupa á lesbókum handa skólanum, vísað til borgarstjóra til afgreiðslu.

30. Bæjarráð samþykkir fyrir sitt leyti, að Tónlistafélagið noti Trípoli-leikhúsið til kvikmyndasýninga.

31. Lagt fram bréf frá Olympiunefnd Íslands um fjárveitingu til undirbúnings og þátttöku í olympiuleikum.

32. Synjað beiðni frá Guðmundi P. Kolka um ábyrgð á láni til kaupa á fiskiskipi í Svíþjóð.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

33. Lögð fram fundargerð sjávarútvegsnefndar frá 12. nóv.

34. Lagt fram bréf húsaleigunefndar um húsnæði Jóns Guðmundssonar, skála við Ægisgarð.

35. Lögð fram umsókn Kjartans Bjarnasonar lögregluþjóns um utanfararstyrk til lækninga.

36. Lögð fram skýrsla um starfsemi Ráðningarstofu Reykjavíkurbæjar í okt.

37. Lagt fram bréf allsherjarnefndar sameinaðs Alþingis þar sem óskað er umsagnar um tillögu til þingsályktunar um flugvellina í Reykjavík. - Borgarritara var falið að gera tillögu að svari.

38. Samþ. að verða við beiðni Sigmars Valdimarssonar, Þórshöfn, um leyfi til að kaupa íbúð.

39. Bæjarráð samþ., að veita Páli Stefánssyni frá Ásólfsstöðum leyfi til að kaupa húseignina Lækjargötu 3 í Smálöndum.

40. Lögð fram beiðni frá kvennadeild Slysavarnafélags Íslands um að fá Verkamannaskýlið til afnota fyrir hlutavelu. - Vísað til borgarstjóra til afgreiðslu.

41. Skýrt frá tilboði Nýbyggingarráðs um útvegun á nýju botnvörpuskipi frá Englandi, til afhendingar í júní - sept. 1948. Ákveðið að biðja um umsögn útgerðarráðs fyrir næsta bæjarstjórnarfund.

Fleira ekki gert. Fundi slitið.

Tómas Jónsson
borgarritari.

Guðm. Ásbjörnsson. Jóhann Hafstein.

Sigfús Sigurhjartsson. Auður Auðuns.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# B Æ J A R R Á Ð.

Ár 1946, föstudaginn 22. nóv., kl. 2 e.h., hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Samþ. að krefjast þess af Byggingafélaginu Árroða, að félagið skýri frá nöfnum þeirra manna, sem fá til byggingar hverja einstaka af lóðum þeim, sem félaginu hefir verið gefinn kostur á.

2. Alfreð Gíslason læknir afsalar sér lóðinni nr. 40 við Háteigsveg.

3. Samþ. að gefa Henrik Sv. Björnssyni, Sjafn. 4, og Gunnlaugi Péturssyni, Mávahl. 6, kost á lóðinni nr. 40 við Háteigsveg, með byggingarfresti til 1. marz.

4. Lagt fram bréf Sveins Jónssonar, Bergþ. 27, varðandi lóð undir bráðabirgðahús á Sogamýrarbl. X. Samþ. að bjóða honum leigulóð í Kleppsholti til þess að flytja húsið á.

5. Eftir beiðni Hjalta Þorvarðarsonar var samþ. að gera leigusamning um lóðina Nökkvavog 21 við Helga Þorláksson kennara.

6. Eftir beiðni Guðjóns Sigurðssonar, Reykjahl. 12, var samþ. að gera leigusamning um lóðina Hjallav. 33 við Jón Helga Sveinbjörnsson, Hverf. 49.

7. Eftir beiðni Ingólfs Guðmundssonar, Stórh. 31, var samþ. að gera leigusamning um lóðina Miklubraut 50 við Ásmund Guðmundsson, Lauf. 46, og Lúðvík Guðmundsson, Stórh. 31.

8. Samþ. að leyfa Guðm. Gíslasyni, Bráv. 50, að setja niður bílskúr til bráðabirgða, eftir nánari tilvísun bæjarverkfræðings, enda verði skúrinn tekinn burtu fyrirvaralaust, bæjarsjóði að kostnaðarlausu, þegar krafist verður.

9. Lögð fram umsókn Almenna Byggingafélagsins um lóðina Sætún 8, ásamt bréfi O.Johnson & Kaaber h.f. um framkvæmdir á lóðinni.

10. Lögð fram beiðni íbúa í Smálöndum um útiljós, vegalagningu, vatnsleiðslur o.fl.

11. Samþ. að ráða Inga Magnússon aðstoðarverkfræðing í skrifstofu bæjarverkfræðings frá 1. des. n.k.

12. Samþ. að gera leigusamning við Sigurð H. Guðmundsson, um lóð fyrir bátasmíðastöð við Elliðaárvog, til 25 ára, og skal ársleiga vera 4 aurar fyrir m$^2$ fyrstu 5 árin. Að öðru leyti skulu leiguskilmálar vera þeir sömu og um lóð h.f. Keilis.

13. Erindi Sólons Lárussonar, um skilyrði fyrir viðbyggingu á Bragagötu 31 B, vísað til byggingarnefndar.

14. Erindi Sveins Egilssonar um afnot af Gasstöðvarportinu, vísað til gasstöðvarstjóra til umsagnar.

15. Lagt fram bréf íbúa í Þingholtum um brunahættu í nágrenni við svokallað Olíuport við Amtmannsstíg. Samþ. að óska eftir ítarlegri skýrslu frá slökkviliðsstjóra um málið.

16. Lagt fram bréf frá Sverri Smith um boranir eftir heitu vatni við sumarbústað hans í Reykjahvolslandi. - Bæjarráð telur, að Reykjavíkurbær hafi öðlast eignarrétt að umræddum hitaréttindum og synjar erindinu. - Hitaveitustjóra og borgarritara falið að svara bréfinu að öðru leyti.

17. Lagt fram bréf hitaveitustjóra um kaup vökumanns í efnisgeymslu Vatns- og hitaveitunnar. - Vísað til hitaveitustjóra til afgreiðslu.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

18. Lagt fram bréf rafmagnsstjóra um byggingu spennistöðvar við Grandagarð. - Vísað til rafmagnsstjóra til afgreiðslu.

19. Synjað beiðni Matthíasar Jónssonar um rafmagnsheimtaug í hús hans í Blesugróf.

20. Lögð fram beiðni Oddgeirs Sveinssonar um rafmagnsheimtaug í skúr við Brú við Melaveg.

21. Synjað beiðni Björns Kristjánssonar um rafmagnsheimtaug í hermannaskála á Jaðarbletti II.

22. Synjað beiðni Reinh. Richter um rafmagnsheimtaug í baðhús á flugvellinum.

23. Erindi um tengingu Rafveitu Gerðahrepps við Reykjanesveituna vísað til rafmagnsstjóra til afgreiðslu.

24. Lögð fram og samþ. tillaga borgarritara að umsögn um þingsályktunartillögu um flugvellina í Reykjavík og Keflavík.

25. Lögð fram beiðni flugvallastjórnarinnar um leyfi til að hafa áætlunarbilferðir í förum milli Miðbæjarskólans og flugvallarins.

26. Lagt fram bréf lögreglustjóra, dags. 9. nóv., um aukavinnureikninga lögreglunnar við síðustu alþingiskosningar.

27. Lagt fram bréf sundhallarstjóra um kaup á þvottavélum. - Vísað til forstjóra Innkaupastofnunarinnar til umsagnar.

28. Lagt fram bréf klefa- og baðvarða í Sundhöllinni um hækkun á launum þeirra. Erindið fékk ekki stuðning.

29. Samþ. að auglýsa starf hjúkrunarkonu við Miðbæjarskólann.

30. Lögð fram umsókn Alexanders A. Guðmundssonar um meðmæli með veitingaleyfisbeiðni. - Vísað til bæjarstjórnar.

31. Samþ. að óska eftir tillögum Íþróttaráðs Reykjavíkur um úthlutun styrkja til íþróttafélaga í bænum.

32. Lagt fram bréf frá Hallgrími Finnssyni, Ásvallagötu 18, varðandi Skúlagötuhúsin.

33. Lögð fram fundargerð sjávarútvegsnefndar 16. nóv. - Bæjarráð samþykkir tillögu meiri hluta nefndarinnar í 2. lið.

34. Lögð fram fundargerð sömu nefndar 19. nóv., ásamt bréfi Nýbygg-ingarráðs varðandi tilboð um smíði á nýjum togara.

35. Synjað beiðni Marísar Kr. Arasonar um leyfi til að setja niður lausan söluskúr hjá Sjómannaskólanum.

---

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

36. Lögð fram tillaga Katrínar Pálsdóttur, um leikvelli o.fl., er vísað var til bæjarráðs á bæjarstjórnarfundi í gær. Jóhann Hafstein lagði fram svo hljóðandi tillögu: Tillögunni skal vísað til eftirfarandi aðila til umsagnar og greinargerðar varðandi einstaka liði hennar:

A. Upphafi tillögunnar og lið I vísað til umsagnar lögreglustjóra og umferðarráðs, og óskað greinargerðar þeirra varðandi þau atriði, er þessi hluti tillögunnar snertir.

B. Lið II, fyrstu málsgr. - "hefjast þegar handa með að gera leikvelli o.s.frv.", vísað til borgarstjóra til umsagnar um aðgerðir og fjárframlög í þessu skyni á yfirstandandi fjárhagsári.

C. Lið II a. vísað til bæjarverkfræðings til útreiknings á því, hversu marga leikvelli yrði um að ræða í bænum sankv. efni tillöguliðsins.

D. Lið II c. vísað til umsagnar bæjarverkfræðings varðandi framkvæmdamöguleika í sambandi við staðsetningu og staðhætti, enda komi til athugunar sú aðstaða, sem þegar er fyrir hendi.

Lögð sé áherzla á að umsagnir og skýrslur séu tilbúnar í tæka tíð til þess að taka málið á ný til meðferðar á næsta fundi bæjarráðs.

37. Borgarritara var falið að tala við innflutningsyfirvöld um innflutning á tilbúnum timburhúsum.

Fleira ekki gert. Fundi slitið.

Tómas Jónsson
borgarritari.

Guðm. Ásbjörnsson. Jón Axel Pétursson.

Jóhann Hafstein. Sigfús Sigurhjartarson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

B Æ J A R R Á Ð.

Ár 1946, föstudaginn 29. nóv., kl. 2 e.h., hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Lagt fram erindi frá íbúum í Fossvogi og Þóroddsstaðahverfi, dags. 26. nóv., um breytingar á strætisvagnaferðum. - Vísað til forstjóra strætisvagnanna til afgreiðslu.

2. Boðinn forkaupsréttur að erfðafestulandinu Bústaðabl. XII fyrir 40 þús. kr. Hafnað.

3. Samþ. þessi lóðaúthlutun með byggingarfresti til 1. marz 1947:
Byggingasamvinnufél. símamanna fái lóð undir fjölbýlishús milli Birkimels og Espimels, næst fyrir sunnan lóð þá, er félagið hefir áður fengið, með skilyrði.
Byggingasamvinnufél, rafvirkja fái Eskihlíð 13 og 15 með skilyrði vegna jarðstrengs.
Jón Bjarnason, Lvg. 2, fái Mávahlíð 41, sem Júlíus Jónsson afsalar sér.
Gunnar Sigurðsson, Fram. 12, fái lóð nr. 3 við ónefnda götu bakvið Laugarneskirkju.
Guðbjartur Stefánsson, Rvíkurv. 29, fái Langholtsv. 142, sem Bened. Stefánsson afsalar sér.
H.f. Akur afsalar sér lóðunum nr. 146, 148, 154, 156, 168 og 186 við Langholtsveg.

| | | | |
|---|---|---|---|
| Hanna Skagfjörð, Tún. 5, | fái Langholtsv. | | 146 |
| Einar Jónsson, Bollag. 2, | - | - | 148 |
| Haukur Sveinsson, Efstas. 53, | - | - | 154 |
| Ólafur P. Betúelsson, Týs. 4 c | - | - | 156 |
| Friðþjófur Thorsteinsson, Berg. 22, | - | - | 168 |
| Adolf Albertsson, Lind. 61, | - | - | 186. |

4. Lögð fram breiðni frá Byggingarsamvinnufélagi starfsmanna Háskólans um lóðir undir íbúðarhús. - Vísað til skipulagsmanna bæjarins til umsagnar.

5. Lagt fram bréf frá framkvæmdanefnd landbúnaðarsýningar um svæði fyrir sýninguna. - Vísað til bæjarverkfræðings til athugunar.

6. Samþ. að verða við beiðni h.f. Kirkjusands, um að lengja leyfistíma félagsins fyrir lóðinni Kirkjusandi eystri um 5 ár.

7. Synjað beiðni Sveins Egilssonar um afnot af Gasstöðvarportinu.

8. Lögð fram umsögn slökkviliðsstjóra um brunahættu af svonefndu Olíuporti í Þingholtum.

9. Lögð fram greinargerð frá skrifstofu bæjarverkfræðings um birgðageymslu Hins ísl. steinolíuhlutafélags.

10. Samþ. að birta aðvörun um, að ekki verði látið vatn eða rafmagn í þær byggingar, sem reistar eru í bæjarlandinu án leyfis, og að byggingarnar verði fjarlægðar svo fljótt sem við verður komið.

11. Samþ. að heimila borgarstjóra og bæjarverkfræðingi að selja eiganda Njálsgötu 34 lóðarræmu til viðbótar lóðinni.

12. Samþ. með 2 : 1 atkv. að heimila bæjarverkfræðingi að semja um að lagður verði sími í sand- og grjótnámið. Vísað til bæjarstjórnar.

13. Bæjarráð heimilar borgarstjóra að ráða mann til starfa í bæjarskrifstofunni, er sérstaklega hafi með höndum bókhald vegna verklegra framkvæmda.

14. Lagt fram bréf frá fræðslumálaskrifstofunni um byggingu sundlaugar við Miðbæjarskólann. - Vísað til skipulagsmanna bæjarins til umsagnar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

15. Samþ. tillaga rafmagnsstjóra um að veita Vilberg Guðmundssyni, Nýl. 26, löggildingu sem rafvirkja við lágspennuveitur.

16. Lagt fram bréf rafmagnsstjóra um launakjör skrifstofukvenna hjá Rafmagnsveitunni.

17. Erindi Benedikts Guðmundssonar, Njál. 83, um rafmagnsheimtaug í húsið Sjónarhól, á Sogamýrarbl. 4, vísað til rafmagnsstjóra til afgreiðslu, þó ekki fyrr en að lokinni mestu vetrarnotkun.

18. Lögð fram beiðni stjórnar Jaðars um lækkun á kostnaði við rafmagnsheimtaug, ásamt umsögn rafmagnsstjóra. Tillaga rafmagnsstjóra var samþ.

19. Synjað beiðni um rafmagnsheimtaug í skála á Jaðarsbletti 2.

20. Lögð fram beiðni frá Rafmagnseftirliti ríkisins um leyfi til að taka á leigu íbúð fyrir tvo norska verkfræðinga. - Bæjarráð vill ekki verða við erindinu.

21. Lagt fram bréf lögreglustjóra þar sem hann leggur til, að 9 ríkislögregluþjónar verði skipaðir bæjarlögregluþjónar frá 1. des. n.k.

22. Lagt fram bréf Rakarameistarafélags Reykjavíkur um breytingar á lokunartíma rakarastofa.

23. Borgarritara var falið að athuga nánar beiðni um ábyrgð bæjarsjóðs fyrir láni, er tryggt verður með 2. veðrétti í m.b. Vilborgu.

24. Lögð fram fundargerð sjávarútvegsnefndar frá 26. nóv.

25. Lögð fram fundargerð sömu nefndar frá 29. nóv.

26. Lagt fram bréf heilbrigðis- og félagsmálanefndar neðri deildar Alþingis, þar sem óskað er umsagnar um frv. til laga um dagheimili fyrir börn. - Borgarritara falið að gera tillögu að svari.

27. Lagt fram bréf Landsbanka Íslands, þar sem þess er óskað, að bæjarsjóður kaupi vaxtabréf stofnlánadeildar sjávarútvegsins. Falið borgarritara til athugunar.

28. Samþ. að heimila, að keyptar verði tvær nýjar þvottavélar í Bæjarþvottahúsið.

29. Lagt fram bréf frá h.f. Skipanaust, þar sem þess er óskað, að félaginu verði leigður lóðarhluti við Elliðaárvog, sem h.f. Keilir hefir gefið kost á að afhenda.

30. Lögð fram fyrirspurn Samvinnunötuneytisins um leyfi til byggingar á lóðinni Amtmannsstíg 4.

Fleira ekki gert. Fundi slitið.

Guðm. Ásbjörnsson.

Sigfús Sigurhjartarson. Auður Auðuns.

Gunnar Thoroddsen. Jón Axel Pétursson.

Tómas Jónsson
borgarritari.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# B Æ J A R R Á Ð.

Ár 1946, föstudaginn 6. des., kl. 2 e.h., hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Ágúst L. Jónsson, Njarð. 65, afsalar sér lóðinni Blönduhlíð 23.

2. Samþ. að gera leigusamning um lóðina Barmahlíð 31 við Tómas Jónsson, Laug. 32, og Jón Gunnar Tómasson, Sigtúni 53.

3. Synjað beiðni Eggjasölusamlagsins um lækkun á leigu fyrir skála í Fossvogi.

4. Beiðni frá bandaríska hernum um leigu á birgðaskemmu og 2 - 3 skálum í Fossvogi vísað til bæjarverkfræðings til afgreiðslu.

5. Lögð fram skýrsla byggingarfulltrúa um byggingar í Blesugróf.

6. Samþ. að ákveða gjald samkv. 1. tölul. 3. gr. l. nr. 44/1946 kr. 6.oo fyrir hvern íbúa.

7. Til að framkvæma athugun á rekstri sand- og grjótnáms voru tilnefndir Árni Snævarr verkfr. og Sigurður Jóhannsson verkfr., ásamt Árna Daníelssyni verkfr.

8. Erindi frá framkvæmdanefnd landbúnaðarsýningar um svæði fyrir sýninguna vísað til borgarstjóra og bæjarverkfræðings til afgreiðslu.

9. Lagt fram bréf frá menntaskólanefndinni um lóð undir menntaskóla. Bæjarráð vill styðja að því, að menntaskóla verði ætluð hæfileg lóð á Litluhlíð við Öskjuhlíð og vísar málinu til skipulagsmanna til athugunar.

10. Lagt fram bréf frá Landssambandi ísl. útvegsmanna um leigu á byggingu þeirri, sem bærinn er að láta reisa á gatnamótum Tryggvagötu og Ægisgötu.

11. Synjað kröfu íbúa í Hringbraut 145 um nýjan þvottapott í húsið.

12. Lagt fram bréf frá fræðslufulltrúa um kostnað við að taka nýjan brunn í Kumbravogi.

13. Samþ. að veita Ellert Árnasyni stöðvarstjóra við Ljósafossstöðina 6 mánaða frí frá störfum vegna vanheilsu.

14. Samþ. að greiða Jóhannesi Kolbeinssyni, starfsmanni Hitaveitunnar, laun samkv. 11. launaflokki.

15. Lagt fram bréf frá hitaveitustjóra um kaup á sænskum timburhúsum handa starfsmönnum Hitaveitunnar. - Bæjarráð heimilar að halda kaupunum áfram, að því tilskildu að fullnægjandi greinargerð fáist um verðhækkun.

16. Lagt fram bréf frá Nýbyggingarráði um yfirfærslu á kaupverði togaranna, sem keyptir eru í Englandi.

17. Lögð fram fundargerð sjávarútvegsnefndar frá 3. des.

18. Lögð fram skýrsla um starfsemi Vetrarhjálparinnar s.l. vetur.

19. Lögð fram umsögn lögreglustjóra um tillögur Katrínar Pálsdóttur frá bæjarstjórnarfundi 2. nóv., og ennfremur bréf umferðarráðs, dags. 27. nóv.

20. Jóhann Hafstein óskaði bókað:
Vegna afgreiðslu bæjarstjórnarinnar í gær á leikvallamálinu, sem er með þeim hætti, að bæjarbúar kynnu af henni að fá ranga hugmynd um raunverulega afstöðu bæjarstjórnarinnar, leyfi eg

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

mér að leggja fram í bæjarráðinu eftirfarandi tillögur:

1. Bæjarráð felur borgarstjóra og þeim starfsmönnum bæjarins, sem það mál varðar, að halda áfram leikvallagerð í bænum á sömu braut og verið hefir með það fyrir augum, að sem allra flest börn geti haft þeirra góð not.

2. Sérstaklega sé athugað að koma því við á þeim leikvöllum, sem ætluð eru smábörnum sumar og vetur, að þar séu upphituð skýli þar sem börnin geta leikið sér og hlýjað í misjöfnu veðri.

3. Bæjarverkfræðingur ljúki athugun sinni og umsögn um staðsetningu stórra leikvalla o.fl. fyrir fót- og handboltaleiki og sleða- og skautabrautir, er honum var falið að gera á fundi bæjarráðs þann 22. nóv. s.l.

Tillögurnar voru samþ. - Jón Axel Pétursson vísaði til bókunar sinnar á bæjarstjórnarfundi í gær.

21. Bæjarverkfræðingi var falið að athuga nánar, með hverjum hætti verði best fyrir komið símalínu að Grjót- og sandnáminu.

22. Útsvarsmál Db. H. Åberg.

Fleira ekki gert. Fundi slitið.

Guðm. Ásbjörnsson.

Gunnar Thoroddsen. Jóhann Hafstein.

Björn Bjarnason. Jón Axel Pétursson.

Tómas Jónsson
borgarritari.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

B Æ J A R R Á Ð.

Ár 1946, föstudaginn 13. des., kl. 2 e.h., hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Rætt um fyrirhuguð kaup á herskálahverfinu camp Knox og staðfestir bæjarráð ákvörðun bæjarráðsmanna í gær um að veita Valgeiri Björnssyni og Jóni A. Péturssyni umboð til þess f.h. bæjarsjóðs að gera tilboð í hverfið, bæði herskálana og alla tilheyrandi lausafjármuni.

2. Lagt fram bréf húsaleigunefndar, dags. 4. des., um bráðabirgðahúsnæði handa húsnæðislausu fólki.

3. Lögð fram beiðni frá Byggingarsamvinnufélagi póstmanna um lóðir undir íbúðarhús. Vísað til skipulagsmanna og lóðaúthlutunarmanna til athugunar.

4. Lagt fram bréf frá Ólafi Þórðarsyni, Finnbogahúsi, um útmælingu lóðar úr Arabletti. Vísað til skipulagsmanna til umsagnar.

5. Samþ. að gera leigusamning um Reynimel 28 við Harald og Grím Bjarnasyni og Jónas Guðmundsson.

6. Samþ. að framlengja til 1. marz byggingarfrest á lóðinni Sörlaskjól 90.

7. Einar B. Waage afsalar sér lóðinni Langholtsvegi 97.

8. Lögð fram lóðaumsókn frá Byggingarfélagi verkamanna. - Vísað til skipulagsmanna til umsagnar.

9. Synjað beiðni frá Sveini Jónssyni, Miðtúni 50, um land undir fuglahús í Blesugróf.

10. Lögð fram beiðni frá Birni Guðmundssyni, Klapp. 9, um land undir sumarbústað og til garðræktar.

11. Lagt fram bréf frá Birni Guðmundssyni, Þverholti 18 L, um lóðarréttindi með húsi hans.

12. Lögð fram beiðni frá Kristjáni Benediktssyni um leyfi til að byggja fjós, hænsnahús og bílskúr á Bústaðabletti III. Vísað til skipulagsmanna til umsagnar.

13. Lögð fram greinargerð Knud Zimsen fyrrv. borgarstjóra, um erfðafestulandið Steinsholtsblett.

14. Rætt um viðskipti við eiganda Brunnstígs 7 - vegna skipulagsmála. - Málið falið skipulagsmönnum til athugunar.

15. Synjað beiðni Gróu Sigurbjörnsdóttur um rafmagnsheimtaug í setuliðshús við Réttarholtsveg.

16. Synjað beiðni Verzlunarinnar Ás um rafmagnsheimtaug í skúr við Laugarnesveg og Kleppsveg.

17. Lagt fram bréf rafmagnsstjóra um breytingar á gjaldskrá Rafmagnsveitunnar.

18. Lagt fram bréf Laugardalsnefndar um framkvæmdir í Laugardalnum.

19. Lögð fram beiðni frá Jóni Veturliðasyni um að hann fái á leigu til veitingarekstrar húsnæði í byggingu bæjarsjóðs við Ægisgarð.

20. Lagt fram bréf frá Kristínu Jónsdóttur, Elliðavatni, þar sem hún segir upp starfi sínu frá 1. júlí. - Vísað til framfærslunefndar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

21. Samþ. að leyfa Júlíusi Rósenkranssyni að kaupa íbúð í Eskihlíð 12 B.

22. Lagt fram bréf frá Jakobi Sigurðssyni, Khöfn., þar sem hann tilkynnir, að hann hafi sent bænum jólatré að gjöf.

23. Lögð fram beiðni Verkakvennafélagsins Framsókn um 5000 kr. styrk til sjúkrasjóðs félagsins. - Vísað til fjárhagsáætlunar.

24. Lagður fram hæstaréttardómur í útsvarsmáli Stórstúku Íslands.

25. Lögð fram fundargerð sjávarútvegsnefndar frá 10. des.

26. Lögð fram beiðni Byggingarfélags starfsmanna Háskólans um lóðir undir einbýlishús. - Málinu frestað.

27. Samþ. að senda bréf lögreglustjóra, dags. 5. þ.m., varðandi umferðamál, til umsagnar bæjarverkfræðings, rafmagnsstjóra, forstjóra Strætisvagnanna og hafnarstjóra, til skjótrar umsagnar, að því er varða starfsgrein hvers þeirra, svo og til byggingarnefndar til meðferðar, að því leyti, sem henni við kemur.

28. Jón A. Pétursson óskaði eftir, að borgarritari gæfi bæjarstjórn á næsta fundi skýrslu um rekstur barnaheimila Rauða Krossins á s.l. sumri.

29. Lagðar fram umsóknir um hjúkrunarkonustöðu við Miðbæjarskólann ásamt umsögn skólanefndar. Málinu frestað.

Fleira ekki gert. Fundi slitið.

Guðm. Ásbjörnsson.

Sigfús Sigurhjartarson. Jón Axel Pétursson.

Gunnar Thoroddsen. Auður Auðuns.

Tómas Jónsson
borgarritari.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

## BÆJARRÁÐ.

Ár 1946, föstudaginn 20. desbr., kl. 2 e.h., hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Lagt fram bréf frá Fóður- og áburðarverksmiðjunni h.f., varðandi byggingu fiskimjölsverksmiðju við Köllunarklettsveg. Falið bæjarverkfræðingi til umsagnar, en jafnframt tekur bæjarráð fram, að það vill greiða fyrir umræddum framkvæmdum.

2. Samþ. að leyfa byggingu fjóss, hænsnahúss og bílskúrs á erfðafestulandinu Bústaðabletti III, skv. umsókn Kristjáns Benediktssonar, dags. 2. þ.m., enda verði byggingarnar teknar burtu, bæjarsjóði að kostnaðarlausu, þegar krafist verður.

3. Boðinn forkaupsréttur að erfðafestulandinu Laugamýrarbletti XXX fyrir kr. 15.000.-. Forkaupsrétti hafnað, en jafnframt bendir bæjarráð á, að það hefir nýlega synjað beiðni um byggingarleyfi á landinu.

4. Eftir beiðni Jens Vigfússonar var samþ. að gera samning um lóðina Sigtún 37 við Helga Hallgrímsson einan.

5. Lagðar fram umsóknir um iðnaðarlóðir frá Afgreiðslu smjörlíkisgerðanna og Sápugerðinni Frigg. Vísað til skipulagsmanna til umsagnar.

6. Lögð fram skýrsla um mjólkureftirlitið í Reykjavík í nóvbr.síðastl.

7. Lagður fram dómur hæstaréttar í útsvarsmáli Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna.

8. Lagt fram bréf frá áfengisvarnanefnd kvenfélaga í Reykjavík og Hafnarfirði, dags. 12. þ.m., með áskorun til bæjarstjórnar um aðgerðir í áfengisvarnamálum.

9. Lagt fram bréf frá Birni Björnssyni, hagfræðingi, dags. 14. þ.m., með álitsgerð hans 10. þ.m., um hagfræðilega rannsókn á afleiðingum áfengisnautnar. Samþ. að biðja hagfræðinginn að reyna að koma á samstarfi um skýrslugerðir, sem vikið er að í niðurlagi álitsgerðarinnar.

10. Lögð fram tilkynning um ályktun aðalfundar Bandalags kvenna í Reykjavík 29. f.m., um aukið matvælaeftirlit í bænum.

11. Lögð fram tilkynning um ályktun aðalfundar Bandalags kvenna í Reykjavík, 29. f.m., um aðgerðir til að bæta úr húsnæðisvandræðunum.

12. Lögð fram tilkynning um ályktun aðalfundar Bandalags kvenna í Reykjavík, 29. f.m., um íbúðarbyggingar af hálfu bæjarins.

13. Lögð fram tilkynning um ályktun á aðalfundi Bandalags kvenna í Reykjavík, 29. f.m., um stofnun leikvalla og dagheimila.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

14. Lögð fram tilkynning um ályktun á aðalfundi Bandalags kvenna í Reykjavík, 29. f.m., varðandi lokunartíma sölubúða.

15. Lögð fram fundargerð sjávarútvegsnefndar 17. þ.m. Bæjarráð samþykkir fyrir sitt leyti kaupin, sem í 1. lið segir.

16. Lagður fram dómur hæstaréttar 11. þ.m. í máli h.f. Hringbraut 56 gegn bæjarsjóði.

17. Lagðar fram athugasemdir endurskoðunarskrifstofu bæjarins um reikninga Vetrarhjálparinnar 1945 - '46.

18. Lagt fram bréf frá skólastjóra Iðnskólans, dags. 15. þ.m., með beiðni um, að bæjarsjóður ábyrgist, gagnvart Tryggingarstofnuninni að hálfu á móti ríkissjóði, þann halla sem stofnunin kann að verða fyrir, við það að leyfa skólastjóranum og tveimur föstum kennurum, að fá réttindi sem sjóðsfélagar í Lífeyrissjóði opinberra starfsmanna. Bæjarráð mælir með erindinu.

19. Samþ. að ráða Elínu Ágústsdóttur til starfa sem skólahjúkrunarkonu við Miðbæjarskólann með 3:1 atkv.

20. Rafmagnsstjóra heimilað að ráða Martin Frederikssen, Hringbr. 52, til vélgæzlustarfa. Bréfi rafmagnsstjóra 12. þ.m. að öðru leyti vísað til hans til meðferðar.

21. Synjað erindi frá oddvita Seltjarnarnesshrepps, um að Rafmagnsveitan taki að sér uppsetningu götuljóskerja í hreppnum.

22. Lagt fram bréf frá innheimtumönnum Rafmagnsveitunnar, varðandi launakjör þeirra. Samþ. að fá umsögn rafmagnsstjóra og stjórnar Starfsmannafélagsins.

23. Vegna bréfs rafmagnsstjóra, dags. 19. þ.m., um greiðslu fyrir yfirvinnu, samþ. bæjarráð að óska eftir greinargerð frá forstjórum stofnana um yfirvinnu á líðandi ári, og tillögum um greiðslu fyrir yfirvinnu til starfsmanna í 7. og hærri launaflokkum.

24. Synjað erindi frá "Sælkeranum" um rafmagn í setuliðshús á flugvellinum.

25. Bæjarráð synjar erindi frá Rannsóknarstofu háskólans um rafmagnshitun á Keldum nú á þessum vetri.

26. Lagt fram bréf rafmagnsstjóra, dags. 13. þ.m., varðandi byggingu spennistöðvar í samb. við rafmagnssölu í Þjóðleikhúsið. Falið rafmagnsstjóra til frekari athugunar.

27. Lagt fram frv. að stofnsamningi um h.f. Steypustöðin. Falið borgarritara og bæjarverkfræðingi til athugunar.

28. Lagt fram bréf frá rafmagnsstjóra, dags. 18. þ.m., varðandi hækkun á gjaldskrá Rafmagnsveitunnar.

Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson.

Guðm. Ásbjörnsson.
Jóhann Hafstein.

Gunnar Thoroddsen.
Jón Axel Pétursson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavikur